



Baendablaðið

17. tölublað 2024 • Fimmtudagur 26. september • Blað nr. 664 • 30 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Í nyrsta sveitarfélagi Strandasýslu, Árneshreppi, hefur mikið gengið á við smalamennsku eins og víða um landið undanfarnar vikur. Mesarétt, sem sést hér, er staðsett fyrir neðan fjallíð Urðartind. Þangað kom fé sem smalað var í Ófeigs- og Ingólfssjörðum um miðjan september. Kjósarrétt fór svo fram víku síðar, en þá var smalað í Reykjafirði og svo Naustvík. Féð eiga bændur frá bæjunum Melum 1, Melum 2, Árnesi 2 og Litlu-Árvík og kom það sællegt og vel heldið til byggða. Ingólfur Benediktsson, bóndi í Árnesi 2, leitar í hjörðinni.

Mynd / Delphine Briois



Kartöflugarðar á floti í Hornafirði.

Ógn við ræktarlönd

Bændur í Nesjum í Hornafirði óttast að veglagning um Hornafjarðarfljót muni verða varanleg ógn við ræktarlönd sín. Leiðin sem valin var, er talin hafa óhjákvæmilega veruleg neikvæð umhverfisáhrif.

- 20 -



Velferð kúa

Góð ending kúa þýðir ekki einungis að kúabúið verði betur rekið vegna aukinna afurða og lægri uppediskostnaðar kúa, heldur hefur það einnig góð áhrif á sótspor búsins að vera með hraustar og öflugar kýr.

- 36 -

Norðurland:

Bændur burfa að kaupa talsvert af heyi

Bú víða af Norðurlandi hafa þurft að leita eftir stuðningi hjá Bjargráðasjóði vegna kaltjóns í túnum. Góð uppskera á sumum svæðum í héraðinu gerir bændum sem lenti í vandræðum kleift að kaupa hey.

Sigurgeir B. Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar, segir að Bjargráðasjóði hafi borist umsóknir frá yfir 120 búum og fullyrðir hann að bændur leiti ekki eftir stuðningi nema tjónið sé verulegt. Kalblettir hafi sést víða og mikill munur sé á milli svæða hversu viðamiklar skemmdirnar voru. Svarfaðardalur og nokkrir bær í Hörgársveit hafi komið verst út á meðan inni í Eyjafjarðarsveit hafi verið feiknarleg uppskera.

Hann segir allt þetta ár búið að vera kalt og var hretið í fyrstu vikunni í júní það versta sem menn muna eftir. Rétt fyrir það hafi jarðvegur verið nánast klár í endurrækt, en þá var ljóst að tún væru kalin. Kuldatiðin seinkaði allri vinnu

og sums staðar ekki hægt að byrja fyrr en eftir 20. júní, sem sé mjög sérstakt og ekki síður afbrigðilegt en hið mikla kal.

Sigurgeir bætir við að júlí hafi verið ágætur og bjargað því sem bjargað var, en þar sem mikill raki var í jördinni spratt vel þegar hlýnaði, að því gefnu að túnin væru í lagi. Eithvað var um að bændur hefðu sáð grænfóðri sem gaf ekki nógum mikið af sér þar sem túnin voru ófær vegna bleytu. Víða á Norðurlandi hefur verið mikil uppskera og geta bændur selt öðrum búum sem vantar hey.

Í Svarfaðardal eru ýmsir búinir að festa kaup á talsverðu magni af gróffóðri og segir Sigurgeir það kost að þurfa ekki að sækja það um langan veg enda flutningurinn dýr. Hann reiknar þó með að sumir séu í þróngri stöðu eftir að hafa lagt út í mikinn kostnað í jarðvinnu og telur að það sé algengt að bændur þurfi að taka yfirdrátt fyrir aðkeyptu gróffóðri. Hluti af greiðslum til bænda

úr Bjargráðasjóði séu fyrst að berast núna og ekki megi gera ráð fyrir lokauppgjöri strax

Trausti Þórisson, bóndi á Höfsá í Svarfaðardal, tók tíu hektara af nýræktartúnnum til leigu í Reykjadal í Suður-Pingeyjarsýslu þegar hann sá fram á að geta ekki aflað nægra heyja vegna kaltjóns á sínum túnum. Hann félk verktaða til að sjá um heyskapinn fyrir sig, enda um hundrað kílómetra leið að fara. Trausti segir þetta ekkert ósvipað því og að kaupa hey, en með þessu hafi hann verið að tryggja sér fóður af bestu gæðum.

Í venjulegu ári þurfi hann 1.700 til 1.900 heyríllur yfir veturninn. Honum tókst að fá 1.200 rúllur af sínu ræktarlandi í Svarfaðardal í sumar, þar af var fjórðungur af þurrefnisrýru grænfóðri. Trausti hefur fengið 700 rúllur annars staðar að, þar af voru 90 af ræktarlandinu í Reykjadal og hinur fengnar víðs vegar um Eyjafjörðinn. Þau hey hafi öll verið af nýjum eða nýlegum túnum og hefur hann ekki áhyggjur af gæðunum

eða afurðatapi hjá kúnum. Hann gerir ráð fyrir að heyforðinn hjá sér og öðrum bændum í Svarfaðardal rétt svo dugi veturninn og það sé alltaf hægt að kaupa fóður. Spurningin sé bara hversu langt þurfi að fara.

Karl Ingi Atlason, bóndi á Höli í Svarfaðardal, segir að miðað við þær heybirgðir sem hann er með verði hann orðinn heylaus í lok júní á næsta ári og þá sé eins gott að hann geti verið byrjaður að heyja aftur. Hann er ekki enn þá búinn að ákveða hvort hann þurfi aðkeypt gróffóður þar sem hann gerir sér vonir um að brúa bilið með fyrningum frá því á síðasta ári.

Öll nýrri tún skemmdust í kali og segist Karl Ingi ekki eiga nóg af nýræktarheyi í mjólkurkýrnar. Hann sló eldri túnin sem voru heil eins snemma og hægt var til að gæði fóðursins yrðu sem best miðað við aðstæður.

/ál

- Nánar á síðu 6.

Kæra hótanir

Tveir einstaklingar hafa verið kærðir til löggreglu fyrir hótanir í garð eftirlitsmanns Matvælastofnunar (MAST).

Málin tvö eru óskyld atvik og áttu sér stað við eftirlit Á Suðurlandi fyrr á þessu ári, að því er fram kemur í tilkynningin frá MAST. Báðir einstaklingarnir eru búfjáreigendur.

Samkvæmt upplýsingum frá Hrönn Ólínú Jörundsdóttur, forstjóra MAST, er stofnunin skýr í viðbrögðum þegar mál af þessu tagi koma upp. Í almennum hegningarlögum segi að hver sá sem ræðst með hótunum um ofbeldi á opinberan starfsmann þegar hann



Hrönn Ólínú Jörundsdóttir.

er að gegna skyldustarfí sínu, eða út af því, skuli sæta refsingu.

Stofnunin taki það því mjög alvarlega ef slík tilfelli koma upp og þau séu umsvifalaust kærð til löggreglu.

Þetta sé ekki í fyrsta sinn sem stofnunin kærir búfjáreigendur vegna framkomu gagnvart eftirlitsmönnum en frá árinu 2020 hafa fimm slík mál komið upp.

/ghp



Uppskeran frá Neðri-Brekku verður eingöngu notuð í framleiðslu á hliðarafurðum.

Mynd / Aðsend

Dagur landbúnaðar á Suðurlandi

Bændasamtök og Samtök fyrirtækja í landbúnaði blása til málþings á degi landbúnaðarins föstudaginn 11. október.



Margrét Ágústa Sigurðardóttir.

„Í ár munum við beina sjónum okkar að vaxandi regluverki í kringum landbúnaðinn sem og fjárhagslegum áskorunum sem greinin hefur verið að glíma við. Það styttrist í gerð nýrra búvorusamninga og því mikilvægt að varpa ljósí á og taka samtalið um framtíðarregluverk greinarinnar,“ segir Margrét Ágústa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands. Málþingið fer fram á Hótel Selfossi frá kl. 9–12.

Dagur landbúnaðarins er nú haldinn í þriðja sinn en Margrét Ágústa segir viðburðinn vettvang þar sem fulltrúar landbúnaðarins, stjórnvalda og annarra hagaðila koma saman og ræða málin.

„Fjöldi fólks viða úr samféluginu mun taka þátt í málþinginu, hvort sem er með erindi eða í panelumræðum. Þessi viðburður hefur heppnast einkar vel undanfarin ár og við hlökkum til að taka á móti sem flestum og eiga góðar samræður nú sem áður.“

Dagskrá málþingsins verður auglýst nánar síðan en í tengslum við viðburðinn munu nokkrir bændur á Suðurlandi opna bú sín laugardaginn 12. október. Þann sama dag verður dagur sauðkindarinnar haldinn hátíðlegur í Rangárhollinni hjá Hellu og skógarbændur halda málþing á Laugum í Sælingsdal. /ghp

Tveir fjölónæmir

Árið 2023 voru níu Salmonella-stofnar úr stroksýnum við slátrun svína næmisprófaðir og reyndust sex þeirra ónæmir, þar af tveir fjölónæmir.

Út er komin skýrslan Sýklalyfjarnokkun og sýklalyfjanæmi baktería hjá mönnum og dýrum á Íslandi 2023. Þar kemur m.a. fram að níu stofnar úr jákvæðum stroksýnum, sem tekin voru samkvæmt landsáetlunum varnir og viðbrögð gegn Salmonella í svínum og afurðum þeirra í fyrra, voru næmisprófaðir.

Þegar bornar eru saman tölur yfir sýklalyfjanæmi baktería í dýrum og matvælum milli landa í Evrópu kemur í ljós að staðan er einna best á Íslandi. Heildarsala sýklalyfja fyrir dýr hér í landi árið 2023 dróst saman um 12% á milli áranna 2022 og 2023. Samkvæmt nýjustu skýrslu Lyfjastofnunar Evrópu er sala sýklalyfja fyrir dýr á Íslandi árið 2022 minnst í Evrópu í tonnum talið, eða 0,6 tonn.

/sá

Sex þeirra reyndust ónæmir, þar af tveir fjölónæmir.

Þegar bornar eru saman tölur yfir sýklalyfjanæmi baktería í dýrum og matvælum milli landa í Evrópu kemur í ljós að staðan er einna best á Íslandi. Heildarsala sýklalyfja fyrir dýr hér í landi árið 2023 dróst saman um 12% á milli áranna 2022 og 2023. Samkvæmt nýjustu skýrslu Lyfjastofnunar Evrópu er sala sýklalyfja fyrir dýr á Íslandi árið 2022 minnst í Evrópu í tonnum talið, eða 0,6 tonn.

Sex þeirra reyndust ónæmir, þar af tveir fjölónæmir.

Þegar bornar eru saman tölur yfir sýklalyfjanæmi baktería í dýrum og matvælum milli landa í Evrópu kemur í ljós að staðan er einna best á Íslandi. Heildarsala sýklalyfja fyrir dýr hér í landi árið 2023 dróst saman um 12% á milli áranna 2022 og 2023. Samkvæmt nýjustu skýrslu Lyfjastofnunar Evrópu er sala sýklalyfja fyrir dýr á Íslandi árið 2022 minnst í Evrópu í tonnum talið, eða 0,6 tonn.

Eftir að hafa rætt málin við Banana er niðurstaðan því sú að enginn hvítlaukur fer á markað að þessu sinni frá Neðri-Brekku.

Uppskerubrestur hjá hvítlausbændum



Pórunn Ólafsdóttir og Haraldur Guðjónsson í Neðri-Brekku.

Mynd / smh

„Við munum ekki vera með neinn hvítlauk til sölu í verslunum í haust vegna lélegrar uppskeru. Í staðinn verður hann allur nýttur í gerð hvítlaukssalts og þróun annarra hliðarafurða hjá Matís, en við fengum styrki úr Matvælasjóði til að vinna hliðarafurðir úr okkar hvítlauki. Við höfum þegar framleitt hvítlaukssalt, sem er löngu uppselt og var mjög vel heppnað, og ætlum nú í nóvember að framleiða meira af því auk annarra afurða. Við tökum þessa litlu uppskeru okkar núna og setjum allt í þá framleiðslu,“ segir Haraldur.

Stakka ræktarlandið

Þau Haraldur og Pórunn eru ekki af baki drottin þrátt fyrir áfallið í

/smh

sumar. „Við erum í raun að stækka ræktarlandið og erum að fá útsæði frá Suður-Frakklandi sem við heimsóttum í sumar.

Pannig að við ætlum að rækta á tveimur hekturum nána næsta árið en vorum með hálfan hektara undir nái síðast.

Við vorum að fá ný tæki sem við fengum styrk úr Uppbyggingsarsjóði til að kaupa, annars vegar til að sá hvítlaugsgeirum og hins vegar tæki til að brjóta hvítlaukinn upp og erum að prófa þau núna.“

Pau nota ræktunaraðferð sem kallast á ensku „cover crop“, en þá er sáð fyrir tilteknun fjölbreyttum þekjogróðri í beðunum eftir uppskerutímann til að vernda og auðga jarðveginn og er sá gróður nú vel sýnilegur.

Sjálfbær þróun

Meginmarkmið stefnunnar eru að efla og styðja íslenskan landbúnað og styrkja stoðir hans til framtíðar með sjálfbaða þróun að leiðarljósi.

Í tilkynningu matvælaráðuneytisins kemur fram að áætluninni sé ætlað að ná yfir þau verkefni landbúnaðarstefnunnar sem eru á forræði matvælaráðuneytisins og verða í forgangi á tímabilinu. Aðgerðirnar séu ekki settar fram í forgangsröðun heldur er uppröðun

aðgerðanna í samræmi við uppbryggingu landbúnaðarstefnunnar sjálfrar.

Tillögur að nýjum aðgerðum

Drög að áætluninni voru í opnu samráði frá 29. febrúar til 2. apríl á þessu ári og bárust alls 15 umsagnir. Þar komu fram tillögur að mörgum nýjum aðgerðum, meðal annars um hringrásarhagkerfið, merkingar matvæla og líffræðilega fjlölbreytni.

Í tilkynningunni kemur enn fremur fram að við gerð áætlunarinnar hafi verið lögð áhersla á að setja fram afmarkaðar og tímasettar aðgerðir með raunhæfri tímaætlun. /smh

Vinsælu
REDBACK SKÓRNIR
FÁSTÍLÍFLANDI


Leðurskór með teygju á hlið, einstaklega mjúkur og þægilegur sóli úr gelí.

Auðvelt að komast í og úr.

Fást einnig með stálta

LÍFLAND

Reykjavík | Akureyri | Borgarnes | Blönduós | Hvalsnes | Selfoss



NÝR TOYOTA LAND CRUISER 250

Land Cruiser 250 er flaggskip Toyota sem beðið hefur verið eftir með mikilli eftirvæntingu. Últlið er óður til fortíðar en undir kraftalegri yfirbyggingunni liggur ósigrandi torfærutæki, sannkallaður konungur jeppanna.

FORSALA ER HAFIN Á ÖLLUM GERÐUM



Verð frá: 15.990.000 kr.

TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



2018
UMHVERFISVERBLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRTIRTEKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvara við 7 ára ábyrgð. Ókutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfist viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Bírt með fyrirvara um villur.



Breytingar á lögum um velferð dýra og endurskoðun á lögum um dýraheilbrigði er á borði matvælaráðherra á yfirstandandi löggjafarþingi.

Mynd / smh

Dýravelferðarmál á borði matvælaráðherra

Pingmálastkrá ríkisstjórnarinnar fyrir 155. löggjafarþing 2024–2025 var lögð fram við upphaf þings. Af þeim 18 málum sem eru á borði matvælaráðherra varða fimm þeirra íslenskan landbúnað og bændur.

Í október er áætlað að leggja fram frumvarp til breytinga á jarðalögum, þar sem forkaupsréttur sameigenda verður meðal annars skýrður.

Brugðist við stjórnsýsluúttekt

Í sama mánuði verður frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra tekið fyrir. Í greinargerð fyrir frumvarpið kemur fram að þörf sé á endurskoðun ýmissa ákvæða laganna. Fyrir liggi meðal annars að nauðsynlegt sé að bregðast við stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á eftirliti Matvælastofnunar með velferð búsfjárl til að tryggja skilvirkni stjórnsýslu á málefnaðsviðinu.

Þá verður lögð fram pings-ályktunartillaga um stefnumótun á sviði dýravelferðar í októbermánuði. Í greinargerð fyrir hana segir að margt hafi áumnist frá setningu nágildandi laga um velferð dýra frá 2013. Tímabært sé þó að taka málaflokkinn til gagngrarr skoðunar, meðal annars í ljósi aukinnar vitundar og þekkingar á velferð dýra og samfélagslegra breytinga.

Slik stefnumótunarvinna sé vel til þess fallin að setja fram með skýrum hætti hvaða breytingum frá núverandi ástandi er mikilvægt að ná fram og hvernig, og öðlast með því skýra sýn til framtíðar.

/smh

Heildarendurskoðun á lögum um dýraheilbrigði

Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, er á áætlun í nóvember. Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar nauðsynlegar breytingar á lögum til þess að ná fram þeim markmiðum sem fram koma í nýri landsáætlun um riðuveikilaust Ísland árið 2044. Auk þess verða í frumvarpinu nauðsynlegar breytingar sem gera þarf í tengslum við varnir gegn öðrum smitsjúkdóum.

Þá er á áætlun fyrir febrúar á næsta ári að leggja fram þings-ályktunartíð og um stefnumótun á sviði dýrasjúkdóma, dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Fyrirhugað er að taka lög um heilbrigði dýra til heildarendurskoðunar og mun Sigurborg Daðadóttir, fráfarandi yfirdýralæknir, leiða þá vinnum. Í greinargerð segir að margt hafi breyst frá setningu laganna, bæði innanlands en einnig á alþjóðlegum vettvangi. Því sé brýnt að ná fram skýrri stefnu sem hafi beina tengingu við þá framtíðarsýn sem birtist í matvælastefnunni um að öll matvælaframleiðsla miði að heilbrigðu umhverfi, heilsu fólks og heilbrigði dýra – í anda Einnar heilsu-stefnunnar.

/smh

TILBOÐ MÁNAÐARINS*

AFSLÁTTUR AF STÖMPUM OG STEINUM

20%



* Tilboðið gildir til 31. október 2024 eða á meðan birgðir endast

FÓÐURBLANDAN

FB Reykjavík
Korngarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Hvolsvöllur
Dufþaksbraut 1
570 9850

www.fodur.is
fodur@fodur.is

Bændablaðið
www.bbl.is

Kornrækt:

Uppskeran misjöfn eftir landshlutum

– Þurrkstöðin í Eyjafirði tekur til starfa



Á Flatey á Mýrum í Hornafirði var ræktað bygg á um 140 til 150 hekturum.

Mynd / Flateyjarbúið

Kappblaup við álfntina

Birgir Freyr Ragnarsson er bústjóri á kúa- og kornræktarbýlinu Flatey á Mýrum í Hornafirði, þar sem ný kornþurkstöð var tekin í gagnið fyrir um ári síðan, sem getur afkastað um 60–70 tonnum af þurru byggi á sólarhring. „Það gengur bara vel, erum hálfnuð með þreskingu og verið bara finnsta uppskeru. Reyndar erum við í hálfgerðu kappblaupi við álfntina og erum með bara fastan starfsmann í að reyna að halda henni frá.“

Þetta svo sem leit ekki vel út framan af, enda var bæði þurrt og kalt. Svo rigndi mjög mikil efstir verslunarmannahelgi, en svo varð þetta eiginlega miklu betra en maður þorði að vona og kornið þroskaðist snemma. Við byrjuðum að þreskja 10. september og rakinn þá 25 prósent, sem verður að teljast mjög fint svo snemma í september. Við náðum líka að sá snemma, að sumardaginn fyrsta, 25. apríl.“

Stórt kornsíló

Birgir segir að um 140 til 150 hektarar séu undir byggræktuninni, sem sé svipað og í fyrra, og svo sé aðeins verið að prófa hveitiræktun. Mest sé af íslensku yrkjunum kriú og smyrli. Þau séu fyrr til og mjög stöðug. Hann vonast til að fá um 4–500 tonna bygguppskeru, sem sé svipað og í fyrra.

Svoltíð af uppskerunni er notað á kúabúinu, en svo kaupir Fóðurblandan líka talsvert beint en hún er annar tveggja eigenda Flateyjarbúins, ásamt Skinney-Pinganesi. „Við byggðum stórt kornsíló nána síðsumars og því er komin hér mjög góð aðstaða, enda vonumst við til að hér muni með

tíð og tíma verða gott félagsstarf kornbænda sem starfi saman í kornsamlagi. Hér eru enda mjög góðar náttúrulegar aðstæður til að byggja upp öfluga kornrækt,“ segir Birgir.

Um 100 tonna afkastageta

„Við erum að klára uppsetningu á stöðinni núna í vikunni, en það má ekki seinna vera því kornið hér er allt löngu orðið tilbúið,“ segir Hermann Ingi Gunnarsson, kúa- og kornbóndi í Klauf, sem er í hópi nokkurra kornbænda sem standa saman að því að reisa kornþurkstöð inni í Eyjafirði. „Við bindum vonir við að geta farið að þurra korn fyrir lok vikunnar.“

Ð sögn Hermanns er von á vinnuhópi til landsins í vikunni til að klára uppsetninguna, afkastageta stöðvarinnar verður um 100 tonn á sólarhring af þurru korni. „Við bíðum núna bara spenntir eftir að geta farið að þurra. Kornið lítur mjög vel út, tíðin var góð hér inni í Eyjafirðinum – júlí alveg frábær til dæmis. En auðvitað var sáð mjög seit og hér utarlega í Eyjafirðinum verður varla nein uppskeru að ráði hjá þeim sem ekki gátu sáð fyr en í júní. Annað sem komst niður á skikkanlegum tíma lítur vel út.“

Ég bjóst nú ekki við miklu í byrjun júní þegar kornið var undir svona 15 sentimetrum af snjó. Ef það kemur ekki eiththað hret nána áður en við byrjum að þreskja, þá verður þetta bara flott,“ segir Hermann, sem er með um 30 hektara undir byggræktun. Hann segist eingöngu nota smyril númera fyrir enda beri hann höfuð og herðar yfir önnur yrki, hvað varðar þroska og stöðugleika.

/smh



Nýja kornþurkstöðin sem rís nú í Eyjafirði.

Mynd / Hermann Ingi



Rafmagnsbilar

ZERO EMISSION

CHEVROLET SILVERADO RST



VERÐ 20.890.000.- M/VSK

- NÝR BÍLL
- 100% RAFMAGN
- 754 HESTÖFL
- 660 KM RAUNDRÆGNI
- 3500 KG DRÁTTARGETA

FORD F150 LIGHTNING



NOKKRAR TÝPUR Í BOÐI

SR - 98KWH

ER - 131 KWH

- XLT SR - 8.990.000.-
- XLT ER - 10.590.000.-
- LARIAT SR - 10.990.000.-
- LARIAT ER - 12.490.000.-
- PLATINUM - 14.490.000.-

ÖLL VERÐ M/VSK

GRAND CHEROKEE OVERLAND



VERÐ 8.990.000.-

- PANORAMA PAK
- TENGILTVINN
- LEÐURSÆTI MEÐ MINNI
- KRÓKUR
- DRÁTTARGETA 2700KG

VOLVO XC90 T8 ULTIMATE



VERÐ 14.490.000.-

- SÝNINGARBÍLL EKINN 9.Þ
- TENGILTVINN
- 455 HESTÖFL
- 60KM Á RAFHLÖÐU
- BOWERS & WILKINS
- KRÓKUR
- PANORAMA PAK

Bændablaðið

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
 Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is

Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855

Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Að vernda landbúnaðarland

Margir tengja Hornafjörð við kartöflur enda eru þar mikil og góð ræktarsvæði sem hafa gefið af sér pessa afbragðsfæðu í næra heila öld.

„Peir voru að reyna að ná í ferðamennina – fá þá næra sér – en við sjáum það núna að þessi vegur er bara stórtjón fyrir byggðarlagið og vistkerfið. Við gáfum aldrei samþykki fyrir þessara leið og því voru löndin okkar tekin eignarnámi sem leggja á veginn um,“ segir Hjalti Egilsson, kartöfluræktandi í Hornafirði. Hann er einn peirra bænda sem nýlega varð fyrir vatnstjóni á ræktarlandi sínu sem rekja má beint til veglagningar.

Framkvæmdir í Hornafirði eiga sér stað við hringveginn en þær fela meðal annars í sér lagningu 19 km langs vegar og byggingu fjögurra tvíbreiðra brúa. Veglagningin hindrar náttúrulegt útfall Laxár og Hoffellsárl til sjávar. Í miklum rigningum á dögumnum leiddi sú stífla til þess að kartöfluakrar fóru á kaf og skemmuð uppskeruna.

Endanleg áhrif þessara tilteknu flóða eru ekki komin í ljós en Sveinn Rúnar Ragnarsson, bóndi í Akurnesi, segir að langtímaáhrifin séu alvarleg, því nú séu svæði sem hingað til hafa verið örugg til ræktunar orðin áhættusamari til akuryrkju.

Í fréttaskýringu þessa tölublaðs er það rakið hvernig bæjarstjórn Hornafjarðar tók þá afstöðu að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir leið sem sýnt þótti í matsskýrslum að hefði óhákvæmilega verulega neikvað umhverfisáhrif. Bændur lýsa því jafnframt hvernig ekki hafi verið tekið nægjanlegt tillit til áhrifa veglagningar á ræktarlöndin til dæmis með því að miða við nokkuð hæpnar forsendar fyrir flóðalskani.

Samkvæmt lögum ber sveitarfélögum skylda til að setja fram skipulagsáætlani þar sem landbúnaðarland er skilgreint og verndað. „Þetta gerir sveitarfélögum kleift að skipuleggja nýtingu lands til landbúnaðar með það að markmiði að tryggja að landbúnaðarland fari ekki undir aðra starfsemi nema brýna nauðsyn beri til,“ segir Katrín Pétursdóttir, lögfræðingur Bændasamtaka Íslands, í grein sinni „Vernd landbúnaðarlands“ sem birtist í síðasta tölublaði Bændablaðsins. Það slíka lausung í stjórnsýslu má ætla að ekki sé mikill metnaður lagður í að uppfylla skyldur um vernd þess lands eða er nýtanlegt til landbúnaðar skuli vera það áfram.

Prátt fyrir að bera þá skyldu að skilgreina og vernda landbúnaðarland hafa fæst sveitarfélög landsins ráðist í það að flokka landbúnaðarland eftir leiðbeiningum, samkvæmt Katrínu. Í fyrra sendi hún fyrirspurn til allra sveitarfélaga og var niðurstaðan sú að aðeins tíu af 63 sveitarfélögum höfðu farið í þá vinnu. Með slíka lausung í stjórnsýslu má ætla að ekki sé mikill metnaður lagður í að uppfylla skyldur um vernd þess lands sem nýta ber í matvælaræktun.

Ekki er hægt að lesa það úr ferli leyfisveitinga vegna veglagningar í Hornafirði að hugað hafi verið sérstaklega að vernd kartöfluræktarlands sveitarfélagsins. Ræktarlönd þessi eru einstaklega dýrmæt enda hefur svæðið þá sérstöðu að vera myglufrítt svæði og því er hægt að rækta þar sjúkdómafrítt útsæði. Það hlýtur að vera verndarinnar virði.

Guðrún Hulda Pálsdóttir ritstjóri.



Á flestum stöðum á landinu hafa bændur lent í vandræðum vegna rysjótrar tíðar. Prátt fyrir áskoranir hefur uppskeru gróffóðurs víða verið góð.

Mynd / Úr safni Bændablaðsins

Sumarið sem aldrei kom

– Heyskapur víða strembinn út af kulda- og vætutíð

Vantar enn þá hey

Guðrún Marinósdóttir, bóndi á Búrfelli í Svarfaðardal, segir að þá vanti enn þá hey. Nærri sjötíð prósent af túnunum sem þau slá hafi kalið og enduræktuðu þau tæpa 40 hektara sem spruttu því miður illa út af bleytu. Fyrsti sláttur byrjaði í kringum 15. júlí sem sé mjög seint og sláttur á grænföðri og há hafi klárást í fyrstu vikunni í september.

Á Búrfelli eru bæði kindur og kýr sem þuri samtals 1.400 rúllur í vetrur. Uppskera sumarsins var í kringum 800 rúllur og hafa þegar verið keyptar um 400. Guðrún er bjartsýn á að það takist að skaffa þær 200 rúllur sem upp á vantar. Það sem mest allur heyforðinn er af gömlum túnum vanti þau nýræktarhey fyrir mjólkurkýrnar. Að öðru leyti sé uppskeran ásættanleg og allt hey í harðindum.

Alda Jónsdóttir, bóndi á Presthólum í Núpasveit, segir þetta sumarið sem aldrei kom, en tíðin var blaut og það kalt að snjór hafi sést í fjöllum í hverjun manuði. Í byrjun júlí voru nokkrir góðir dagar þar sem mörugum tókst að heyja mikið. Eftir það hafi allir dagar verið blautir og ekki verið annað hægt en að pakka heyinu róku.

Eins og sumrin '79 og '83

Jóhannes Eyberg Ragnarsson, bóndi á Hraunhálsi í Helgafellssveit, segir vætutíð og kulda hafa spilt fyrir heyskap. Í byrjun júlí hafi komið nokkrir þurrir dagar, en þá hafi grasið verið lítið sprottið. Eftir það hafi ekki verið nema tólf tíma samfelldur þurrkur þangað til að stytta upp eftir verslunarmannahelgi, en þá hafi grasið verið farið að skrifða. Síðasta vikan í ágúst var nokkuð hagstað og var hægt að ná miklu heyi, þó gæðin hafi ekki verið mikil. Jóhannes vill líkja tíðarfarinu við sumrin 1979 og 1983.

Jóhanna R. Kristjánssdóttir, bóndi á Svansvík í Ísafjardardjúpi, segir að það hafi aldrei komið vor og ekkert sumar, en nú sé komið haust. Hún er þakklát fyrir rúllutækna, sem gefur færri á að pakka heyinu án þess að ná fullum þurki, og fullyrðir að ekki væri komin tugga í hús ef það þyrfti að setja heyið þurrat í hlöðu.

Slátturinn hófst 20. júlí og kláraðist 20. ágúst, en yfirleitt taki hann ekki nema tvær vikur. Túnin voru slegin einu sinni, en Jóhanna segir það heyra til undantekninga ef það er slegin há. Prátt fyrir vætutíð séu heyin góð, en Jóhanna sendi sýni í heyfnagreiningu sem hafi gefið góðar niðurstöður. Heyforðinn sé jafnframtað nægur til að duga allan veturinn.

Áðalbjörg Bjarnadóttir, bóndi á Kálfafelli í Suðursveit, segir að sumarið hafi verið kalt og þurr og því hafi túni sprottið hægt. Heyskapur hófst í byrjun júlí, en yfirleitt sé farið af stað í kringum 17. júní. Þau slá einu sinni og kláruðu síðasta túnið um miðjan ágúst. Það sé tveimur vikum síðar en vanalega, en hún tekur fram að tíðarfarinu sé ekki alfarið um að kenna, heldur hafi vinnan tafist að hluta vegna barneigna. Áðalbjörg telur að uppskeran dugi fyrir veturinn, þó hún sé ekki bjartsýn að gæðin séu nema rétt í meðallagi.

Örn Karlsson, bóndi á Sandhóli í Meðallandi, segir sumarið hafa einkennst af miklum rigningum. Heyskapur hafi gengið vel í hans tilfelli, en hjá sumum hafi hluti uppskerunnar hrakist. Fyrri sláttur hófst í byrjun júní og var seinni sláttu lokið í júlí. Tímasetningar og uppskerumagn voru eins og í meðalári, en Örn á enn eftir að senda sýni í heyfnagreiningu til að leggja mat á gæðin.

Allir góðu dagarnir í heyskap

Áðalbjörg Rún Ásgeirs dóttir, bóndi á Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum, segir að tíðin hafi verið rysjótt. Heyskapurinn hafi samt sem áður gengið vel af því að þau slá alltaf þrisvar og eru því ekki eins bundin af því að ná mestu uppskerunni í hvert skipti. Það hafi ekki gefist færri á að liggja í sólbaði í sumar þar sem allir góðu dagarnir fóru í heyskap, segir Áðalbjörg glettin. Fyrsti sláttur hófst 9. júní, annar sláttur 7. júlí og kláraðist sá þriðji þann 25. júlí og er hún ánægð með gæði uppskerunnar. Það sem var óvenjulegt í í sumar var hversu seint þau hófu fyrsta sláttinn.

Axel Páll Einarsson, bóndi á Syðri-Gróf í Flóá, segist hafa verið harðor á því að nýta alla burrkdaga til heyskapar í júni. Heyskapurinn kláraðist því í þeim mánuði, sem er fyrir en vanalega, og sluppu þau við rigningarnar í júlí.

Seinni slátturinn var tekinn í byrjun ágúst og gáfu túni misvel eftir aldri. Nýja heyið hefur gefið góða raun í fjósínu og er uppskerumagnið meira en í fyrra.

/ál



Pantaðu á
bustolpi.is

Hágæða steinefna-
blöndur í miklu úrvali

Heilbrigð dýr - Allra hagur

BÚSTÓLPI



Einar Ásgeir Sæmundsen, þjóðgarðsvörður á Pingvöllum og Tungnaraði, var kátur í Tungnaréttum (t.h.), hér með vini sínum Magnúsi Kristinssyni í Austurhlíð í Biskupstungum.



Systurnar Hanna og Gréta Ingimundardætur mættu í Hrunaréttir og mynduðu fallegt fé og fólk. Þær eru fæddar og uppaldar í Önundarfirði en búa í Hafnarfirði.

Auðunn Sæland mætti í Tungnaréttir í skyrtu og með bindi, svo ekki sé minnst á lopapeysuna og dró þannig á fullu í dilka.




Skeggjaðir feðgar frá Kanada í Hrunaréttum en þetta eru þeir Randy Bennett, 76 ára, og sonur hans Dwayne Bennett, 55 ára. Feðgarnir voru með hjónunum Esther Guðjónsdóttur og Jóhanni B. Kormákssyni á Sólheimum í réttum. Þetta voru fyrstu réttir þeirra feðga og fannst þeim það meiri háttar skemmtileg upplifun.



Kristján Ketilsson létt sig ekki muna um að draga í Hrunaréttum með sigarettuna í munnum. Hann tengist bænum Kaldbaki.

Mannlíf í réttum

Réttir eru mannfögnudur og annáluð lopapeysupartí. Magnús Hlynur Hreiðarsson, farandblaðamaður Bændablaðsins, skelsti sér í Hrunarétt, Tungnarétt, Skaftholtsrétt og Grafningsrétt á Suðurlandi og fangaði litríkt mannlíf þeirra af sinni alkunnu snilld.



Rebekka Öxndal frá Auðsholti mætti í sínu finasta þússi í Hrunaréttir með hatt á höfði, sógleraugu og í fallegu lopapeysunni sinni.



Bessir vösku sveinar mættu í Skaftholtsréttir kátil og hressir en þeir eiga það allir sameiginlegt að vera „gamlar“ körfuboltahetjur og hafa spilað í úrvalseild með íslenskum líðum. Fv. Valdimar Guðlaugsson, Garðar Sværissson, Þorsteinn Hallgrímsson og Sigurjón Ingvarsson. Sigurjón og Valdimar spiluðu með Ármanni og Garðar og Þorsteinn með ÍR.



Guðný Rósá frá Tjörn í Bláskógbabyggð mætti í Tungnaréttir með þessa glæsilega húfu en hornin á húfunni vöktu mikla athygli.



Þorsteinn Loftsson, sauðfjárþóndi í Haukholtum í Hrunamannahreppi, hafti meira en nóg að gera við að draga í Hrunaréttum enda eru um 600 fjár á bænum. Með honum á myndinni er Hrafnhildur Atladóttir, framtíðarsauðfjárþóndi frá bænum Hrafnkelsstöðum í sömu sveit.



Guðbjörg Guðjónsdóttir, sem býr á Selfossi, létt sig ekki vanta í Hrunaréttir og dró féð i dilka eins og enginn væri morgundagurinn.



Bessi ungi maður var með tvær í takinu í Tungnaréttum og fór létt með það.



Það er alltaf sungið mikið í Tungnaréttum og þá er pelin ekki langt frá. Tveir af ráðherrum ríkisstjórnarinnar mættu m.a. í réttirnar, þær Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir og Guðrún Hafsteinsdóttir.



Sævar Bjarnhéðinsson, sauðfjárþóndi í Arnarholti, við störf í Tungnaréttum.



Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir, fjallkóngur Tungnamanna, var mjög ánægð með lömbin og sagði þau væn og falleg. Um fjölgur þúsund fjár voru í réttunum og annað eins af fólk.

Vísnahornið

Þeir áttu að koma fram saman, Flosi Ólafs og Halldór Blöndal, á hagryðingamóti.

Halldór var samgöngurádherra og bauðst til að keyra Flosa. Var ekki viss um að rata og hringdi til að fá leiðsögn. **Sigfús Jónsson**, bónið í Skruð og granní Flosa, orti:

Á velbúnunum jeppa í villu og neyð um vegina blauta og hála. Ratandi alls ekki réttustu leið, er ráðherra samgöngumála.

Mikið uppáhald hafði Flosi á þessari vísu sem Sigfús orti:

Eitt er víst að Flosa finnst feikilega gaman. Að gera sem allra, allra minnst alveg dögum saman.

Alþekkt er að margir vilja yrkja. **Sr. Hjálmar Jónsson** þingmaður, prestur o.fl. orti um flokksbróður:

Árna Johnsen þekkir þjóð og þolir af honum hrekki. Gjarnan vill hann gera ljóð, en getur það bara ekki.

Ef ég man rétt er séra Hjámar kominn út af **Bólu-Hjálmar**, en sá orti eitt sinn þegar hann kom til kirkju og sá hvar vallgangur lá beggja vegna sáluhliðs:

Vel er alin herrans hjörð, hérna liggur bevísið. Sómír mjög að sauðaspörð sjáist kringum fjárhúsið.

Bólu-Hjálmar mun hafa fylgt **Sigurði Breiðfjörð** til vaðs á Hrútafjarðará, Sigurður mun hafa kvatt með kunnri vísu.

Sú er bónin eftir ein. Ei skal henni leyna. Ofan yfir Breiðfjörðs bein, breiddu stöku eina.

Ekki stóð á svari Hjálmars:

Ef ég stand á eyri vaðs ofar fjörs á línu, Skal ég kögglum kaplataðs kasta að leidi þínu.

Stephan G. Stephansson orti um haust:

Úti er falleg yndissýn enginn galli er spilli. Dalurinn allur opinn skýn, ár og fjalla milli.

Andrés Valberg orti um æviveg:

Eg hef róið ýmsum hjá, ís og smjóa gengið, lífsins sjóum söltum á sigg í lófa fengið.

Bjarni Jónson frá Gröf Víðidal gaf Hrútafirði þessa einkunn:

Allir grútar okkar lands, eru í Hrútafirði. Svo er útlit ekki hans eldhúsklúta virði.

Einar í Bólstaðahlíð kynnti sig af hógværð á hagryðingamóti:

Á meðan gyllir sólin sund og sérhvern tindinn skryðir. Húnvetnuk er sú höfðingislund sem helstu kappa prýðir.

Umsjón: Magnús Halldórsson
mhalldorsson0610@gmail.com



Rannsóknir:

Fóðurval skiptir lykilmáli í kjötframleiðslu

– Lífsferilsgreining kjötframleiðsluvirðiskeðja

Lífsferilsgreining innlendra kjötframleiðsluvirðiskeðja er nú til skoðunar hjá Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands.

Um þessar mundir vinnur Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands, ásamt samstarfsaðilum, að verkefninu „Sjálfbært heilsusamlegt mataræði“, sem styrkt er af markáætlun Rannfís. Markmið verkefnisins er meðal annars að skoða þau fjölbreyttu umhverfisáhrif sem tengjast mataræði Íslendinga.

Tölurnar byggja á uppgjöri 120 kúabúa en mjólkurframleiðsla þeirra nam 46,2 milljónum lítra árið 2023. Viðbótargreiðslur sem samþykktar voru í ríkisstjórn í desember 2023 og afurðaverðshækkanir eru helstu ástæður aukins hagnaðar.

„Viðbótargreiðslurnar voru annars vegar 500 milljónir króna á innvegna mjólk fyrstu 11 mánuði þess árs og hins vegar viðbótargreiðslur á nýliðunar- og fjárfestingastuðning, sem reiknast að meðaltali 5,3 kr/ltr skv. uppgjöri þessara 120 kúabúa. Rétt er að benda á að sá stuðningur var greiddur á grunni umsókna um fjárfestinga- og nýliðunarstuðning og þar með mjög misjafnt hvort og hve háar fjárhæðir voru greiddar til bænda,“ segir í frétt frá RML.

Breytilegur kostnaður hækkar lítillega milli ára en kostnaður vegna áburðar lækkar, sem skyrist af lækkun verðs og minni áburðarkaupum. Fóður og aðkeypt þjónusta hækkar á móti.

„Framlegðarstig búanna hækkar í um 54% og hlutfall rekstrarafgangs (EBITDA) af heildarveltu fer yfir 30%. Skuldahlutfall búanna fer lækkandi og stendur nú í 1,5 en fjármagnsliðir fara vaxandi og eru komnir í 14,7% af heldartekjum búanna og hafa hækkað verulega í krónum talið,“ segir jafnframt í frétt RML. /ghp

Fóðurval og hey áhrifapættir

Maria Guðjónsdóttir, professor við Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands, ósamt samstarfsaðilum, að verkefninu „Sjálfbært heilsusamlegt mataræði“, sem styrkt er af markáætlun Rannfís. Markmið verkefnisins er meðal annars að skoða þau fjölbreyttu umhverfisáhrif sem tengjast mataræði Íslendinga.

„Einhver munur felst þó í nýtingu á beitarlandi, heyi og fleiri þáttum. Á óvart kemur hve stóran þátt fóðurval og heyskapur hefur á heildarumhverfisáhrif framleiðslunnar. Þetta eru þó þættir sem er hugsanlega hægt að bæta með frekari rannsóknum og vali á hentugra fóðri,“ segja þau.

Sviðaða tilhneigingu hafi verið að sjá í flestum virðiskeðjunum, þ.e. lambakjöts, nautakjöts og mjólkur, svína- og alifuglakjöts.

„Fóðurval skiptir greinilega lykilmáli í kjötframleiðslu á Íslandi óháð tegund búfenaðar og því er mikilvægt að frekari rannsóknur verði kostaðar til að minnka umhverfisáhrif þessa parts framleiðslunnar. Þá vonumst við til að niðurstöður verkefnisins veki fólk til umhugsunar um hvernig faðuval okkar getur haft áhrif bæði staðundið hér á Íslandi og á heimsvísu,“ segja þau.



Ný rannsókn leiðir í ljós að fóðurframleiðsla og/eða heyframleiðsla eru helstu áhrifapættir umhverfisáhrifa fyrir allar kjötvirðiskeðjur.



Framleiðsla á lambakjöti á Íslandi er mjög sambærileg hvað umhverfisáhrif varðar og í nágrannalöndum okkar.



Vönduð sögn á kjöti skiptir miklu máli fyrir neytendur.

Myndir / Úr safni



María Guðjónsdóttir.

Ólafur Ógmundarson.

Aðspurð hvort nýmæli séu í þeiri lífsferilsgreiningu segja þau að Ísland sé í sérstöðu, vegna smæðar, til að veita gögn sem gefi raunhæfa mynd af umhverfisáhrifum framleiðslu heils lands og veiti það rannsókninni mikil nýnæmi.

Enn fremur opni lífsferilsgreiningarnar á íslenskum matvælavirðiskeðjum möguleika á ítarlegri áætlunum en áður um umhverfisáhrif mataræðis Íslendinga. Niðurstöður á kolefnisspori og fleiri breytum verði tengdar við niðurstöður Landskönnunar á mataræði sem framkvæmd var árin 2019–2021 á vegum Embættis landlæknis og Rannsóknarstofu í næringarfræði við HÍ.

„Ítarlegar samantektir á gögnum verða þá gerðar aðgengilegar fyrir framtíðarrannsóknir, en í því felst gríðarlegt verðmæti,“ segja þau.

Gagnasöfnun á heimsmælikvarða

Maria og Ólafur segja hafa komið á óvart hve erfitt reyndist að nálgast opinber og traust gögn um virðiskeðjurnar fyrir verkefnið.

„Gögn eru almennt ekki úr ritrýndum eða staðfestum heimildum og því felst þó nokkur óvissa í gæðum hrágagnanna. Gagnasöfnunin sem var framkvæmd í verkefnið er því ein sú ítarlegasta sem finnst á alþjóðavísu og stefnt er á að öll gögn rannsóknarinnar verði birt og aðgengileg fyrir framtíðarrannsóknir á þessu svíði,“ segja þau.

Einnig þykir þeim áhugavert að fóðurframleiðslan og/eða heyframleiðsla séu helstu áhrifapættir umhverfisáhrifa fyrir allar kjötvirðiskeðjurnar.

„Par sem fóðrið er nær eingöngu unnið úr erlendum hráefnum, umfram heyið sem nýtt er í sumum virðiskeðjanna, er greinilegt að umhverfisáhrifin af íslenskri kjötframleiðslu teygja sig langt út fyrir landamæri Íslands.

Sér fyrir endann á verkefnið

Nú er efst á baugi í verkefnið að fjöldi doktors- og meistararanema vinna að því og taka mismunandi virðiskeðjur og sjónarhorn fyrir í rannsóknarverkefnum sínum.

Maria og Ólafur segja nemana að mestu búna með gagnaðflun sína og vinni nú að ritun vísindagreina og ritgerða sem birtar verði á árinu. Rannsóknarhópurinn stefni svo á að tengja umhverfisáhrif allra greindra virðiskeðja saman í eitt heilsteypot mat á umhverfisáhrifum matvælauframleiðslu á Íslandi.

„Rannsóknarverkefnið „Sjálfbært heilsusamlegt mataræði“ er á lokametrunum og mun klárást nú í haust en haldinn verður lokafundur í upphafi október. Þó verður unnið áfram að birtingu niðurstaðna næstu mánuði og kynningu á helstu niðurstöðum verkefnisins og tengdra rannsóknarverkefna okkar. Doktorsnemendur sem hafa unnið við verkefnið munu þá útskrifast á þessu skólaári ef allt gengur að óskum,“ segja þau að lokum.

/sá

Hagur kúabúa vænkast

Hagnaður kúabúa jókst milli áranna 2022–2023 og skuldahlutfall þeirra fer lækkandi, samkvæmt fyrstu tölum í uppgjöri á rekstri kúabúa sem Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins tekur saman.

Tölurnar byggja á uppgjöri 120 kúabúa en mjólkurframleiðsla þeirra nam 46,2 milljónum lítra árið 2023. Viðbótargreiðslur sem samþykktar voru í ríkisstjórn í desember 2023 og afurðaverðshækkanir eru helstu ástæður aukins hagnaðar.

„Viðbótargreiðslurnar voru annars vegar 500 milljónir króna á innvegna mjólk fyrstu 11 mánuði þess árs og hins vegar viðbótargreiðslur á nýliðunar- og fjárfestingastuðning, sem reiknast að meðaltali 5,3 kr/ltr skv. uppgjöri þessara 120 kúabúa. Rétt er að benda á að sá stuðningur var greiddur á grunni umsókna um fjárfestinga- og nýliðunarstuðning og þar með mjög misjafnt hvort og hve háar fjárhæðir voru greiddar til bænda,“ segir í frétt frá RML.

Breytilegur kostnaður hækkar lítillega milli ára en kostnaður vegna áburðar lækkar, sem skyrist af lækkun verðs og minni áburðarkaupum. Fóður og aðkeypt þjónusta hækkar á móti.

„Framlegðarstig búanna hækkar í um 54% og hlutfall rekstrarafgangs (EBITDA) af heildarveltu fer yfir 30%. Skuldahlutfall búanna fer lækkandi og stendur nú í 1,5 en fjármagnsliðir fara vaxandi og eru komnir í 14,7% af heldartekjum búanna og hafa hækkað verulega í krónum talið,“ segir jafnframt í frétt RML. /ghp

HUGLIND SÁLFRÆDISTOFA SELFOSSI

Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur hefur opnað sálfrædistofu í Fjöllum á Selfossi. Sálfræðimeðferð, ráðgjöf, bjargráð og handleiðsla fyrir fullorðna.



Kristín Linda

Fagleg hjálp varðandi sálrvænan heilsuvanda svo sem kvíða, depurð, þunglyndi, áföll, álag, missi og sorg.

Sálfræðileg ráðgjöf og handleiðsla í kerfjandi stöðu, á vinnustað, í fjölskyldu eða við aðrar aðstæður.

Hjálp í gegnum breytingar og erfið lífstímabil, lausnir og bjargráð í samskiptum. Uppbygging, endurhæfing og leiðsögn til að ná betri heilsu og líðan eftir heilsubrest, höfnun, veikindi, skilnað, atvinnumissi og aðra lífsins storma. Sjálfsátt, ákvarðanir, lífsstíll og stefnumótun í eigin lífi.

www.huglind.is

kristinlinda@huglind.is

KRISTÍN LINDA – HUGLIND – FJÖLHEIMUM SELFOSSI

can-am®



NÚNA ER TÍMINN TIL AÐ TRYGGJA SÉR NÝTT CAN-AM

Nýju G3L fjórhjólin eru til á lager og stór sexhjólasending væntanleg.



FJÓRHJÓL

Verð frá 1.685.000 + vsk



SEXHJÓL

Verð frá: 3.056.000 + vsk

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is



Fækkun framleiðenda

Mjólkurframleiðendum hefur fækkað um 66 á fimm árum. Greiðslumarkseign hefur minnkað hlutfallslega eða staðið í stað í flestum landshlutum.

Í ársbyrjun 2019 voru handhafar greiðslumarks 567 talsins, samkvæmt upplýsingum frá matvaelaráðuneytinu. Í ársbyrjun 2024 voru mjólkurframleiðendur 501 talsins. Samdrátturinn er um 11,6 prósent. Framleiðendum fækkar mest á Vesturlandi, eða um sautján býli. Handhafar greiðslumarks eru þrettán færri í Rangárvallasýslu og hefur fækkað um sjö í Skaftafellssýslu og Árnессýslu. Engin fækken er í Gullbringu- og Kjósarsýslu, þar eru framleiðendurnir sjö talsins.

Á sama tíma hefur framleiðsla á mjólk aukist og greiðslumarkið hækkað úr 145 milljón lítrum í 151,5 milljón lítra. Á milli áranna fimm hefur mjólkurkotvinn færst lífillega á milli landshluta.

Árið 2019 var 20,3% greiðslumarksins á býlum í Árnессýslu, 19,72% í Eyjafirði, 144,4% í Rangárvallasýslu, 11,9% á Vesturlandi, 11,1% í Skagafirði en önnur landsvæði með minna. Nú í ársbyrjun er Árnессýsla enn handhafi stærsta hlutfallsins, 20,45%, býli í Eyjafirði eiga 19,3% og í Rangárvallasýslu er hlutfallið 13,9%.

Býli í Skagafirði hafa aukið greiðslumarkseign sína meira en í öðrum landshlutum, eða um rúmlega 2,6 milljón lítra, og framleiða nú riflega 18,7 milljón lítra sem telst vera 12,4% af landsframleiðslunni.

Á svæði Húnaþings og Stranda hefur einnig orðið aukning um tæplega eitt prósent en í öðrum landshlutum stendur hlutfallsleg framleiðsla nær í stað eða breytist um minna en hálfst prósent. /gph

Hreindýraveiðar:

Mest af kvótanum veiddist en dýrin leita norðar

– Hreindýrahjardir virðast vel á sig komnar

Hreindýraveiðum er lokið að sinni. Alls veiddust 769 dýr af þeim 776 sem mátti fella.

„Nú er hreindýraveiðum lokið þar til í nóvember,“ segir Jóhann G. Gunnarsson, sérfræðingur í teymi lífríkis og veiðistjórnunar hjá Umhverfisstofnun. „Kvóti á 24 hreinkýr er gefinn út í nóvember á tveimur syðstu veiðisvæðunum, svæðum 8 og 9 í Sveitarfélögnum Hornafirði. Þetta er gert til að náist að veiða úr þeim hópum sem halda sig hátt til fjalla á þessum svæðum á hinum eiginlega haustveiðitíma,“ útskýrir Jóhann.

Veiðum á törfum lauk 15. september og náðist að veiða á öll útgefin veiðileyfi nema þrjú. Tveir tarfar náðust ekki á svæði 1 og einn á svæði 5. Kúaveiðum lauk svo 20. september og þar náðist að veiða á öll útgefin veiðileyfi nema fjögur. Tvö á veiðisvæði 4, eitt á veiðisvæði 5 og eitt á veiðisvæði 6. Alls voru því felld nú í haust 769 hreindýr af þeim 776 sem átti að fella á hinum hefðbundna tíma.

Poka lék menn grátt

Jóhann segir veiðar almennt hafa gengið vel og dýrin verið mjög vel á sig komin að sögn þeirra sem reki verkunarstöðvar, þar sem tekið er á móti dýrum í fláningu. Nokkrir tarfar sem vigtuðu yfir 120 kg hafi verið felldir.

„Veðurfar var veiðimönnun erfitt á veiðítímanum, þokuselt víða, og nokkrir þurftu frá að hverfa vegna þessa og óvenjumargir veiðimenn skiluðu sínum veiðileyfum inn þegar langt var liðið á veiðítímann,“ segir hann. Þeir sem það geri fái endurgreitt 75% leyfisgjaldsins ef tekst að endurúthluta leyfunum



Feld voru í haust 769 hreindýr af þeim 776 sem mátti fella.

Mynd / Úr safni

til þeirra veiðimanna sem eru á biðlistum eftir leyfi.

„Flestum þessara leyfa tókst að endurúthluta og var seinasta kýrleyfinu endurúthlutað á hádegi síðasta veiðidaginn og sá bjartsýni veiðimaður náði sínu dýri fyrir kl. sex þann dag,“ bætir Jóhann við.

Hreindýrin leituðu norðar

„Það sem var sérstakt við þetta veiðitímabil var að hreindýrin sem ganga á veiðsvæði eitt, sem er fyrir norðan Jökulsá á Dal og allt norður í Langanesbyggð, leituðu mun norðar en áður hefur gerst á veiðítíma. Sennilega var það langvarandi norðan- og norðaustlæg vindátt sem olli því.

Voru feldl nokkur dýr á landi jarða sem ekki eru inni á ágangssvæði eitt því þar hefur ekki verið metinn hreindýraágangur. Þær jarðir fá þó greidd fellingjöld fyrir

pessi dýr þó þær séu ekki skráðar inn í svokallaðan arðsgrunn vegna ágangs hreindýra,“ útskýrir Jóhann.

Mikilvægt sé að jarðeigendur á þessu svæði láti vöktunaraðila dýranna, Náttúrustofu Austurlands, vita ef hreindýr fara að venja komur sínar svo norðarlega svo hægt verði í framtíðinni að meta ágang á þessar jarðir og bæta þeim þá inn í þann flokk jarða sem verða fyrir ágangi hreindýra.

Jóhann segir engin landfræðileg mörk á þessu svæði sem komi í veg fyrir að hreindýrin gangi norðar. A undanförnum árum hafi veiðikvóti á svæðinu verið nokkuð stórr meðal annars til að hreindýrum fjölgi ekki um of á svæðinu.

Námskeið fyrir alla umsækjendur

Nokkur vandræði hafa verið vegna námskeiðshalds fyrir

verðandi leiðsögumenn með hreindýraveiðum. Umhverfisstofnun heilt slíkt námskeið og voru þá 32, sem stofnunin taldi hæfasta, valdir til þátttöku en um 70 sátu eftir með sárt enni.

Varð það tilefni harðrar gagnrýni og var loks kert fyrir á árinu og því borið við að Umhverfisstofnun væri óheimilt að takmarka fjöldann þar sem ekki væru að baki lagahemicildir til slíkskra skilyrðinga. Umsækjendur þurftu m.a. meðmæli frá starfandi leiðsögumönnum, auch annarra skilyrða.

Umhverfisráðuneytið úrskurðaði nýlega að Umhverfisstofnun hefði verið óheimilt að útiloka fólk frá námskeiðinu. Verður stofnunin því að halda námskeið fyrir alla þá sem vísað var frá. Gæti fjöldi leiðsögumanna því aukist til munu og það mögulega valdið því að of margir séu að veiðum á sama tíma og miklu álagi á hjarðir. /sá



Eyrin, Svalbarðseyri – auglýsing deiliskipulagstillögu

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum 12. september 2024

að vísa tillögu vegna breytinga á deiliskipulagi Eyrarinnar á Svalbarðseyri í auglýsingu

skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslag nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin nær yfir svæði austan Svalbarðseyrarvegar og felur m.a. í sér breytingu á lóðum og byggingarreitum auk skilgreiningu byggingarheimilda.

Breytingin nær til lóða nr. 108-116, 126 og Svalbarðseyrarvegar 7A og 7B en helsta breytingin er að gert er ráð fyrir 3-4 nýjum byggingum á lóðum nr. 110, 112 og 126. Þá er gerð breyting á gatnakerfi vegna breyttra lóðarmarka.

Skipulagstillagan er aðgengileg á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps, Ráðhúsinu, 606 Akureyri, milli 24. september og 5. nóvember 2024, á heimasiðu sveitarfélagsins, www.svalbarsstrond.is og á vef Skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is undir málsnúmeri 784/2024.

Þeim sem telja sig eiga hagsmunu að gæta er hér með gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri til 5. nóvember 2024. Hægt er að koma athugasemdum á framfæri undir málínu á vef Skipulagsgáttar með innskráningu rafrænna skilríkja. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatróð 9, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Réttir:

Mannmergð truflar réttarstörf

Talsverð umræða hefur verið á Facebook-síðunni Sauðfjárbændur um óreiðukent ástand sem skapist í réttum, inni í almenningi, vegna mannmergðar sem truflí réttarstörfin.

Ferðafólki er aðallega kennt um þetta ástand og slælegri réttarstjórn. Á það er bent að talsvert sé um skipulagðar hópferðir í réttir og fólk gjarnan þar á ferðinni sem hafi takmarkaðan skilning á hvernig réttarstörf gangi fyrir sig eða hvernig umgangast eigi skepnur. Ekki fari vel um féð þegar svo háttar til.

Hætta á að fóð troðist undir

„Það er mjög víða farið að gera út á það í ferðamennsku að fara í réttir á þessum árstíma. Þá kemur auðvitað fólk sem áttar sig ekki á hlutunum. Ég sé það bara í mínum réttum hvernig fólk hagar sér, það hreinlega áttar sig ekki á því að það er fyrir og hindrar eðileg réttarstörf,“ segir Eyjólfur Ingy Bjarnason, formaður deildar sauðfjárbenda hjá Bændasamtökum Íslands, sem býr í Ásgarði í Dölunum og rekur sitt fóð í Skerðingsstaðarétt.

„Það er mikilvægt að ferðabjónustuaðilar skipuleggi sínar ferðir í réttir með þeim hætti að tala áður við réttarstjóra til að fá upplýsingar um hvernig rétt er að haga séð þar. Hættan er alltaf – og ég hef séð það hjá mér – að fólk dreifi sér ekki nóg






Frá Tungnaréttum, þar sem réttar var laugardaginn 14. september.

Mynd / Gabriel Gunnarsson

ákvæðnar leikreglugrækti sem verða að gilda í réttum. „Þetta er mikilvægur liður í að tengja landbúnaðinn og sauðfjárræktina við almenning, en það er ekki sama hvernig fólk ber sig að í umgengni við skepnurnar og því þarf að leiðbeina fólk sem ekki kann það. Þá má til dæmis ekki grípa í hornin á lömbunum, þau geta hreinlega brotnað. Ekki má heldur rífa í ullina hvar sem er.“

Réttarstjórar þurfa líka að taka í stjórnartaumana þegar þörf er á og margt fólk er – og það getur verið vandasamt verkefni.“






/smh



BÓKA MARKAÐURINN AKUREYRI

**VIÐ ERUM Á
ÓSEYRI 18**

**LOKA-
DAGUR
Á LAUGARDAGI!**





Gervikýrin Henryetta mun gera þjálfun nýrra frjótækna markvissari.

Mynd / Höskuldur Jansson

Eftirlíking af hálfrí kú

Nautastöð Bændasamtaka Íslands tók á döguminn í notkun eftirlíkingu af kú sem er hönnuð til að þjálfa nýja frjótækna í sæðingum.

Höskuldur Jansson, dýralæknir Nautastöðvar Bændasamtaka Íslands (NBÍ), mun hafa umsjón með módelinu, sem kemur frá Nýja-Sjálandi og er nefnt Henryetta af framleiðendum. Hún kom til landsins fyrr í þessum mánuði og hefur verið prufuð af frjótæknum, með margra ára reynslu, sem segja hana talsvert raunverulegri en þeir hefðu þorað að vona.

„Þetta er eins og hálfur skrokkrar af kú með eftirlíkingu af legi, leghálsi og leggöngum ásamt endaþarmi,“ segir Höskuldur, en kýrin er jafnframt upphituð til að líkja eftir líkamshita. Við sæðingar sé farið með sérstaka þípu inn í leggöngin og hina höndina inn í endaþarminn til þess að finna afstöðu leghálsins.

„Við erum samt sammála um það að þetta er ekki eins og að sæða lífandi kú, sem verður aldrétt hægt að líkja nákvæmlega eftir. Við vitum líka að þótt þú sæðir hundrað kýr er engin af þeim eins á meðan módelið er alltaf eins,“ segir Höskuldur. Með Henryetu fylgdu þó tvær mismunandi gerðir af leghálsum sem er misjafnlega erfitt að þræða.

Nýtt námskeið í vændum

Nú sé verið að leggja drög að skipulagningu nýs námskeiðs í nóvember þar sem Henryetta verður notuð í fyrsta skipti. Grunnámskeiðið taki viku og geti nemarnir öðlast full réttindi sem frjótæknar að lokinni starfsþjálfun sem búnaðarsamtökum sjái um þegar

Nautakjöt:

Aukinn innflutningur á lægri tollum

EKKI ER HÆGT AÐ FÁ UPPGEFNA ÞAÐ AÐILA SEM STANDA AÐ BAKI INNFLUTNINGI Á LANDBÚNAÐARVÖRUM. Handhafar tollkvóta eru ekki þeir einu sem standa í innflutningi.

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins var sagt frá því að aldrei hafi jafnmikið af nautakjöti verið flutt inn til landsins í einum mánuði og í nýliðnum júlí. Bændablaðið sendi Skattinum beiðni um upplýsingar um innflytjendur nautakjöts í júlí og fékk þau svör að ekki væri hægt að verða við því.

„Samkvæmt 188. grein tollalaga nr. 88/2005 eru starfsmenn tolyfirvalda bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga. Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðilegt er að leynt fari, upplýsinga um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja, þ.m.t. hvers konar vitneskja sem ráða má af samritum sölu- og vörureikningum sem tolyfirvöld halda eftir. Einnig tekur þagnarskyldan til upplýsinga er varða starfshætti tolyfirvalda, þ.m.t. tollrannsókn, og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, starfsreglum tolyfirvalda eða eðli máls,“ segir í svarinu.

Handhafar tollkvóta

Einnig var spurt hvort algengt væri að aðilar sem ekki eru handhafar tollkvóta flytji inn kjöt. Samkvæmt svörum Skattsins gerist það reglulega.

Árið 2023 var úthlutað magn tollkvóta á nautakjöti um 800 tonn. Innflutningur á nautakjöti það ár var hins vegar um 1.344 tonn samkvæmt Hagstofunni.

Heildverslanir sem þjónusta stóreldhús eru algengustu handhafar tollkvóta en smásoluverslanir standa einnig að innflutningi. Þau fyrirtæki sem hafa fengið úthlutað tollkvóta fyrir innflutningi á nautakjöti árið 2024 eru eftirfarandi:

Ekkert hefur fengið úthlutað um 256 tonnum. Háihólmi, sem líklega útvegar Esju Gæðafæði á tollkvóta fyrir innflutningi á 147,5 tonnum af nautakjöti. Kjötmarkaðurinn, sem einnig er samstarfsaðili KS, á 88,5 tonn. Innes á rúm 78 tonn og LL42, sem er í eigu Stjörnugrís, á 70 tonn.



Tollflokkurinn Annað fryst úrbeinað kjöt af nautripum er ætlaður þeim vörum sem ekki falla inn í aðra tollflokkja fyrir beinlaust nautripakjöt. Nautabréjóst, eða brisket, er dæmi um kjöt sem fellur þar undir.

Mynd / Luis Santoyo

Innflutningur í tonnum

Nautalundir	Afúkan*
2021	311
2022	293
2023	352
2024**	151
Heimild: Hagstofa Íslands	345

* Annað fryst úrbeinað kjöt af nautripum.

** Fyrstu 7 mánuðir ársins

flutningstöluum Hagstofunnar en árlega eru um 200–350 tonn flutt inn af vörum sem falla í þann tollflokk. Dæmi um aðra tollflokkka sem talsvert er flutt inn í eru fryst nautahakk, frystir nautahryggvöðvar og frystir nautalaerisvöðvar.

Tollflokkar fyrir kjöt af nautripum eru margir og taka til mismunandi skrokkhluða og vöðva þannig að sérstakir tollflokkar eru fyrir verðmætustu hlutana eins og lundir og hryggi allt upp í heila og hálfa skrokku með beini. Tollflokkurinn „Annað fryst úrbeinað kjöt af nautripum“ er því ætlaður þeim vörum sem ekki falla inn í aðra tollflokkja fyrir beinlaust nautripakjöt. Samkvæmt upplýsingum frá Skattinum fellur til dæmis nautabréjóst (e. brisket) undir þennan flokk.

Af þeim tollflokkum sem er að finna fyrir beinlaust nautakjöt ber þessi tollflokkur lága tolla, aðeins nautahakk ber lægri toll. Það er hins vegar áberandi að innflutningur hefur aukt jafnt og þétt undanfarin ár. Þannig voru tæplega 67 tonn flutt inn í tollflokinum árið 2021, tæp 127 tonn árið 2022 og í fyrra voru tonnin 363.

Á fyrstu sjö mánuðum ársins 2024 hafa verið flutt inn 345 tonn af „Öðru frystu úrbeinuðu kjöti af nautripum“. Á sama tíma hafa verið flutt inn rúm 151 tonn af frystum nautalundum samkvæmt tölum Hagstofunnar.

/ghp

Þrír forstjórar skipaðir fyrir nýjar ríkisstofnanir



Eyðís Líndal Finnbogadóttir, Sigrún Ágústsdóttir og Gestur Pétursson. Myndir / Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Hún var sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun frá árinu 2008 og auk þess staðgengill forstjóra. Stofnunin fer með stjórnsýslu, eftirlit og önnur verkefni á sviði náttúruverndar og sjálfþærðar þróunar og á sviði fríðlýstra svæða, þar með talið Vatnajökulsþjóðgarðs og Snæfellsjökulsþjóðgarðs,

vernd villtra fugla og spendýra og veiðistjórnunar.

Gestur Pétursson verður forstjóri nýrrar Umhverfis- og orkustofnunar. Hann var forstjóri PCC BakkiSilicon, frá árinu 2022, framkvæmdastjóri Veitna og forstjóri Elkem Ísland.

/smh

VEIÐISVÆÐI ÓSKAST

Vegna mikillar eftirsturnar köllum við eftir nýjum veiðisvæðum til að bæta við flóru felagsins, þar með talið bæði stóðuvötn og rennandi vötn. Skoðum einnig veiðisvæði á afskekktum stöðum.

Veiðifélagið Fish Partner er í stöðugum vexti og leitar að fleiri samstarfsaðilum um allt land, óháð tegundum fisks eða tegund vatnsvæðis.

Vinsamlegast hafið samband við Kristján í síma 898 3946 eða á netfangið kristjan@fishpartner.com.

Fjöldi afsláttu og sérkjara

Kynntu þér kosti viðskiptakorts Skeljungs

Kortið veitir þínu fyrirtæki afslátt af eldsneyti, vörum
og þjónustu hjá samstarfsaðilum Skeljungs.





Landbúnaðarháskólinn efnir til endurmenntunámskeiðs um sauðfjársæðingar.

Mynd / sá

Sæðingar á tímum verndandi arfgerða

Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) efnir á næstunni til fimm námskeiða um sauðfjársæðingar út um landið.

Um þessar mundir er mikil áhersla á sæðingar verndandi eða mögulega verndandi arfgerða gegn riðuveiki og því mikil tækifæri sögð fólgin í að endurmennta bændur í sauðfjársæðingum með reyndum dýralækni og kennara. Er námskeiði Endurmenntunar LbhÍ um sauðfjársæðingar ætlað að koma til móts við sem flesta starfandi sauðfjárbændur og aðra sem hafa áhuga á að starfa, eða starfa nú þegar, við sauðfjársæðingar.

Í kynningarafni segir að í bóklega hluta námskeiðsins verði farið yfir sögu sauðfjársæðinga, æxlunarfarfum sauðkinda lýst og greint frá helstu atriðum varðandi æxlunarlfirði þeirra. Áhersla verði lögð á að fjalla um sæðingar, hvernig

/sá



Moltugerðin á Syðra-Holti er nú í uppnámi eftir að stopp var sett á notkun fiskimjöls.

Myndir / Aðsendar

Lífræn ræktun:

Áburðarverkefni í uppnámi

Áburðarverkefni í Syðra-Holti í Svarfaðardal, sem gengur út á moltugerð úr nærsamfélagini, hefur verið sett í uppnám eftir að bann var sett á fiskislög sem hráefni til áburðargerðarinnar.

Í Syðra-Holti í Svarfaðardal er stunduð lífrænt vottuð ræktun og undanfarin tvö ár hefur þetta verkefni verið í gangi – og hlutið stuðning úr Matvælasjóði – sem hefur það að markmiði að framleiða áburð fyrir búreksturinn.

Nýlega bárust fréttir af því að garðyrkjastöðin Sunna á Sólheimum hefði hætt ræktun á lífrænt vottuðum garðyrkjufurðum með því að taka í notkun sveppamassa frá Flúðasveppum sem áburðargjafa.

Af því tilefni sagði Elínborg Erla Ásgeirs dóttir, formaður VOR, félags framleiðenda í lífrænum búskap, að eitt af brýnu málunum í framtíðinni sé að aðgengi að nauðsynlegum aðföngum líkt og áburðarefnum sé eins gott og hægt er, til að tryggja framtíð lífræns landbúnaðar.

Um árábil var sveppamassinn viða notaður meðal garðyrkjubænda með lífræna vottun, enda mjög ákjósanlegur og nærtækur áburður. Vottunarstofan Tún bannaði hins vegar notkun á honum fyrir um átta til tíu árum, en hann samanstendur meðal annars af efnunum sem falla til við ræktun á Flúðasveppum og hænsnaskít frá kjúklingabúi á Suðurlandi. Til að nota áburð í lífrænt vottaðri ræktun sem ekki sé vottaður lífrænt, verður að vera hægt að sýna fram á að aðföngin innihaldi leyfileg efni – og hefur það átt við um sveppamassann.

Moltugerðin starfsleyfisskyld

Eiríkur Knútur Gunnarsson segir að áburðarverkefnið hafi að ýmsu leyti verið þyrnum stráð. Það hafi ekki verið flókið í framkvæmd og gefið af sér góða moltu, en reglugerðarbákníð sé flókið og það sé verið að vinna í því að finna flót á þessu gagnvart Túni og Matvælastofnun



svo hægt sé að halda áfram með það. „Við fengum meldingar um það að fiskislög væri ekki leyfilegt áburðarefni, en ekki beint sagt að það mætti ekki nota það sem hráefni til moltugerðar.“

Svo gerði Matvælastofnun skyndilega kröfu um það hjá okkur að moltugerðin yrði starfsleyfisskyld. Það er dálítið undarlegt, þar sem við erum bara að framleiða fyrir okkur sjálf og erlendis tíðkast það víðast hvar að bændur moltugerðar bára án nokkurrar aðkomu stjórnvalda.

Það sem vantar dálítið hérna á Íslandi er sérstök ráðgjöf fyrir lífræna ræktendum og það kemur vonandi þegar aðgerðaætluninni verður fylgt eftir,“ segir Eiríkur, en eitt af markmiðum áburðarverkefnsins á Syðra-Holti var einmitt að afla þekkingar sem aðrir ræktendur gætu sótt í.

/smh

Skógarfura í Varmahlíð föngulegust

Skógræktarfélag Íslands hefur valið skógarfuru í Varmahlíð tré ársins 2024.

Tré ársins 2024 var útnefnt við hátíðlega athöfn sunnudaginn 8. september. Um er að ræða skógarfuru (*Pinus sylvestris*) í skógarlundi sunnan við Mánaþúfi í Varmahlíð í Skagafirði og er það í fyrsta sinn sem skógarfura er valin sem Tré ársins.

Skógarfura var mikil gróðursett á 6. og fram á 7. áratug síðustu aldar, en varð fyrir miklum skakkaföllum af völdum furulúsar, sem grandaði henni að mestu, og er hún því sjaldgæf orðin hérlandis.

Tréð er í Varmahlíð í Skagafirði og er 13,9 m á hæð og 30,5 cm að þvermáli í brjósthað manns. Það heyrir undir lögsögu Skógræktarfélags Skagfirðinga. Var félagini afhent viðurkenningsarkjal sem eiganda trésins og skilti sem markar tréð afhljúpað.



Tré ársins er skógarfura í Varmahlíð. F.v. Hafberg Þórisson, eigandi Lambhaga ehf., sem er bakhjarl Trés ársins, Ragnheiður Guðmundsdóttir, formaður Skógræktarfélags Skagfirðinga, og Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands.

Mynd / Skógræktarfélag Íslands

Skógræktarfélag Íslands útnefnir tré ársins á hverju ári og er tilgangur þess að beina sjónum almennings að því starfi sem unnið er um land allt í trjá- og skógrækt. Jafnframt að benda á menningarlegt gildi einstakra trjáa á Íslandi. Lambhagi er bakhjarl verkefnisins.

/sá

Tilkynna á tjón vegna ágangs

Bændum ber að skila tjónamatí vegna ágangs álfta og gæsa fyrir 20. október nk.

Í tilkynningu frá matvæla-ráðuneytinu er athygli bænda vakin á því að skila inn umsóknun um styrki vegna slíks tjóns rafrænt í Afurð.

„Greiddur er stuðningur vegna skemmda sem hlótist hafa af ágangi álfu og gæsa á nýrækt, við endurraðt á túnum, kornrækt og rækt annarra fôðurjurga í samræmi við ákvæði reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað nr. 430/2021,“ segir í frett ráðuneytisins.

Samkvæmt reglugerðinni er tjón eingöngu bætt ef það er metið



meira en 30 prósent af heildarstærð ræktunarspilda. Framleiðendum ber að skila inn tjónaskýrslu innan þriggja sólarhringa frá því tjóns verður vart eða álfir og gæsir hafa haft sig á brott.

/ghp

LED perur fyrir Flúrlampa!

3 Stærðir - Allar perur : **Verð kr. 1.500**

- 60 CM LED pera 9w - 4000K hvít
- 120 CM LED pera 18w - 4000K hvít
- 150 CM LED pera 22w - 4000K hvít

SMH Gróðurhús ehf.
Sími: **866-9693**
Facebook: Gróðurhús SMH ehf

SMH Gróðurhús ehf.

Priggja arma LED ljós sem skrifast í venjuleg perustæði og hentar vel í stærri byggingar og skemmur 80W - 8000 Lumen. **Verð kr. 8.000**



YLJUM OKKUR

MED ÍSLENSKRI KJÖTSÚPU – NÁTTÚRULEGA

Íslenska kjötsúpan er í grunninn alltaf eins, en samt einhvern veginn aldrei eins. Allir eiga sína uppáhalds kjötsúpu og hefðirnar, uppskriftirnar og leynihráefnin leynast í hverju eldhúsi. Frá upphafi byggðar hefur hún fært okkur yl í kroppinn og kraftmikla næringu.

Hráefnið er úrval af öllu því besta sem íslenskir bændur bjóða: Nýspröttið grænmeti og holtt íslenskt lambakjöt, framleitt á fjölskyldubúum við einstakar aðstæður og alið á villtri íslenskri náttúru, laust við erfðabreytingar og aukaefni – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á [íslensktlambakjöt.is](#)





Sérstakt ákvæði er í reglugerðinni um nytjar á klóþangi, en gæta þarf þess að festa plantna skaðist ekki við þangslátt.

Mynd / Blb

Reglur um öflun sjávargróðurs

Reglugerð um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni hefur nýlega verið gefin út.

Par er kveðið á um að enginn geti stundað öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands nema með tilskuldum leyfum.

Leyfi eru háð nokkrum skilyrðum. Parf leyfishafi að hafa

gert nýtingaráætlun um öflun sjávargróðurs sem gildi að minnsta kosti í fimm ár í senn, skal áætlun uppfærð áður en öflun sjávargróðurs

hefst á hverju ári. Í henni skal greina

hvaða tæki verði hagnýtt við öflun,

hversu miklu magni af sjávargróðri

verði aflað, hvar öflun fari fram og

eftir atvikum hvaða svæði verði

hvíld til að örva endurvöxt. Skal

áætlunin byggjast á mati á lífmassa

og líklegu aðgengi.

Leitast skal við að gera grein fyrir áhrifum nýtingar á umhverfið, þar með talið áhrifum á viðveru og áhrifum trufunar á aferli fiska, hryggleysingja, sjávargröðurs og fugla með hlíðsjón af þeim taekjum og aðferðum sem verða hagnýtt.

Sérstakt ákvæði er um slátt á klóþangi, þar sem fram kemur að gæta þurfi þess að festa plantna skaðist ekki við þangslátt.

Til að koma í veg fyrir staðbundna ofnýtingu á tilteknunum stofni getur ráðherra ákveðið að öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni utan netlagu sé auk almenns veiðileyfis háð sérstöku leyfi Fiskistofu. Í slíkum tilfellum er gerð krafa um almennt veiðileyfi ásamt nýtingarleyfi til öflunar sjávargróðurs. /smh



Bórdís Erla Gunnarsdóttir stendur hjá Tíbrá, Kristbjörg Eyvindsdóttir heldur í Prýði og Gunnar Arnarson er með Vár.

Mynd / Aðsend

Hrossarækt:

Þrjár efstu frá sama bæ

Fjórtán hryssur hljóta heiðursverðlaun fyrir afkvæmi í ár. **Þrjár efstu hryssurnar, Tíbrá, Prýði og Vár, eru allar frá Auðsholtshjáleigu, ræktaðar af Gunnar Arnarsyni og Kristbjörgu Eyvindsdóttur.**

Arið 2011 léku þau Gunnar og Kristbjörg sama leik, þ.e. áttu þrjár efstu heiðursverðlaunahryssur ársins, þær Gíggj, Trú og Vordísi. Þær Tíbrá og Vár eru að feta í sömu fótspor mæðra sinna en Tíbrá er undan Trú og Vár er undan Vordísi.

Efsta hryssan í ár er Tíbrá frá Auðsholtshjáleigu og hlýtur hún Glettubikarinn. Tíbrá er undan Gára og Trú frá Auðsholtshjáleigu en þau bæði hlutu heiðursverðlaun

fyrir afkvæmi á sínum tíma. Hæst dæmda afkvæmi hennar er Hljómrur frá Auðsholtshjáleigu sem er með hæst dæmdu sex vetrar stóðhestum ársins með 8,69 í aðaleinkunn. Önnur í röðinni er Prýði undan Kvist frá Skagaströnd og Perlu frá Ölvardsstöðum. Hæst dæmda afkvæmi hennar er Valdís frá Auðsholtshjáleigu en Valdís er eina hrossið sem hefur hlotið 10 fyrir höfuð og er hún með 8,60 í aðaleinkunn í kynbótadómi. Vár er þriðja í röðinni en hún er undan Spuna frá Miðsitu og Vordísi frá Auðsholtshjáleigu. Viðar frá Skör, hæst dæmdi íslenski hesturinn með 9,04 í aðaleinkunn, er undan Vár og Hrannari frá Flugumýri II.

„Þetta er ótrúlega gaman, við vorum að vona að við næðum þeim áfanga aftur að eignast þrjár heiðursverðlaunahryssur á sama árinu, en að þær yrðu efstu hryssurnar var algjör bonus. Við reiknuðum ekki með því árið 2011 að ná þessu aftur,“ segir Kristbjörg. Hún segir samsplil margra þáttu þurfa að ganga upp til að ná árangri í hrossarekt.

„Það er erfitt að segja hvernig maður nær svona árangri, það þarf margt að hjálpast að. Það þarf að rækta góð hross, þau þurfa gott atlæti og uppeldi, fjöldi afkvæma þarf að vera nægur, góðir tamningamenn og knapar, það þarf einfaldlega allt að ganga upp og slatta af heppni.“ /hfp



Kirkjubæjarklaustur.

Mynd / Eystein Guðni Guðnason - Wikipedia

Mikill áhugi á íbúðum

Prettán umsóknir um sex íbúðir á Kirkjubæjarklaustri bárust íbúðarfélagi Brákar.

Félagið auglýsti nýlega lausar til umsóknar íbúðir sem félagið á við Skriðuvelli 17 og 19 á Kirkjubæjarklaustri. Brák hefur nú

þegar gengið frá leigusamningum fyrir fimm íbúðir og er fólk farið að flytja inn í þær. Þetta kom meðal annars fram hjá Einari Kristjáni Jónssyni sveitarstjóra á fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps í lok ágúst. /mhh

Segðu BLESS við óværuna!

YKKAR
pest control

BANINN SEM VIRKAR

-fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruverslunum

Heilbrigðiseftirlit:

Gagnrýna nýjar reglur um hollustuhætti

Heilbrigðisnefndir kringum landið hafa gagnrýnt skort á kynningu á nýrr reglugerð um hollustuhætti. Breytingar um starfsleyfisskilyrði þykja íþyngjandi og ekki til þess fallnar að einfalda ferla eða minnka kostnað.


Ný reglugerð um hollustuhætti tók gildi þann 26. júlí síðastliðinn. Reglugerðin, sem er nr. 903/2024 tók við af reglugerð um hollustuhætti frá árinu 2002, með síðari breytingum. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið vakti athygli á gildistöku hennar með pósti til heilbrigðiseftirlita í ágúst. Heilbrigðisnefndir hafa tekið hana fyrir á fundum nú síðumars.

Hryggjarstykki í starfi heilbrigðiseftirlits

Í fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja segir að reglugerðin sé ein sú mikilvægasta á verkviði heilbrigðiseftirlits og ætla megi að hún snerti leyfismál meirihluta þeirra fyrirtækja sem stofnunin hefur eftirlit með, auk þess sem hún hafi að geyma ýmis ákvæði sem snerta réttindi almennings.

Nefnd eru dæmi um nokkrar breytingar á reglugerðinni: Ákvæði um fjögurra vikna auglýsingaskyldu starfsleyfa, stjórnvaldssektir gegn alvarlegri brotum, að ákvæði um hávaða hafi verið fellt út en eftirlit með leiksvæðum fjölbýlishusa verið tekið upp og að kynjalaus salerni séu nú talin æskileg., Nefndin telur fulla þörf á að reglugerðin fái betri kynningu meðal hagaðila, almennings og stjórnvalda og skorar á umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að gera sem fyrst bragðarát.

Framkvæmdastjóri heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjardar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness gerði á fundi þess grein fyrir að reglugerðin væri nokkurs konar hryggjarstykki í starfi heilbrigðiseftirlits, þar sem gerð væri grein fyrir meginverkefnum heilbrigðiseftirlitsins. Ekki væri hægt að sjá að breytingarnar sem gerðar voru séu til þess fallnar að einfalda ferla og minnka kostnað við leyfisveitingar og eftirlit. „Pannig væri nú gert ráð fyrir að auglýsa þyrfti öll starfsleyfi í fjórar vikur fyrir útgáfu



Heilbrigðiseftirlitssvæðin eru níu talsins.

Mynd / SHI

og heilbrigðiseftirliti veittar fjórar vikur til að fara yfir og ganga frá starfsleyfum. Að mati framkvæmdastjóra er ný reglugerð ekki nægjanlega kynnt og ljóst að breyta þarf tilvísunum í öllum starfsleyfisskilyrðum og starfsskilyrðum svo þau séu til samræmis við nýútfenna reglugerð.

Kallað eftir skyrum leiðbeiningum

Á sama hátt telur heilbrigðisnefnd Suðurlands reglugerðina ekki til þess fallna að einfalda ferla og minnka kostnað.

„Sem dæmi er krafra um að auglýsa öll starfsleyfi í fjórar vikur fyrir útgáfu, slíkt mun auka kostnað fyrir rekstraraðila og heilbrigðiseftirlit ásamt því að tefja fyrir afgreiðslu starfsleyfa,“ segir í fundargerð þess. Einnig segir í fundargerð heilbrigðiseftirlits Austurlands að það telji breytingarnar er varða útgáfu starfsleyfa íþyngjandi fyrir fyrirtæki sökum lengri afgreiðslufrests og muni koma til með að auka kostnað. Kallað er eftir kynningu á breytingum á reglugerðinni og skýrum leiðbeiningum um framkvæmd nýrra ákvæða.

/ghp

HVAÐ VILT ÞÚ BYGGJA?

Steinullareiningar eru frábært byggingarefni fyrir skemmur, geymslur og fjós



- Steinullareiningar henta í útveggi, þök og milliveggi.
- Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður.
- Hægt að fá hönnun og teikningar til samþykktar fyrir byggingafulltrúa.
- Fljóttleg uppsetning með stöðluðum lausnum.

Hafðu samband og kynntu þér úrvalið.

Samningur um græna Danmörku

Stjórnvöld hafa skrifað undir viðtækan samning um græna Danmörku. Komist var að samkomulagi við bændur, matvælaframleiðendur, sveitarfélög, iðnrekendur og náttúruverndarsinna sem miðar að minni losun gróðurhúsalofttegunda, endurheimt vistkerfa og eflingu vatnsbúskapar.

Søren Søndergaard, formaður Landbrug og Födervare, segir bændur ánaegða með samninginn, sem sé hluti af markmiðum stjórnvalda um að draga saman losun gróðurhúsalofttegunda um 70 prósent fyrir 2030. Samkvæmt hagfræðikýrslu sem gerð var fyrir ríkisstjórnina var lagt til að leggja 750 danskar krónur á hvert CO₂ tonn, en Landbrug og Födervare hafi tekist að semja um lægri upphæð fyrir bændur.

Skattlagningin komi í tveimur þrepum; 120 danskar krónur verða lagðar á hvert losað tonn frá árinu 2030 og 300 danskar krónur frá árinu 2035. Í kerfinu sé innbyggður hvati til að koma upp umhverfisvænni búskaparháttum og geti bændur komist hjá skattgreiðslum ef þeir draga nágu mikið úr losun. Ekki verður lagður skattur á líffræðilega ferla sem ekki sé hægt að hafa áhrif á. Skrifað var undir samninginn þann 24. júní og á hann eftir að fara í gegnum þingið og fjárlagaumræðu.

Eyrnamerk landbúnaðinum

Søren nefnir að þær aðgerðir sem bændur geti ráðist í séu meðal annars að koma upp mykjulóni og senda skít í lífsgasverksmiðju áður en honum er dreift á túnin. Þær skatttekjur sem komi frá bændum verði eyrnamerkar til uppbyggingar af þessu tagi.

Ekki megi gera ráð fyrir samdrætti í landbúnaðarfamleidiðslu í Danmörku, nema að litlu leyti ef framleidiðsla hættir á jörðum þegar fjós verða úrelt eða ef ekki tekst að koma búrekstrinum á næstu kynslóðum.



Søren Søndergaard. Mynd / á

Samsetning heildarfamleidiðslunnar gæti breyst, til að mynda ef kúabændur snúa sér alfarið að kornrækt í staðinn fyrir að endurnýja fjölbreyttara atvinnulifi í dreifbýli á Austurlandi. Myndin er frá Reyðarfirði.

Ræktarland tryggt

Søren segir að ef upphafleg áform um ræktun skóga, endurheimt votlendum og útvíkkun vatnsverndarsvæða hefði náð fram að ganga hefði ekki verið eftir af Danmörku. Í lokaútgáfu samningsins hafi ræktarland fengið meira vægi og tryggt sé að hver hektari sem sé tekinn úr hefðbundinni landbúnaðarfamleidiðslu uppfylli þrjú skilyrði: Að með því sé verið að bæta vistkerfi, hafa jákvæð áhrif á loftslag og styrkja vatnsbúskap.

Þá sér Søren fyrir sér að bændur geti gert skipti á landi. Pannig sé hægt að tryggja að þeir endurheimti votlendi á þeim túnum sem henta best til þess, en geti keypt ræktarland á nágrennajörðum í staðinn. Þessi verkefni verði fjármögnum að stjórnvöldum, en bændur geti ýmist selt land eða fengið greiti fyrir að breyta því í votlendi eða skógi. Hugsunin er að með endurheimti votlendis fáist beitarland eins og var algengt í upphafi síðustu aldar. /ál



Á Austurlandi er nú unnið að verkefni Vatnaskil. Verkefnið er ætlað að efla nýsköpun og stuðla að fjölbreyttara atvinnulifi í dreifbýli á Austurlandi. Myndin er frá Reyðarfirði.

Mynd / sá

Austurland:

Grasrótin gaumgæfir atvinnulíf og nýsköpun



Páll Baldursson.

Vatnaskil hófust með samráðsfundi á Eiðum í ágúst í fyrra undir yfirskriftinni „Hjarta mitt slær í sveitinni“ samtal um framtíðartækifæri í sveitum Austurlands“. Pátttaka fór að sögn Páls fram úr björtstu vonum og mættu um 60 manns af öllu Austurlandi. Pátttakendur lögðu sjálfir fram umræðuefnin. Var m.a. kallað eftir ábendingum um hvað mætti bæta varðandi innviði á Austurlandi en þar voru samgöngur efstar á blaði; nýframkvæmdir, endurbætur og viðhald en einnig net- og farsímasamband og þriggja fasa rafmagn. Huga þurfi sérstaklega að ógnum vegna náttúrvár sem geti haft áhrif á innviði, t.d. vatnsból. Afurð samráðsfundarins var m.a. áhugaverð skýrsla sem ILDI, þjónusta og ráðgjöf, sem hafði umsjón með samráðsfundinum, tók saman og má finna á vef Austurbrúar.

Áherslur á Austurlandi

Samgöngur eru langstærsta og mikilvægasta viðfangsefnið til að styrkja stöðu dreifbýlis á Austurlandi, að mati þeirra sem tóku þátt í fundinum „Hjarta mitt slær í sveitinni“. Voru sérstaklega nefnd Mjóafjarðargöng, Öxi, Fjarðarheiðargöng, Hellisheiðargöng og Suðurfjördavegur.

Í sveitum þykja að öðru leyti mikilvægust mállefni matvælaframleiðslu og heimslátrunar, landbúnaðar, eignarhalds á landi og búsetu, nýliðunar, húsnaðis og félagslifs. Allt séu þetta mállefni sem varði grundvöll búsetu í sveitum, framboð jarða og húsnaðis, framleiðslu, lífsafkomu og gott samfélag.

Hjarta mitt slær í sveitinni – samtal um framtíðartækifæri í sveitum Austurlands, 23. ágúst 2023, ILDI, Sigurborg Kr. Hannesdóttir

grænmetrisræktun. Mjög mikið væri t.d. ræktað af kartöflum og það væri gríðarlega mikilvægur vöruflokkur fyrir Íslendinga ef til fæðu-skorts kæmi.

Bæta þarf aðstæður til matvælaþróunar

Þá segir Páll að jafnframt hafi verið haldinn fundur um austfísk matvæli og áskoranir og tækifæri sem eru í fullvinnslu á austfísku hráefni.

Sem dæmi um það sem borið hafi á góma var regluverk í matvælaframleiðslu og að það væri oft flókið og erfitt viðureignar. Ákall var um betri aðstöðu til að vinna að þróun matvæla, þ.e. að tækjabúnaður væri til staðar og í lagi. Fundargestir fögnum tækifæri til að hittast og mikill vilji er til að halda því áfram og skapa þannig sterk tengsl á milli framleiðenda. Í þessu samhengi var Matarmóti Austurlands, sem halddi hefur verið árlega síðustu haust, hampað mjög. Jafnframt ræddi fundurinn hlutverk verslana í uppbyggingu austfískrar matvælaframleiðslu og voru fundarmenn sammála um að það væri erfitt að koma vörum inn í sterri verslanir. Finna þyrfti leiðir til að bæta úr því. Er vonast til að með auknu samtali og upplýsingagjöf milli fólks sem brennur fyrir austfískri matvælagerð megi skapa vettvang til samstarfs og frekari atvinnusköpunar.

Páll segir að í framhaldinu verði fundað um mállefni eins og t.d. vatnsból, orkuöflun og orkuskipti og börn og jöfn tækifæri til sveita. /sá

TORMEK

Bestur í brýningar



T-4 verð 78.740

NÝ
SENDING



**VERKFÆRA
LAUSNIR**

Skútuvogi 1E - Opið virka daga 8:00-17:00

verkfæralausnir.is

1997 27 ÁRA 2024

AFMÆLIS TILBOD

GEGGJUÐ TILBOD OG AFSLÆTTIR

27% AFSLÁTTUR
AF 27 VÖRUM

VERKFÆRA SALAN



Sjáðu afslætti
og tilboð á vfs.is



VERKFÆRASALAN • SÍDUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is



Bændasigling um eyjur Króatíu

Sjö daga glæsisigling um Adriahafið í Króatíu þar sem heimsóttar verða heillandi eyjur og strandbæir eins og Dubrovnik, Bol, Hvar og Korkula, Siglingin er sérstaklega hugsuð með íslenska bændur í huga.

Í þessari einstöku siglingu fáum við meðal annars að kynnast framleiðslu á hunangi og marmelaði, njótum víns- og matarupplifana og heimsækjum fallega lavender ræktun.

Petta er einstakt tækifæri til þess að fá innsýn inn í króatískra bændamenningu sem og njóta þess að sigla meðfram fallegum ströndum og bæjum með uppruna allt frá miðoldum. Siglingarnar eru í júlí og ágúst 2025.

Kynntu þér ferðina á kompaniferdir.is eða sendu okkur fyrirspurn á info@kompaniferdir.is

Staðirnir

- Split
- Bol
- Dubrovnik
- Korkula
- Hvar
- Pucisca
- Markaska

Verð frá: 379.990kr.- á manni í tvíbýli

Hornafjarðarfjörður:

Umhverfisáhrif óhjákvæmilega verulega neikvæð

– Bændur óttast að veglagningin muni verða varanleg ógn við ræktarlönd

Veglagningin yfir voginn á milli Hríseyjar og Árnaness, þar sem sameiginlegt útfall Hoffellsár og Laxár rennur til sjávar.

Mynd / Asgeir Núpan Ágústsson

Unnið er að veglagningu í Hornafirði, styttingu hringvegarins um Hornafjarðarfjörð, á milli bæjanna Hólms í vestri og Dynjanda í austri með brúarsmiði yfir Djúpá, Hornafjarðarfjörð, Hoffellsá og Bergá. Fyrir skemmuðu bárust tíðindi af miklu vatnstjóni á ræktarlöndum kartöflu- og kornbaðenda í Nesjum, sem rekja má beint til veglagningarinnar og brúargerðarinnar yfir sameiginlegt útfall Hoffellsár og Laxár.

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

Forsaga þessarar vegagerðar nær tæplega 20 ár aftur í tímann. Leiðin sem varð lokt fyrir valinu er númeruð 3b, samtals 19 kílómetra löng og styttr hringveginn um 12 kílómetra. Markmiðið með gerð

vegarins er fyrst og fremst að auka umferðaröryggi, draga úr slysahættu, stytta vegalengdir og tryggja góðar samgöngur á svæðinu.

Sáði ekki í sína bestu garða

Braeðurnir Hjalti og Eiríkur Egilssynir stunda landbúnað á aðliggjandi landsvæðum við áðurnefnt útfall sem liggur meðfram Árnanesi – og

þeir eru að hluta eigendur að – auk þess sem kartöflubændur í Akurnesi eiga þar lönd sem þeir nýta undir kartöflugarða og sem beitilönd fyrir sauðfé og hross.

„Ég hafði strax í vor, fyrir sáningu, samband við eftirlitsmann Vegagerðarinnar með veglagningunni og tilkynnti honum áhyggjur mínar af hárrí grunnvatnsstöðu á svæðinu og lelegu útstreymi úr garðlöndum. Ég setti því ekki niður kartöflur í minn besta garð þar sem ég hafði áhyggjur af grunnvatnsstöðnum, en sett var niður korn í þann garð.

Við gátum ekki tekið upp kartöflur í heilum hektara sem verst fór í flóðunum. Auk þess eru að koma fram skemmdir á uppskeru

sem samsvara þremur hekturum til viðbótar,“ segir Hjalti.

Hann áætlar að heildartjón bænda geti hlaupið á tugum milljóna.

*Voru tilbúnir til
að semja um aðra leið*

Veglagningin sem um ræðir og brúargerð, liggr yfir voginn á milli Hríseyjar og Árnaness. Byrjað var á þeiri veglagningu síðasta haust, en breiddin á útfallinu í voginum á þessum kafla var um 300 metrar áður en framkvæmdir hófust. Brúin verður 114 metra löng þegar brúargerðinni verður lokið, með vegfyllingum hvort sínum megin við brúna. Þegar tjónið varð var búið að brúa um 20 metra og þurfti verktakinn að rjúfa vegfyllinguna að austanverðu á 40 metra kafla til að bjarga því sem bjargað varð úr ræktun kartöflubandanna á Seljavöllum og í Akurnesi. Hjalti er kartöflubondi en Eiríkur er kúabondi sem líka standar kornrækt og flaut einnig yfir kornakra á hans vegum í áðurnefndu flóði.

„Við vorum alltaf tilbúnir til að semja um aðra leið en Vegagerðin valdi svo sjálf, en þetta er eiginlega dálítið heimamönnum að kenna því þeir vildu ekki fara þá leið,“ segir Hjalti og vísa þar til ákvæðana sveitarfélagsins um valda veglinu. „Þeir voru að reyna að ná í ferðamennina – fá þá nær sér – en við sjáum það núna að þessi vegur er bara stórtjón fyrir byggðarlagið og vistkerfið. Við gáfum aldrei samþykki fyrir þessari leið og því voru löndin okkar tekin eignarnámi sem leggja á veginn um.“

Fyrst mælt með leið 1

Veghönnunardeild Vegagerðarinnar gaf út drög að tillögum um matsskýrslu vegna veglagningar um Hornafjarðarfjörð í júlí 2006, en sílk vegagerð hafði verið til umræðu um nokkura ára skeið. Í skýrslunni kom fram að á vegáætlun fyrir árið 2008 væri fjárveting til framkvæmda á þeim vegkfla.

Í drögnum er fyrst stillt fram þremur valkostum; leið 1, leið 2 og leið 3. Í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar sem gefin var út í janúar 2008 er mælt með að leið 1 verði farin umfram aðrar leiðir. Réðu þar umhverfisáhrif mestu um, auk þess sem leiðin var einnig

talin uppfylla öll markmið um umferðaröryggi og greiðfærni. Þá var sú leið talin verulega hagkvæmari en aðrar leiðir.

Bæjarstjórn vildi leið 3

Á bæjarstjórnarfundi í febrúar árið 2008 er samþykkt eftirfarandi bókun um málið sem bæjarstjórn sendi svo til Skipulagsstofnunar sem athugasemd við frummatsskýrslu Vegagerðarinnar.

” Hann áætlar að heildartjón bænda geti hlaupið á tugum milljóna ...

„[...] Stytting vegalengda innan sveitarfélagsins Hornafjarðar er grundvallaratriði að mati bæjarstjórnar Hornafjarðar. Sú umtalsverða stytting sem verður samfara því að fara leið 3 samanborið við að fara leið 1 er það mikil að bæjarstjórn Hornafjarðar telur að almannahagsmunir liggi við.“

[...] Það er því niðurstaða bæjarstjórnar Hornafjarðar að leið 3 í tillögum Vegagerðarinnar sé besti kosturinn af þeim leiðum sem hún leggur til að verði metnar í framkvæmdamati. Ekki síst vegna bætts umferðaröryggis sem og verulegrar styttingar á vegalengdum innan sveitarfélagsins sem leið 3 hefur í för með sér. Niðurstaða bæjarstjórnar Hornafjarðar er því að leið 3 verði fyrir valinu með þeiri breytingu að ekki verði farið út í Skarðsfjörð með veginn,“ segir í bókuninni.

Verðmætri matvælaframleiðslu stefnt í hættu

Sveinn Rúnar Ragnarsson og Ragnheiður Másdóttir reka sauðfjárbú og stunda kartöflubúskap í Akurnesi, ásamt foreldrum Sveins, þeim Ragnari Jónssyni og Ingunni Jónsdóttur. Hann segir að áhrif flóðanna á garðlöndin til skemmuðu tíma séu ekki komin í ljós.

YAMAHA GRIZZLY FJÓRHJÓL

— Lítið notuð hjól á tilboðsverði!

Afsláttur frá 350.000 - 890.000 kr.

Bjóðum nokkur notuð Yamaha Grizzly fjórhjól og Yamaha Wolverine buggy bíla á tilboðsverði í lok september með 5 ára ábyrgð og 10 ára ábyrgð á drifreim.

EKKI MISSA AF PESSIONU!
hafðu samband og kynntu þér málið

GÖTUSKRÁD,
HVÍT NÚMER

KRÓKUR,
DRÁTTARGETA
680 KG

ULTRAMATIC SJÁLFSKIPTING
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á REIM,
5 ÁRA ÁBYRGÐ Á HJÓLI

RAFMAGNSSTÝRI

HÁTT OG LÁGT DRIF
OG DRIFLAESINGAR

WARN SPIL
AD FRAMAN

EINUNGIS 315 KG
MED BENSIÐI OG OLÍUM

YAMAHA Á ÍSLANDI

Kletthálsi 3, 110 Reykjavík
S 540 4980 | www.yamaha.is

Umboðsáðili

YAMAHA



Horft til austurs yfir útfall Bergár, en þar á austurbakkanum er Dilksnes með sína stofnútsæðisræktun.

Mynd / Ásgeir Núpan Ágústsson



Garðarnir á Miðskeri á floti.

Þarna voru garðar hjá okkur sem voru bara á floti og við þurftum að grípa til þess að framræsa þetta vatn, sem við höfum ekki þurft að gera áður. Það gekk bara alls ekki vel. Garðarnir hafa blotnað í miklu vatnsveðri en þetta er ný saga að sjá þetta svona,” segir Einar Arni Kristjánsson, bóni á Miðskeri.

„ÍSTAK fíkk að leggja veg í gegnum Skógey, vinnuveg vegna framkvæmdanna, og þar átti að vera ræsi á veginum en það hefur ekki enn orðið. Við sjáum að sá vegur hefur áhrif á vatnafarið hjá okkur og erum ekki í vafa um að vega- og brúargerðin við útfallið í voginum hefur líka áhrif á það hvað það rennur illa úr okkar góðum. Þetta er á nokkrum hertum hjá okkur og er alvörutjón. Okkur líst illa á eftir verður sviðsmyndin til framtíðar.“

Leið 3b kynnt

Í desember 2008 var leiðin 3b kynnt sem ný útfærla á leið 3 á opnum kynningarfundum. Kom hún í kjölfar óska sveitarfélagsins um tilfærslu leiðar 3 norður fyrir Flóa, utan Skarðsfjarðar sem væri á náttúruninjaskrá, og hins vegar vegna athugasemda frá almenningi um að land sunnar í Skógey væri burrara en þar sem leið 3 væri áætluð.

Matsskýrsla vegna fyrirhugaðra framkvæmda lá fyrir í apríl 2009 og mun hún hafa borist Skipulagsstofnum í júní það ár. Í henni var einnig gerð grein fyrir leið 3b, að með henni væri dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum miðað við leið 3.

– Framhald á næstu opnu.



Skýringar — Leið 1 — Leið 3 — Hringvegur 1 — Ár og lækir — Hæðarlínur
Nýjar veglinur — Leið 2 — Leið 3b — Slóðar — Vötn

„Það hefur ekki orðið uppskerubrestur hjá okkur en það munu að öllum líkindum koma fram bleytuskemmdir sem munu hafa áhrif á nýtanlegt uppskerumagn. Til lengri tíma eru áhrifin alvarlegir því nú er svæði sem hefur verið tiltölulega öruggt til ræktunar orðið áhættusamara,” segir hann.

Spurður almennt út í veglagninguna segir Sveinn að með henni sé verið að stefna verðmætri matvælaframleiðslu í talsverða hættu. „Kartöflurækt í Nesjum fer að stórum hluta fram á bökkum og í grennd við Laxá, Hoffellsá og Bergá. Oft og tíðum í garðlöndum sem eru einn til tvö metra yfir sjárvarmáli. Ástæðan fyrir því að kartöflurækt hefur fest sig í sessi í Nesjum er fyrst og fremst sú að þar hafa skapast aðstæður frá náttúrunnar hendi sem gera ræktunina örugga. Í því felast mikil verðmæti.

Eg óttast það að sum af þessum svæðum geti orðið of áhættusöm til kartöfluræktar og annarrar akuryrkju ef að ekki verður brugðist við og leitað alla leiða til að draga úr flóðahættu vegna nýja vegarins.“

Stofnútsæðisræktun í Dilksnesi

Veglína 3b mun sem fyrr segir liggja yfir á Árnanes og þaðan liggur leiðin yfir votlendi og vatnsvíð Bergá og á land sem var í eigu kartöflubændanna í Dilksnesi, áður en Vegagerðin tók það eignarnámi.

Bruður yfir Bergá verður 52 metrar á lengd, auk vegfyllinga, og hefur í sumar verið unnið að undirbúningi fyrir brúargerðina.

„Þetta ógnar auðvitað okkar ræktun og lífsafkomu, en svo hafa þessar framkvæmdir líka svo mikil áhrif á umhverfið. Við finnum strax fyrir neikvæðum áhrifum á fuglalíf og fiskigöngu hér í firðinum hjá okkur,” segir Finndís Harðardóttir, bóni í Dilksnesi.

„Við höfum verið í stofnútsæðisræktun hér í um 30 ár, en Bjarni maðurinn minn fíll frá í desember á síðasta ári. Synir okkar hafa sýnt kartöfluræktuninni áhuga, svo það er mögulegt að þeir taki við þessu.

Það eru bara þrír bærir í stofnútsæðisræktun á Íslandi – sem gengur út að rækta sjúkdómafrítt útsæði fyrir íslenska kartöflubændur – og við erum þeir einu sem erum hér á Suðurlandi. Hornafjörður byr auðvitað við þá sérstöðu að vera myglufrítt svæði fram til þessa þegar kemur að kartöfluræktun – og því er þetta mjög dýrmætt svæði,” segir Finndís.

Einnig áhrif á veðurfar

Hjalti telur að þar sem ákveðið var að vegstæðið yrði svo neðarlega í Hornafjörðum þá séu þeir ekki alltaf öruggir með nægilegt frárennslu frá bestu görðunum þeirra, sem er nauðsynlegt svo þau halddi áfram að teljast góð ræktarlönd.

„Veglagnningin mun einnig hafa varanleg áhrif á veðurfar á þessum garðlöndum okkar með kaldara veðurfari. Við höfum notið þess að þarna myndast hagstætt loftslag, en með hæri grunnvatnsstöðu kólunar. Pessi framkvæmd getur haft



Hjarta heimilisins

Við hönnum innréttningar að þínum þörfum

FRÍFORM
2000 - 2024

Mán. – Föst. 10–17
Laugardaga 11–15

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562-1500
Friform.is.

Verulega neikvæð áhrif á umhverfi

Vegagerðin valdi veglínuna 3b svo í raun formlega í samráði við Sveitarfélag Hornafjarðar, sem gert var meðal annars árið 2009 með breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 1998–2018. Bærjastjórn sveitarfélagsins samþykkti svo beiðni Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi 1. desember 2016, eftir að verkefnið hafði farið í gegnum mat Skipulagsstofnunar í ágúst 2009 á umhverfisáhrifum framkvæmdanna, þar sem metin voru áhrif mismunandi leíða.

Álit Skipulagsstofnunar var að með vali á leiðum 2, 3 og 3b yrðu áhrif á landslag, ásýnd, jarðmyndanir og gróður óhjákvæmilega verulega neikvæð. Hins vegar yrði með vali á leið 1, dregið eins og kostur væri úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdanna og samræmdist því best markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum. Væru neikvæð umhverfisáhrif leiðar 1 minni en annarra kynnra kosta, auk þess sem sú veglagning leiddi til minnstrar efnistóku úr nærliggjandi námu.

Stofnunin leggur til skilmála um að Vegagerðin eigi samráð, meðal annars við Landgræðslu og Umhverfisstofnun, um endurheimt votlendis vagna framkvæmda.

Leiðarval réðst af markmiðunum

G. Pétur Matthíasson, forstöðumaður samskiptadeilda Vegagerðarinnar, segir að val á leiðinni hafi ráðist af markmiðum framkvæmdarinnar, um bætt umferðaröryggi og greiðfærni – og sú leið sem var valin hafi uppfyllt best þau skilyrði. „Framkvæmdin fór í ferli við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og lauk því með alíti Skipulagsstofnunar árið 2009. Vegagerðin sótti um framkvæmdaleyfi til sveitarfélagsins og var það veitt árið 2016 og hófust framkvæmdir í framhaldinu.



Hjalti Egilsson á Seljavöllum, ásamt barnabarninu Halldóru Ines.

Framkvæmdaleyfið var kært til úrskurðarnefndar umhverfisfog og auðlindamála og hafnaði úrskurðarnefndin kröfu kærenda, eins og kemur fram í úrskurði 01/2017 í nóvember 2017. Fjallað er um áhrif framkvæmdarinnar á umhverfi í matsskýrslum framkvæmdarinnar og er sú saga rakin jafnframt í úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta vegna eignarnáms vegna framkvæmdarinnar, þar með talið áhrif á ræktarlönd. Verkfraðistofan Vatnaskil fór yfir vatnafræðilegar aðstæður á svæðinu og skilaði hún greinargerð árið 2007. Verkfraðistofan útbjó meðal

annars straumlíkan af svæðinu er tók tillit til fjölda vatnafræðilegra þáttu á svæðinu. Niðurstöðurnar voru nýttar sem forsendar við hönnun brúarmannvirkja – lengd og hæð þeirra,“ segir G. Pétur.

Forsendur flóðalíkans

G. Pétur bendir á að matsnefnd eignarnámsbóta hafi jafnframt kallað til hlutlausn matsmann, Snorra Zóphaníasson jarðfræðing, til að fara yfir mál varðandi kartöflurækt og áhrif fyrirhugaðra mannvirkja. Í niðurstöðum hans hafi komið fram að þegar tekið sé tillit til þess að kartöflur séu ræktaðar á sumrin er áhætta sem tekin er á að flóð nái upp á lægstu spildurnar á þeim tíma litlu sem engu meiri vegna vegfyllinganna og brúarinnar. Áhættan væri minni nú en fyrir nokkrum árum vegna landhækunar.

Hjalti segir hins vegar að þarna sé um alvarlegan misskilning að ræða. Árbotnarnir rísi alveg jafnmikið og landið þannig að árnar verði grynri. Miðað við staðhæfingar um landhækun etti vatnsstaðan að hafa breyst um hálfan metra frá því kartöfluræktun hófst 1972, en hún hafi hins vegar ekki breyst.

Sveinn segir í þessu sambandi



Mynd úr gróðurhúsinu í Dilksnesi frá því í sumar, en þar er stunduð stofnútsæðisræktun á hreinu kartöfluutsæði fyrir íslenska kartöflubændur.

Kubota M6-142

Fullkomin dráttarvél sem sameinar kraft, fjölhæfni og þægindi

Kubota

PÓRF

Reykjavík, Akureyri og Selfossi thor.is s 568-1500



Ólafur Árnason, forstjóri Skipulagsstofnunar.

Mynd / Skipulagsstofnun

„Ólafur bendir á að umfjöllun um skerðingu landbúnaðarlands fari ekki hátt í matsskýrslum ...

Mögulegar endurkröfubætur á verktakann

Pegar G. Pétur er spurður um hvort Vegagerðin hafi ekki brugðist við varúðarorðum bænda vagna vegagerðarinnar, segir hann að ábendingum hafi verið komið á framfærvi við verktakann ÍSTAK. „Honum var bent á, þar sem hann hafði prengt verulega að útrennsli árinnar, að hann yrði að vera tilbúinn að rjúfa fyllingar ef þær aðstæður sköpuðust að þetta ylli flóðum ofan við. Þess ber að geta að það hefur aðeins flætt í þá garða sem nýjastir eru á svæðinu og liggja mjög neðarlega í landinu.

Vegagerðin mun fara ítarlega yfir þetta á næstu vikum og skorast ekki undan ábyrgð í málinu en hún á svo hugsanlega endurkröfum á verktaka, sem verður skoðað. Fyrstu skoðanir á vettvangi með bændum í úttektum, benda til þess að ekki sé um tugmilljóna tjón að ræða, sem betur fer,“ segir G. Pétur.

Hefur gríðarleg áhrif á svæðið í heild

Sem fyrr segir voru bændur tilbúinir til að sætta sig við að vegurinn fær um leið 1 og þá um eignarlönd þeirra ofan við ræktarlöndin. „Við vildum fara þessa leið og vorum tilbúinir til að semja um allar mögulegar útfærslur á henni bara til að koma í veg fyrir að þetta fær ekki hérra niður fyrir því við vissum alveg hvað það myndi kosta okkur ef vatnafarið þar breyttist,“ segir Hjalti.

Leið 3b mun hafa gríðarleg áhrif á svæðið í heild að mati Hjalti. „Það er vaðið yfir mörg lönd þarna, Dilksnes, Hjarðarnes og til að fara beint austur eru brotnir klettar við Álfakirkjuna – gríðarlega fallegar litlar jarðir sem eru algjörlega orðnar verðlausar í dag.

Þá er farið yfir Árnanes, sem er mjög friðsæll staður og utan í Hrafneyrar sem var æðarvarp. Einungis verptu þar 50 kollar í sumar, en milli 150 og 200 kollar síðastliðið vor.

Par sem vegurinn sveigir í suður er farið yfir land sem er eiginlega allt ósnortið og mikið votlendi.“

Verðmat matvælaframleiðslulönd

„Maður er mjög sleginn yfir þessu því þarna er verið að eyðileggja mjög verðmæt matvælaframleiðslulönd.

Petta fór í gegnum umhverfismat fyrir löngu síðan – og þegar þurfti að virkja framkvæmdaleyfið og halda gildi þess byrjuðu þeir bara á því að stúrtu nokkrum hlössum hérra árið 2018 því það var á allra vitorði að þetta hefði aldrei komist í gegnum nýtt umhverfismat. Síðan gerðist ekkert í fjögur ár. Er það réttlætanlegt af hálfu opinberra aðila að haga sér með þessum hetti?“ sprýr Hjalti.

Hann baðir því við að vel hefði verið haegt að mæta markmiðum verkefnisins með því að fara leið 1.



Hér má sjá legu ræktarlanda miðað við það brúarstæðin.

Mynd / map.is

Styttingin miðað við leið 3b væri einungis undir einum kílómetra á hringveginum en til Hafnar væri hún um þrír til fjórir kílómetrar og það virðist hafa verið aðalatráðið þó leið 1 væri hagkvæmari að flestu öðru leyti, hvað varðar kostnað og áhrif á vistkerfið.

Sveitarfélagið hefur skyldur um eftirfylgni

Álit Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif hringvegar um Hornafjörð er sem fyrr segir orðið fimmtán ára gamalt og segir Ólafur Árnason forstjóri að það hafi verið þeirra aðkoma að málinu. „Það var svo á ábyrgð sveitarfélagsins að taka rökstudda afstöðu til umhverfismatsins, umhverfismatsskýrslu og álíts okkar við útgáfu framkvæmdaleyfis – og að framkvæmdin sem veitt er leyfi fyrir sé í samræmi við það sem lýst var í umhverfismatinu.“

Sveitarfélagið hefur jafnframt það eftirlitshlutverk að fylgja því eftir að

skilyrði sem sett eru, meðal annars á grunni umhverfismats, séu uppfyllt.“

Lítill umræða um skerðingu landbúnaðarlands

Ólafur segir að framkvæmdin hafi verið athyglisverð að mörgu leyti og áhrifabættir margir. „Á fyri stigum, þegar matsáætlun var til umfjöllunar, þá kom það fram í ákvörðun Skipulagsstofnunar að skoða ætti fleiri veglínur, meðal annars vegna athugasemda landeigenda. Þessi ákvörðun var kærð af Vegagerðinni til umhverfisráðuneytis og málið fór áfram bæði í héraðsdóm og Hæstarétt. Niðurstaða þessa kæruferlis var að Vegagerðinni væri ekki skylt að skoða aðra valkosti en þá sem hún hefði lagt fram.“

Ólafur bendir á að umfjöllun um skerðingu landbúnaðarlands fari ekki hátt í matsskýrslum, eigi sér til dæmis ekki sérstakan kafla, en í umfjöllun um landnotkun og vatnafar megi þó finna efni um möguleg áhrif á ræktarland meðal annars.

Til dæmis megi í umhverfismatsskýrslu Vegagerðarinnar finna athugasemdir landeigenda, meðal annar vegna umræddra kartöflugarða og svör Vegagerðarinnar og sérfræðinga þeirra við þessum áhyggjum. Í svorunum komi fram að við hönnun brúaropara og ræsa yrði þess gætt að full vatnsskipti næðist svo að áhrif framkvæmdanna á vatnafar yrðu í lágmarki. Byggd yrði á sjávarfallamælingum og straumískani. Kom fram að lág staða kartöflugarða í Nesjum hafi verið höfð í huga þegar þessar mótvægisáðgerðir voru lagðar fram. Fram komi að landris í Hornafirði nemi sjö millimetrum á ári og því fari flóðahættan minnkandi.

Umfjöllun um landbúnaðarland hefði orðið skarpari

Að sögn Ólafs er eðlilegt að sveitarfélagið sem leyfisveitandi, knýi á um að Vegagerðin framkvæmi þær mótvægisáðgerðir sem séu boðaðar með fullnægjandi hætti, í samræmi

við niðurstöðu umhverfismatsins og þeirra gagna sem lögð voru fram. „Frétt um málið bendir þó til þess að bráðabirgðabréu hafi valdið umræddu flóði og að Vegagerðin ætti að bregðast við þessum skaða – og standi við fyrri niðurstöðu um að ekki sé hætta á flóðum vegna endanlegrar brúar sem hafi miklu stærra brúarop,“ segir hann.

Í nýrri landsskipulagsstefnu er lögð mikil áhersla á vernd landbúnaðarlands. Ólafur efst um að hún hefði komið í veg fyrir að þessi framkvæmd kæmist í gegnum skipulagsferlið. Hann telur þó að stefnan og áherslur í dag um vernd landbúnaðarlands, hefðu líklega haft áhrif á áhersluatrið umhverfismats og val á endanlegum kosti – til dæmis með skarpari umfjöllun um landbúnaðarland.

Verðmætt vörumerki

Ljóst er að kartöflubændur í Hornafirði telja veglagninguna varanlega ógn við sinn landbúnað. Kartöflurækt

„... muni auka tíðni flóða yfir og við kartöflugarða. Megi áætla að vegleiðin geti haft neikvæð áhrif á kartöflurækt og annan landbúnað.“

í Hornafirði er um margt verðmæt matvælaframleiðsla og vörumerki. Svaðið er myglufrítt og þar er einn af þremur stofnútsæðiræktendum á landinu sem leggja íslenskum kartöflubændum til sjúkdómafrítt útsæði ár hvert.

Kartöflubændurnir leituðu til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins til að vinna álítsgerð um möguleg áhrif af framkvæmdunum á ræktarlöndin. Þar kemur fram að framkvæmdirnar muni auka tíðni flóða yfir og við kartöflugarða. Megi áætla að vegleiðin geti haft neikvæð áhrif á kartöflurækt og annan landbúnað. Mikil óvissa sé um líkur eða tíðni þess að áhrifin muni valda uppskerubresti, uppskerurýrun eða að uppskerutími verði seinni en ella. Végleið 3b muni takmarka mjög framtíðarmöguleika á því að taka gott öræctað land til nýtingar.

Telur Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins óljóst hversu ofarlega í landinu áhrifanna kunní að gæta, en alls séu 40 hektarar ræktarinn neðan ármótanna og vestan afleggjara í Árnanesi. Sé kartöflurækt mun viðkvæmari fyrir breytingum í umhverfinu en annar hefðbundinn landbúnaður. Geti litlar breytingar rýrt uppskeru svo um muni.

BLEIKUR OKTÓBER !

OKTÓBERSTJARNAN ER NÚ KOMIN Í ALLAR HELSTU BLÓMAVERSLANIR.

RÆKTUD AF BIRGI GARÐYRKJUBÓNDI Í HVERAGERÐI. HLUTI SÖLUVERÐS RENNUR TIL VERKEFNIS KRABBAMEINSFÉLAGSINS „BLEIKA SLAUFAN“



 **BLEIKA
SLAUFAN**

Blóm gera kraftaverke

íslensk
blóm



Nýsköpun:

Lindifura út úr kú

– Framleiðandi fetar ótroðnar slóðir

Skógarsúkkulaði með lindifuruolíu er nýlunda á íslenskum súkkulaðimarkaði.

Súkkulaðigerðin ÚTÚRKÚ var stofnuð árið 2023 og framleiðir m.a. súkkulaðiplötur og konfekt. Súkkulaðið er allt unnið úr „Fine Flavour Cacao“-baunum frá Suður-Ameriku.

Fyrsta íslenska skógarsúkkulaðið frá fyrirtækini er með lindifuruolíu og var sett á markað í mjög takmörkuðu magni í júlí en fæst nú víðar. Um er að raða handgert mjólkursúkkulaði með íslensku lindifuruolíu sem eimud er hjá Hraundísi í Borgarfirði. Olían hefur mildan og sætan ávaxta- og viðarilm og er búin til með því að gulfueima nálar lindifuru úr íslenskum skógum. Engin tré eru feldi við framleiðsluna heldur er aðeins nýtt það sem til fellur úr skógum við grísun.

Konfekt ÚTÚRKÚ er sagt innblásið af íslenskri náttúru og hefðum. Í fyrsta konfektkassa fyrirtækisins voru t.a.m. molar með kaffi og kúmeni, bláberjum, blóðbergi og lakkriskaramellu.

Óhrædd við að prófa nýja hluti

Það er Ólafsfirðingurinn Brynjólfur Ómarsson, eigandi ÚTÚRKÚ, sem sér um framleiðslu á súkkulaðinu og daglegan rekstur. Hann hefur unnið í matvælageiranum með allnokkrum hléum frá 2004 og hefur mikla reynslu af markaðssetningu og vöruprófun. Vigdís Vo, konditor og bakarameistari, hefur yfirumsjón með konfektgerðinni.

Um það hvernig samstarfið við Hraundísi kom til segir Brynjólfur að hann hafi verið að leita að skemmtilegu íslensku hræfni til að nota í súkkulaði og á óskalistanum hafi verið hvönn, kerfill og birki.

„Við fundum þá Hraundísi þar sem hún er að framleiða olíur úr alls kyns íslenskum plöntum og fengum



Brynjólfur Ómarsson hjá ÚTÚRKÚ vill nýjungar og ævintýri inn á íslenska súkkulaðimarkaðinn. Hér er hann að salta súkkulaði.

sýnishorn hjá henni til að nota í tilraunastarfsemi,“ segir hann og heldur áfram: „Hún benti okkur á lindifuruna sem gæti hugsanlega passað með súkkulaði. Við höfðum ný takmarkaða trú á lindifurunni þar sem við þekktum hana einfaldlega ekki. En svo kom hún mjög skemmtilega út í mjólkursúkkulaði og þegar við fengum viðbrögð frá smakkhópunum okkar þá kom hún best út,“ segir hann.

Hvannarsúkkulaði í vetrur

Að sögn Brynjólfss er innan við 1% lindifuruolíu í súkkulaðinu. „Hún er svo bragð- og ilmsterk að ef við settum meira þá yrði bragðið yfirlagnafandi. Við renum að finna jafnvægi milli súkkulaðisins og lindifurunnar svo að bæði hræfnin njóti sín,“ útskýrir hann.

Innan tveggja mánaða frá því sýnishorn barst af lindifurunni var súkkulaðið komið á markað. „Við vildum ná að framleiða þetta í sumar til að eiga möguleika á að bæta við okkur meira hræfni áður en haustar,“ útskýrir hann.

Von er á fleiri súkkulaðitegundum.

„Við munum klárlega koma með fleiri tegundir í vetur. Sennilega kemur hvönnin næst á markað og þá sem hluti af jólasveinasúkkulaðinu okkar. Ætli Giljagaur fái ekki þann heiður að vera fulltrúi hvannarinnar,“ segir Brynjólfur enn fremur.

Vilja hrista upp í markaðinum

ÚTÚRKÚ-vörumerkið mun ekki tilkomið vegna þess að vörur fyrirtækisins innihaldi kúaafurðir enda þýðir orðasambandið út úr kú eitthvað sem þykir fjarstæða. Vörumerkið er fremur sagt standa fyrir að vera óhefðbundið, öðruvísi, með nýstárlagar bragðtegundir og óvenjulegt útilit. „Við erum óhrædd við að fara ótroðnar slóðir, óhrædd við að prófa nýja hluti og að vera alítin algjörlega út úr kú,“ segir Brynjólfur.

„Markmið okkar er að hrista aðeins upp í íslenska súkkulaði- og konfektmarkaðinum. Það er svo margt sem vanrar inn á þann markað og sem gömlu og stóru framleidendum eru alls ekki að sinna. Við erum alltaf að bæta við nýjum vörum,“ segir hann að endingu. /sá



Í nóvember á síðasta ári voru 20 gimbrar keyptar í því skyni að byggja upp sauðfjárbúskapinn sem einnig verður lífrænt vottaður. Myndir / Aðsendar

Sauðaostagerð:

Sækja áhrif til Suður-Evrópu



Eiríkur Gunnarsson.

Úrvals sauðaostar

Að sögn Eiríks er einhver reynsla til staðar á Íslandi sem hægt er að sækja í varðandi sauðamjólkurvinnslu, en kannski ekki alveg á því sviði sem þau þurfi verður lífrænt vottaður.

„Við erum ekki byrjuð að mjólkua eins við gerðum ráð fyrir. Það hefur allt tafist má segja í okkar búrekstri; bæði að fá mjaltavélina og eins er heyskap ekki lokið og því hefur seinkað að setja lömbin á þeim. Svo má eiginlega segja að orðið hafi almennum uppskerubrestur hjá okkur í útvirkun grænmetis, svo slæmt hefur veðrið við í sumar.

Við höfðum vonast eftir að geta hafið tilraunaframleiðslu á ostum núna í haust og vonumst reyndar enn eftir að geta mjólkuað eitthvað og byrjuð að prófa okkur áfram,“ segir Eiríkur, en væntir þess að þróunarferlið muni taka nokkuð langan tíma.

Ostagerðarmaður erlendis frá

„Hugmyndin með þessari styrkumsókn var að við myndum frysta mjólkina og fá svo til okkar ostagerðarmann erlendis frá seinna í haust eða byrjun vetrar til að hjálpa okkur að þróa hugmyndir til að vinna úr henni,“ heldur Eiríkur áfram.

„Okkar áætlanir eru hins vegar óbreyttar með að við stefnum á að vera komin með eina ostategund í það minnst á markað árið 2026. Það kann að hljóma langur þróunartími en við höfum metnað til þess að gera góða osta sem hafa sérstöðu, ekki bara venjulega osta, og þá tekur þetta bara sinn tíma. Þessi styrkur úr Matvælasjóði gerir okkur það fært.“

/smh

Þú færð rafstöðina hjá okkur

KONNER & SÖHNEN

Parftu áreiðanlega rafstöð? Kynntu þér rafstöðvarnar frá Konner & Söhnen

Reykjavík, Akureyri og Selfossi thor.is s 568-1500

PÓRF

Einádag Kemur heilsunni í lag



ÍSLÉNSKT

gjörð svo vel

Auglýsing um skipulag

Í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
er hér með auglýst

Vinnslutillaga á endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037

Sveitarstjórn Borgarbyggðar sambykkti þann 12. september 2024
að auglýsa vinnslutillögu á endurskoðun aðalskipulags
Borgarbyggðar 2025-2037.

Aðalskipulag er stefna sveitarfélags um landnotkun, náttúruvernd og þróun byggðar í öllu sveitarfélagini. Það nær til alls lands innan marka sveitarfélagsins. Skipulagsmörk miða við sveitarfélagamörk á landi og 115 metra utan við stórstraumsfjöruborð á sjó í samræmi við skilgreiningu staðarmarka sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum og jarðalögum. Samkvæmt skipulagsreglugerð er aðalskipulagi ætlað að stuðla að markvissri þróun þar sem tekið er tillit til heildarhagsmuna, miðla málum milli ólíkra hagsmuna íbúa og stuðla að öryggi almennings og lífsgæðum.

Borgarbyggð setur hér fram drög að endurskoðun aðalskipulags sem nær yfir allt land innan sveitarfélagsins Borgarbyggð. Nýtt aðalskipulag er til 12 ára og nefnist það Aðalskipulag Borgarbyggðar 2025-2037.



Vinnslutillagan er aðgengileg í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, mál nr. 242/2023 og á heimasíðu sveitarfélagsins, smellt er á hnappinn Endurskoðun aðalskipulags á forsíðu.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að koma með ábendingar við auglýsta vinnslutillögu og er frestur til að skila inn ábendingum til og með 14. nóvember 2024. Ábendingum skal skila inn í rafræna skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is.

Opin hús verða haldin varðandi vinnslutillöguna á auglýsingatíma og verða þau auglýst síðar.

Borgarbyggð, 26. september 2024

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar



BORGARBYGGÐ



Beitarstjórnun með íslenskum hestum á náttúruverndarsvæði í Lassee í Austurríki.

Mynd / Robert Harson

Austurríki:

Íslenskir hestar bjarga sanddynjum

Íslenskir hestar leika lykilhlutverk í nýrri beitaráætlun á náttúruverndarsvæði í Lassee í Austurríki.

Á Marchfeld-svæðinu, sem liggur milli Vínar og Bratislava, voru áður stór svæði þakin sanddynjum. Skógrækt og akurlendi hafa brengt að sandinum og aðeins örfá svæði standa eftir. Sanddynjurnar eru heimili einstakrar flóru og dýralífs og má þar finna lífverur sem eru í útrýmingarhættu.

Í bænum Lassee, sem er á Marchfeld-svæðinu, hafa stjórnvöld sett af stað beitaráætlun í samstarfi við sérfræðinga frá verndarsvæðum og náttúruverndardeild Neðra-Austurríkis en verkefnið er fjármagnað af einkafélaginum Blühendes Österreich - BILLA og Evrópusambandinu (ESB). Svæðin eru meðal annars beitt af íslenskum hestum frá hrossabúgarði sem rekin er af Petru Busam.

/hf

„Ef litið er yfir söguna þá voru það stór beitardýr sem færðu líffræðilegan fjölbreytileika til Marchfeld. Eftir að dregið hefur saman í beitarbúskap á svæðinu hafa mörg búsvæði ákvæðinna lífverur og tegundir farið forgörðum. Hestabeit hjálpar til við að koma í veg fyrir ofvöxt runna og varðveita þannig fjölbreytileika á svæðinu. Þeg er ánægð að geta haft jákvæð áhrif á umhverfið með hrossunum mínum,“ segir Petra.

Samkvæmt Tobias Schernhammer, forstöðumannni verndarsvæðanna, skapar beitin opin svæði á jörðinni og hestaskíturinn tryggir líf fyrir um 500 tegundir af skordýrum. Beitarstjórnunin stuðlar einnig að fjölbreytileika flórunnar. Öfugt við slátt þá hreinsa hrossin eingöngu gras og stuðla þannig að lífvænlegu umhverfi tiltekinna blóma og jurta.

pú finnur Bændablaðið á www.bbl.is, Facebook & Instagram

Menning:

Síðasta sauðfjárþúið

– Kynslóðaskipti og baráttu bænda í Noregi

Á RIFF, alþjóðlegri kvíkmyndahátið í Reykjavík, verða búskipti í uppsveitum Noregs til umfjöllunar.

Heimildarmyndin Woolly eftir Rebekka Nystabakk fjallar um ungar konur sem flytja á ættaróðalið úti á landi til að bjarga búrekstrinum og koma í veg fyrir að jörðin fari í eyði. Þær kunna þó hvorugar til verka.

„Woolly er mynd um fjölskyldu mína og sveitabæinn þar sem ég ólst upp,“ segir Rebekka, leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar. „Sagan fjallar um hvernig búskapurinn og þekkingin sem honum fylgir skiptir um hendir, frá foreldrum mínum og yfir til systur minnar og mágkonu. Mig langaði ekki að segja sögu um skrýtið fólk á skrýnum stað heldur skapa pláss fyrir blæbrigði og komast undan rómantískum hugmyndum um sveitasælu eða brauðstrit bænda,“ segir hún.

Vanmetið framlag bænda

Í kvíkmyndinni fylgist leikstjórin Rebekka með systur sinni, Rakel, taka við búi foreldra þeirra, fjórðu kynslóð fjölskyldunnar sem rekur búið. Áhorfandinn fylgist með fyrsta árinu í búskap Rakelar og eiginkonu hennar, á bænum þar sem systurnar ólust saman upp, og sem þar að auki er síðasta starfandi sauðfjárþúið í þorpinu.

Rebekka er menntuð og starfandi leikkona í kvíkmyndum og á svíði og Woolly er leikstjórnarfrumraun hennar. Hugmyndin að heimildarmyndinni kvíknaði í samtali þeirra systra um sjálfbærni, staðbundna matvælaframleiðslu, og hið mikilvæga en oft vanmetna framlag bænda til samfélagsins. Rebekka segir að sauðfjárþúskapur sé langt í frá arðbær búgrein í Noregi og þar þurfir flestir bændur, og ekki bara sauðfjábændur, að hafa annað aðalstarf til hliðar við bústörfin.

Lokaafurðin önnur en hugmyndin

Eftir að Rakel ákvað, ásamt eiginkonu



Heimildarmyndin Woolly fjallar um kjör bænda í Noregi en þar fer eitt býli forgörðum á degi hverjum um þessar mundir.

Myndir / RIFF



Rebekka Nystabakk, leikstjóri og handritshöfundur Woolly, vildi bregða ljósi á kynslóðaskipti í búskap og mikilvægi hans í fæðuöryggi þjóðar.



Rakel Nystabakk, tónlistarkona og nái bóni, tókst með konu sinni á við áskoranir sauðfjárþúsins frekar en að sjá það hverfa. Hún er fjórða kynslóð fjölskyldunnar til að reka býlið.

sinni, að taka við búi foreldra þeirra Rebekku, ræddu þær systur mikilvægi um kjör bænda og framtíð sauðfjárþúsins. Það var í einum af þessum samtölum sem annarri systurinni varð svo að orði að þetta væri nú allt saman bara efni í bíómynd.

Eftir því sem búskiptin nálgudust fann Rebekka að þetta væri af spennandi efni til að láta það sleppa úr greipum sér. Jafnframt grunaði hana að fyrir dramatúrgí svona heimildarmyndar byrfti að fanga á filmu búskiptin sjálf og fyrstu skrefin í búskapnum. Úr varð að Rebekka keypti sér upptökuvél. Leikstýran segir að það hafi verið stórt stökk að ákveða að byrja, því hún sé ekki einu sinni týpan sem tekur mikilvægi af myndum á snjallsímann sinn, hvað þá kunni á upptökuvél. Engu að síður hófst hún handa við upptökur og góður hópur fólkus myndaðist smáman kringum verkefnið. Framleidendur, styrktaraðilar og fagfólk slögust í hópinn, lögðu sín lóð á vogarskálar en þá afhjúpuðust einnig ýmsir þræðir í sögunni sem Rebekka segist ekki hafa séð fyrir í byrjun.

Myndin sem Rebekka lagði upp með að búa til var fyrst og fremst pólitísk frásögn um kjör bænda í hverfandi landbúndarstétt, en í Noregi er brottfall úr bændastéttini á því stigi að segja má að einu búi sé brugðið á hverjum degi. Þegar fyrsta þriggja mínúntuna sýnistíkla myndarinnar var tilbúin var Rebekka hissa að heyra klipparann segja að myndin hennar væri ástarsaga: saga um ást innan fjölskyldunnar, ást á landinu og ást á sjálftum rollunum. Hún baðir líka við að heimildarmyndin sé mun fyndnari, hjartnæmari og skemmtilegri en hún hafið ímyndað sér í upphafi.

Fjallar um kjör bændastéttarinnar

Í Noregi hefur Woolly, eða Sau upp á norskuna, hlotið skíandi móttökur á kvíkmyndahátiðum og almennum sýningum, en ekki síst í sérstökum ferðabíósýningum þar sem myndin er sýnd í skólum og félagsheimilum í uppsveitum Noregs þar sem ekki eru starfandi kvíkmyndahús. Yfir þrjátíu þúsund Norðmenn hafa séð myndina og um þessar mundir ferðast Rebekka með myndina milli grunn- og menntaskóla í Noregi, sem Rebekka er hæstanægð yfir, því með myndinni vildi hún efna til samtals milli landsbyggðanna og borganna, sem og ólíkra kynslóða, um framtíð kvíkfjárræktar í Noregi.

Rebekka mun verða viðstödd tvær af þremur sýningum myndarinnar á RIFF, 27. og 28. september, þar sem einfnt verður til umræðna eftir sýningar. /ser-sá

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Annar þráður í myndinni er svo sú staðreynad að Rakel, systir Rebekku, er gift konu. Rebekka segir að eftir sumar sýningar séu áhorfendur forvitnir um hvernig samkynja pari sé tekið í sveitinni og vilji vita meira um þann hluta sögunnar.

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

Rebekka segir hins vegar einfaldlega ekki frá svo miklu að

POLARIS



STORMUR EHF

Klettháls 15 Reykjavík • Öseyri 4 - Akureyri
Sími: 5771717



RZR XP 1000 - Verð: 5.480.000 kr.-

SPORTSMAN

TIL Á LAGER



SPORTSMAN 6X6 570 EPS LE
Verð: 3.680.000 kr.-



SPORTSMAN XP 1000 S
Verð: 3.480.000 kr.-



SPORTSMAN X2 570 NORDIC PRO
Verð: 2.680.000 kr.-



SPORTSMAN X2 570 LIMITED
Verð: 2.780.000 kr.-



SPORTSMAN TOURING 570
Verð: 2.380.000 kr.-

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is

**Allt frá
fræjum til
afurða**



Samhentir

Sýn féhirðis á sauðkindina:

Að bera fé: Afklæða kind.
Aflafé: Kindur sem stunda veiðiskap.
Áhættufé: Fífljarfar sauðkindur.
Eigið fé: Kindur sem maður á sjálfur.
Fégræðgi: Að vera einstaklega sólginnt í sauðaket.

Féhirðir: Smali.
Félag: Lag sem samið er um sauðfé.
Félegur: Eins og sauður.
Féleysi: Þegar skorið hefur verið niður vegna riðuveiki.
Fjárdráttur: Samræði við kind.
Fjárhagur: Einhver sem er afar laginn við sauðfé.
Fjárhirlur: Geymslur fyrir sauðfé.
Fjárlög: Mörg lög sem samin eru um sauðfé.
Fjármagn: Þegar margar ær koma saman.

Fjármál: Tungumál sauðkinda/jarm.
Fjármálaráðherra: Yfirmsali.
Fjármunir: Lausamunir í eigu sauðkinda.
Fjárnám: Skóli fyrir kindur.
Fjárplógsstarfsemi: Jarðykja þar sem sauðfé er beitt fyrir plóg.

Fjársöfnun: Smalamennska.
Fjáruhlát: Þegar ærnar eru settar út á vorin.
Fjárvarsla: Það að geyma kindur.
Fjárveitingar: Þegar boðið er upp á sauðaket í matarboðum.

Fjárflovn: Smalamennska.
Fundið fé: Kindur sem búið er að smala.
Glatat fé: Fé sem ekki hefur komið aftur af fjalli.
Grímsá: Kind í eigu Gríms.
Handbært fé frá rekstri: Kindur sem menn hafa gefist upp á að reka og ákvæðið að bera á höndum sér.
Hlutafé: Súpukjöt.
Langá: Einstaklega löng kind.
Lausafé: Kindur sem eru lausar á afréttinum.
Norðurá: Kind að norðan.
Opinbert fé: Kind í eigu ríksins.
Sauðburður: Þegar handbært fé er borið á milli staða.
Sparifé: Kindur sem ekki eru notaðar hversdags.
Stofnfé: Fyrstu kindurnar sem maður eignast.
Tryggingafé: Öruggt sauðfé.
Veltufé: Afvelta kindur.
Þjórfé: Drykkfelldar kindur.
Þverá: Þrjósk kind.

(tekið traustataki af internetinu)



Gestir og brottfluttrir koma gjarnan í Melarétt ásamt heimafólk og ævinlega er margt um manniinn á réttardegi. Gjarnan er boðið upp á veitingasölu, lifandi tónlist, söng, handverk og jafnvel sögulestur og glímu, ef þannig stendur á. Réttin er rúmlega hundrað ára gömul og hlaðin grjóti úr Bessastaðaá. Hún sætir eilífum viðgerðum þar sem grjótið er ekki gott til hleðslu og hrynnur undan réttarati og veðrum, eins og gengur.

Austurland:

Á fimmta þúsund fjár stefnt í Melarétt



Melarétt í Fljótsdal. Hér má á loftmynd sjá safnhólfid krökkt af kindum og búið að draga nokkurt fé í eina átta af þrettán dilkum. Heimtur voru þokkalegar en veður válynd þótt betur fær en á horföist um tíma.

Myndir / Gunnar Gunnarsson

Réttaró var í Fljótsdal um miðjan september, í Melarétt.

Prátt fyrir spá um leiðindaveður víða um land slapp til með göngur og réttir en kalsaveður, þokur og dumbungur settu þó sitt mark á smalamennskuna.

Um eða yfir 4.000 fjár er smalað til Melaréttar og það reiknað í um 140 dagsverkum. Samkvæmt gangnaseðli eru það fjárbýlin Arnheiðarstaðir, Bessastaðagerði, Brekka, Brekkuggerði, Egilsstaðir, Eyrarland, Fremri-Víðivellir, Glúmsstaðir 2, Hrafnkelsstaðir, Langhús, Melar og Valþjófsstaður II sem draga fé sitt í dílka í Melarétt. Það svæði sem smalað er tekur m.a. til Rana, undir Fell, Múla, Gilsárdals, Villingadals, Flatarheiðar, Kiðafells og Útheiðar. Jafnan er fyrsta ganga farin í Fell, svo í Rana, síðan á Hraun og Kiðafell, þá Múla og síðast Útheiði.


Fé af Jökuldal, 100–200 kindur, og eitthvað svipað eða nokkrum minnum úr Fellum, slæmist gjarnan saman við Fljótsdalsféð og jafnvel líka fé utan úr Hróarstungu.

Pegar flest fé var í Fljótsdal var um 9.000 vetrarfóðraðen er nú um 4.500 talsins.

Líklega má segja að Melarétt sé helsta réttin sem eftir er á Austurlandi en vissulega eru þær fleiri, hingað og þangað um fjórðunginn.

/sá

Lífræn hreinsistöð



Fyrirferðarlítill með 25 ára ábyrgð
 Engin rotþró eða hefðbundin siturlögn
 Margar stærðir í boði
 Tæming seyr á 3 - 5 ára fresti



IÐNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
 Sími 517 2220 - petur@idnver.is



Hér er vaktin staðin við Arnheiðarstaða- og Brekkuggeröisdílka. Komið var upp skemmtilegum skiltum við dílka Melaréttar árið 2021.



Bessar snöru stúkur drógu skjáturnar nauðugar viljugar í réttu dílka og létu sauðpráann í fenu ekki aftra sér frá því að koma því á sinn stað.

Varmadælur Loft í loft

- Framleidd fyrir norðlægar slóðir
- Kyndir á veturnar og kælir á sumrin
- Allt að 60% orkusparnaður
- Hægt að stýra úr snjallsíma
- Umhverfisvænn kælimiðill
- Einfalt í uppsetningu



Við hjá Kælitækni höfum verið að selja varmadælur frá Midea í langan tíma og hafa bær komið einstaklega vel út hvað varðar endingu.

Bjóðum bæði upp á loft í loft og loft í vatn varmadælur. Endilega hafðu samband við okkur og við finnum réttu dæluna fyrir þig.



www.kælitækni.is



Husqvarna - feel the power



Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl



Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl



Husqvarna Rider RC320TSAWD
Sláttutraktor m/safnkassa - 12,6 kW



Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 10,5 kW



Husqvarna Tractor TC238T
Sláttutraktor - 10,1 kW



Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl



Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm



Husqvarna K2500
Steinsög - Sögunardýpt 14,5cm



Husqvarna CEORA 546
Slátturóbot - 50.000m² - 20% halli



Husqvarna AM550 EPOS
Slátturóbot - 10.000m² - 45% halli



Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m² - 40% halli



Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m² - 40% halli



Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m² - 45% halli



Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m² - 45% halli



Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m² - 40% halli



Litrikt mannlífið í Ölfusrétt. Ungir sem aldnir hjálpuðust að við að draga fé í dilka í sólskinsveðri. Réttin, sem staðsett er í mynni Reykjadals, var tekin í notkun árið 2016. Hönnuður réttarinnar, Ólafur Dýrmundsson, stendur einmitt þarna í miðið. Í fjarska má sjá ferðamenn ganga upp dalinn.

Myndir / ghp

Blítt og létt í Ölfusrétt

Sólin skein á gangnamenn og gesti Ölfusréttar sunnudaginn 15. september síðastliðinn.

Ölfusrétt, sem staðsett er í mynni Reykjadals, var tekin í notkun árið 2016. Dr. Ólafur Dýrmundsson, fyrrverandi landsráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands og fjárbondi í Reykjavík, hannaði og teiknaði réttina. „Petta er mjög þægileg rétt, bæði fyrir fjárbændur og réttargesti og hefur reynst vel. Ég hef hannað fleiri rétir hér á svæðinu, svo sem í Húsmúla og Krýsuvík.“

Hann lýsir því svæði sem smalað er til Ölfusréttar. „Það afmarkast að vestan af Skarðsmýrarfjalli, Hengli og Hengladöllum, að

norðan af sveitarfélagamörkum Ölfuss og Grafnings við Kýrgil og Ölkelduháls, að austan frá vörslugirðingu í Grafningsfjöllum, sem þar liggur frá Áluti, og þaðan austan Grændals, suður um Kamba, og þá tekur við vörslugirðingin í Orrustuhólahrauni á Hellisheiði sem myndar suðurmörkin,“ útskýrir Ólafur en daginn áður höfðu Ölfusingar smalað heiðalönd sín vestan Henglis til Húsmúlaréttar neðan Kolviðarhóls.

Eftir að hafa komið öllu fénu að réttinni hjálpuðust jafnt ungar sem aldnir við að draga féð í dilka.

Ólafur var þar staddur ásamt Sigurrós, dóttur sinni, í leit að fé

úr Reykjavík og Kópavogi en hann heldur að jafnaði 10–12 vetrarfóðraðar í Breiðholtinu. „Lögrétt okkar er Fossvallarétt í Lækjarbotnalandi en við fáum líka fé í Húsmúlarétt, Hraðastaðarétt, Heiðarbæjarrétt, Ölfusrétt og Grafningsrétt þar sem ég var í gær,“ sagði Ólafur.

Hann hefur átt kindur í Reykjavík, og um skeið í Kópavogi, síðan 1957. Hann segist hafa fyrst komið í Ölfusrétt fyrir sextíu árum síðan. „Þá í gömlu Ölfusréttina í Hveragerði sem stóð nokkurn veginn þar sem Hótel Örk er. Hún var mjög stór, hlaðin úr hraungrýti, féð þá mjög margt.“

/ghp



Ólafur og Sigurrós, dóttir hans, og fleiri sauðfjárbændur úr Reykjavík og Kópavogi leituðu að kindum sínum.



Halldór Guðmundsson í Hvammi stjórnarinni umferð ferfætlinga inn í réttina.



Þó stórum sauðfjárbúum hafi fækkað í Ölfusi eru þar þó nokkrir sem eiga nokkrar kindur sér til yndis og ánægju.

SÚLUR
STÁLGRINDARHÚS

**ALLT FRÁ
FYRSTU
HUGMYND AÐ
FULLBÚNU HÚSI**

- ▶ Hönnun og ráðgjöf
- ▶ Framleiðsla
- ▶ Uppsetning
- ▶ Verkefna- / byggingastjórn

Súlur
stálgrindarhús
fyrir atvinnu-, iðnaðar- og
íbúðarverkefni

kristjan@sulurehf.is

www.sulurehf.is

669 0803



HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Þjónustuverkstæði og varahlutir



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm

Husqvarna K4000
Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna Trowel
BG 245
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm



Husqvarna FS 500
E rafmagns gólfsoð
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150 mm Max



Husqvarna K770 14"
Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna LF75
Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata



Husqvarna FS400
LV gólfsoð
Sögunardýpt 16,2 cm

Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm

Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm

Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm

Husqvarna Rammer
Hoppari LT6005
230mm Plata, 69 kg



Husqvarna Rammer
Hoppari LT6005
230mm Plata, 69 kg



Víkurhvari 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

DAGUR LANDBÚNAÐARINS

MÁLÞING Á HÓTEL SELFOSSI NÝIR TÍMARÍ LANDBÚNAÐI

Föstudaginn 11. október kl. 9 - 12



Skráning og nánari upplýsingar á bondi.is

Öll velkomin

MÁLÞING SKÓGARBÆNDÁ Á LAUGUM Í SÆLINGSDAL

Laugardaginn 12. október kl. 9

DAGUR SAUÐKINDARINNAR Á HELLU

Laugardaginn 12. október kl. 13



Svarfaðardalur:

Skapandi framkvæmdagleði á Völlum

– Fjölskrúðugar afurðir og óbilandi hugmyndaauðgi



Steinunn Ásmundsdóttir

steinunn@bondi.is

Á Völlum í Svarfaðardal er ótrúlega margt að gerjast, bæði í eigin-legum og óeiginlegum skilningi. Ræktunin er mjög fjölbreytt og afurðirnar takmarkast aðeins af ímyndunaraflini hverju sinni.

Hjónin Hrafnhildur Ingimarsdóttir og Bjarni Óskarsson reka lífrænan búskap og ræktun á jörð sinni að Völlum í Svarfaðardal. Þau eru þekkt fyrir að vera sístarfandi og hugmyndarík með afbrigðum.

Móðurfólk Bjarna kemur úr Ísafjarðardjúpi og Dölunum en földurfólk ið af Kjalarnesi og Reykjavík. Hrafnhildur rekur hins vegar eftir sínar til Langaness þar sem faðir hennar, Ingimar Ingimarsson, var prófastur en móðurfólk ið er úr Skátafellssýslum og frá Ísafirði.

Þau eru hálfsjötug eða þar um bil. Bjarni er lærður þjónn og hefur alla tíð verið í veitingarekstri en Hrafnhildur var lengi leikskólakennari og yfir gæsluvöllum Reykjavíkur. Hún hóf störf við fyrirtæki þeirra hjóna árið 2000.

Stofnað á þriðja tug veitingastaða

Veitingarekstur hefur verið þeirra ær og kýr um áratugaskeið þótt nú séu þau í eiginlegum garðyrkjubúskap.

„Við opnuðum fyrsta veitingastaðinn okkar árið 1985, American Style, sem enn er til,“ útskýrir Bjarni. „Við höfum búið til hátt í þrjátíu veitingastaði gegnum tíðina, þ.a.m. Café Óperu, Kaffi Strætó og Viva Strætó, Berlín, Pisa, Gott í gogginn, TexMex, Tongs, Tommaborgara á Langholtsvegi, Ask á Suðurlandsbraut og auðvitað Nings sem við stofnuðum 1991 og eigum enn þá en synir okkar reka í dag. Svo erum við með veitingastað hér í Svarfaðardal,“ segir hann.

Þau segjast hafa verið lánsöm að ná að gera nærfelt alla sína veitingastaði vinsæla og þá hafi birst kaupendur að þeim, eins og gengur. „Þá bara selur maður,“ segir Bjarni hlæjandi.

Fallegasti dalur landsins

Þau áttu um tíma hús á Bíldudal og þar fór Bjarni að kaupa aðalbláber og fjallagrös af ötulum tínlumanni í þorpinu. „Allt í einu átti ég mörg hundruð kíló af aðalbláberjum og þá brá ég að ráð að láta framleiða sultur,“ segir hann.

Upp rann sá tími að hjónin fóru að leita sér að jörð. Þau áttu þá sumarbústaðaland í Skorradal en þar var svo dýrt að byggja að þau höfðu ekki efni á því. Móðir Hrafnhildar hafði aavinlega sagt að Svarfaðardalur væri fallegasti dalur landsins og viti menn, Bjarni fann jörð með



Ræktunin á Völlum er afar fjölbreytt og alltaf verið að prófa eitthvað nýtt.



Ostrusveppir eru til margra hluta nyttsamlegir í Valla-framleiðslunni.



Hjónin Hrafnhildur Ingimarsdóttir og Bjarni Óskarsson reka lífrænan búskap og ræktun á jörð sinni að Völlum í Svarfaðardal. Þau eru þekkt fyrir að vera sístarfandi og einkar hugmyndarík.

Myndir / Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir og Vellir.



Hrafnhildur standur jafnan vaktina í Litlu sveitabúðinni á Völlum þar sem afurðir þeirra Bjarna eru seldar og ekkert takmarkar vörurúvalið nema ímyndunaraflinu. Verslunin er sannkallað augnayndi og vörurnar gómsætar.

lyf og höfum lent í að missa alla uppskeruna,“ útskýrir Bjarni.

Jarðarberjaplönturnar séu að jafnaði um 1.100 talsins og hver planta gefi um 500 g ef allt gangi vel. Þau segjast hafa verið heppin með afbrigði undanfarið, það sé nokkuð laust við rótarsvepp sem oft hrjáir jarðarber.

Alltaf að prófa nýjar tegundir

Í gróðurhúsunum rækta þau m.a. hindber og jarðarber, kryddjurtir, agúrkur og ýmsar tegundir salats. Úti eru þau með garða fyrir kartöflur, kál, salat og fleira.

„Við erum í mjög mörgu litlu en jarðarberjaræktin er líklega stærst. Sólberin eru líka drjúg. Við erum aðeins í hvítlauk og gerum alls konar tilraunir. Við höfum t.d. ræktað engifer, túrmerik, tóbak, sítrónugras, lárvíðarlauf og eitt og annað til að leika okkur með,“ segja þau.

Hrafnhildur segi Bjarna mjög hugmyndaríkan í ræktuninni og alltaf sé verið að prófa nýjar tegundir.

„Hann sér um að búi allt til í búðina og stundum segi ég við hann: „Æ, stoppaðu nú, þetta er orðið gott!“,“ segir hún og skellihlær. „Það er svo mikil af vörum! En svo er ég ágæt í að selja þetta allt. Þetta er ljómandi góð samsetning.“

Allt úr ræktuninni er handtínt, þ.a.



Árstíðabundið ferskmeti á boðstólum ásamt fjölbreyttum afurðum Valla.

eitt vorið komumst við ekki inn í gróðurhúsin fyrir snjóum til að sa gulróturnum sem við ræktuðum þá í húsum um fyrir Nings. Mér datt í hug að fá jarðarber og þá vorum við komin með allt fullt af þeim og þurftum að gera eitthvað við þau. Þá vorum við með allt vinnslu í mjólkurhúsini, sem er búin í dag, og við búin að breyta fíosinu í fullkomna matvælavinnslu,“ útskýrir Bjarni.

„Já,“ segir Hrafnhildur, „við urðum að gera sultur úr mestu af jarðarberjunum og höfum þannig að selja vegfarendum sultur og jarðarber. Svo hlóð þetta heldur betur utan á sig,“ segir hún jafnframt.

Aðrar áherslur á haustin

Þau tína sveppi og þurrka og selja auk alls sem áður hefur verið talið upp, til að mynda ýmsar jurtir, hæneegg, súrkál, kimchi, aðs konar kaldar sósur eins og t.d. skessujartbernaisse og trufflusós, súrsaðar gulrætur og rauðrófur, truffluosta, pastasósú úr íslenskum tómötum frá Hveravöllum, kjötballur, fiskibollur, bjúgu, hangikjöt og ýmis paté. Einnig reykja þau og vinna bleikju frá Haukamýri við Húsavík. Þau eiga bleikju í heimatjörn til að fá ferskan fisk í soðið og auk hænanna hafa yfirleitt verið haldnar aliendur en refur komst í þær sl. vetur og nú vappar einn einasti aliandarsteggur um á meðal hænanna.

„Áherslunar breytast þegar fer að líða á haustið. Þá förum við meira í hangikjötið, paté og þess háttar en sumarið er meira ber, sultur og þetta



Bjarni búinn að draga vænan feng úr silungatjörninni við bæinn.



Vellir eru 100 ha jörð, utarlega í Svarfaðardalnum, og í um 5 km akstursfjarlægð frá Dalvík. Jörðin er einstaklega vel í sveit sett og fjallasýn fögur til allra átta. Þarna er talsverður húsakostur og sjó gróðurhús.

græna. Við kappkostum að hafa búðina fjölbreytta. Pótt eitthvað klárist þarf ekker endilega að búa til meira af því. Þá gerir maður kannski eitthvað annað sem er líklegra inn í árstíðina. Stefnan hefur alltaf verið sú að hafa mikla fjölbreytni; að það sé gaman að koma hér inn og sjá alltaf nýjar vörur. Við erum að reyna að gera eitthvað allt annað en fæst í öðrum búðum,” segja þau.

Göldröttur matreiðslumaður

Á Völlum er selt kaffi og heimabakað bakkelsi, þ.m.t. súrdeigsbrauð, og heimagerður ís sem notið hefur mikilla vinsælda. Þau pressa líka hvönn og bjóða upp á súrsaða hvannarpunga. Vinnsla er að hefjast á hvannar-remúlaði en áður hafa þau þróað blómkálsremúlaði. Nýsköpunin og vörupróunin er þannig mikil og hugmyndaauðgín frumleg og kraftmikil.

„Pað er alltaf eitthvað nýtt að fæðast!“ segir Bjarni glettinn. „Til dæmis er núna blandað grænmeti í gerjun, með 3% saltvatni í stað ediks, sykurs o.p.h., þannig að það er laktógerjað og afar fallegt á litinn.“

Veislubjónusta er líka á Völlum en hjónin bjóða upp á slíkt fyrir 30 manns eða fleiri. Bjarni er annálaður kokkur og þykir beinlínis göldröttur í matargerðarlistinni. Hann er sjálfrænnaður kokkur en segist hafa fengið góðan grunn í Hótel- og veitingaskólanum. Matreiðslubækur hafi alla tíð verið hans bókmennir.

Í búðina koma mest Íslendingar; ferðamenn og folk úr grenndinni. Opið er daglega yfir sumarið en opnum takmörkuð við helgar þegar líður fram á haustið.

Mögj járn í eldinum

Þau selja afurðir sínar eingöngu í Litlu sveitabúðinni og þannig vilja þau hafa það. Þó er jafnvel í farvatninu að Matland og einnig Finca Food, innflytjandi á spænskum vörum, taki ákveðnar Valla-afurðir og selji innan sinna vébanda. Þau framleiða líka sultu í jólakörfur MS og hafa gert í nokkr ár.

Vallahjónin eru ekki einhöm heldur flytja líka inn ýmis tæki og tóli til matvinnslu.

„Við erum í fjöldamörg ár búin að flytja inn þurrkofna úr ryðfríu stáli og höfum selt þá úti um allt. Fólk er að þurrka harðfisk, sveppi, jurtir og allt mögulegt í þessu,“ útskýra þau.

Bjarni komst svo í tæri við pólska reykjafa gegnum pólskan vin sinn á



Valla-hænurnar spóka sig frjálsar í skógargrórinum.

Dalvík og hefur notað í mörg ár. En síðan fór að vanta varahluti vegna smábilana og þeir hvergi fáanlegir. Hann gerði sér því lítið fyrir og fækki umboð fyrir reykjafana og á þar með varahlatalager líka.

„Við erum með átta tegundir af mismunandi sagi; m.a. apli, beyki, birki og sérvíði, og þessa reykjara er hægt að nota í hvaða skáp eða kassa sem er. Við erum sjálf að reykja mjög mikil af ostum og einnig bleikju, heiðagæs, svartfugl, lunda og fleira. Þetta þrælvirkar,“ segir Bjarni glaðbeittur.

Þau flytja jafnframt inn og selja hakkavélar, töfrasprota og matvinnsluvélar.

Áfram vegginn

„Pað má segja að þetta sé hálfgerð verksmiðja,“ segja Hrafnhildur og Bjarni sposk.

„Við erum oft og tíðum að framleiða hér fleiri hundruð krukjur á dag. Svo koma auðvitað rólegri dagar. Pað er hellingur að gera hér þessa fjóra til fimm mánuði sem okkar vertið stendur.“ Þau eiga íbúðarhús í Mosfellsbæ og fara suður í desemberþyrjun, með drekkhlaðinn bíl af hangikjöti og jólavöru; þöntunum sem þau afgreiða heiman að frá sér. Þau taka sér svo jafnan leyfi frá störfum fyrstu þrjá mánuði ársins og hvíla lílin bein á suðrænum slóðum.

Þessa dagana er unnið í haustuppskerunni. Kartöflur, rauðrúfur, grænkál og allt mögulegt fleira tekið upp og unnið úr því eða sett í geymslu, eftir atvikum.

Hrafnhildur og Bjarni fara senn að undirbúa jólakræsingar. Þær eru til dæmis reykt hangikjöt villigæsa og hreindýra-mousse, einhver paté og sithvað fleira jólalegt sem m.a. fyrirtæki kaupa og gefa starfsfólk.

Hjónin eru hvergi af baki dottin og segjast áfram verða í ræktun og



Fallegt er að líta heim að Völlum. Þar er Vallakirkja, elsta kirkja Svarfaðardals, upphaflega byggð árið 1861. Reisulegt íbúðarhúsið er til hægri.



Eitt af því sem ræktað er á Völlum er hveitigras. Hér rennir Bjarni hveitigrass-snaps í glös viðstöddum til hressingar. Öll ræktun Valla er lífræn og áhersla lögð á hollustu og skapandi ljúfmeti í framleiðsluvorunum.



Að Völlum er ræktað í sjó gróðurhúsum, að stórum hluta jarðarber en einnig fjölmargar mismunandi tegundir af grænmeti og jurtum.

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 41. gr. skipulagslag nr. 123/2010

er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Stekkjargrund – nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til sjó reita á 5,3 ha. spildu. Heimilt verður að byggja allt að 400 fm. íbúðarhús og bílskúr á B1, á B2-B4 verður heimilt að reisa þrjú 50 fm. gestahús, á B5 verður heimilt að byggja 400 fm. áhaldageymslu, á B6 verður heimilt að reisa 1.000 fm. reiðskemmu og á B7 verður undir allt að 200 fm. gróðurhús. Hámarkshæð húsa er 8,5 m. frá jörðu. Samkvæmt 31. gr. og 41. skipulagslag nr. 123/2010 er auglýst breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra ásamt deiliskipulagstillögu.

Syðsta-Mörk – nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir 18 lóðum að Syðstu-Mörk. Heimilt verður að byggja allt að 18 íbúðarhús með bílskúr, á einni hæð, hvert um sig allt að 450 fm. að stærð, auk 100 fm. gesta- eða gróðurhúsi.

Syðsta-Mörk – breyting á aðalskipulagi

Um er að ræða breytingu á landnotkun á rúmlega 52,7 ha. landbúnaðarlandi (L1) í íbúðabyggð (ÍB) sem gerir ráð fyrir 18 lóðum.

Steinar 1 – nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan við Steina er í þrennt en A-lóðir gerir ráð fyrir þegar byggðum mannvirkjum sem heimilar endurbýggingar og stækkan mannvirkja. Hámarkshæð A-lóða er frá 5-8 m en mannvirkin skulu taka mið af númerandi mannvirkjum. B-lóðir gera ráð fyrir 17 lóðum undir gistiskála. Á hverri lóð eru 3-4 skálar en hámarkshæð er allt að 7 m. eða ein hæð og ris. C-lóðir gera ráð fyrir stærri mannvirkjum sem fjölkustöð, tveimur hótelbyggingum ásamt íbúðum fyrir starfsfólk. Hámarkshæð á C-lóðum er frá 5 til 9 m. en þakform er frjálst og byggingar skulu vera í náttúrulegum tónum til að draga úr ásýnd.

Steinar 1 – breyting á aðalskipulagi

Um er að ræða breytingu á landnotkun á hluta jarðarinnar Steinar 1 L163721 og lóðarinnar Hvassafell 2, samtals að stærð 107,6 ha, L219654 úr landbúnaðarlandi (L1) í verslun- og þjónustu (VP).

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 18. september 2024.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdar frestur veittur til og með 31. október 2024. Athugasemdu skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
Póra Björg Ragnarsdóttir
Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs Rangárþings eystra



Hraundís skráir niður það magn sem er notað hverju sinni til að áttu sig á hlutfalli olíunnar.



Eftir að hafa snyrt greinarnar og kurlað gróflega hendir Hraundís þeim ofan í tankinn.



Gufan er leidd inn um botninn á þessum gamla mjólkurtanki. Á ferð sinni í gegnum plönturnar losar vatnsgufan um ilmkjarnaolíum.

Borgarfjörður:

Íslensk framleiðsla á ilmkjarnaolíu



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Hraundís Guðmundsdóttir framleiðir ilmkjarnaolíur og heilsuvörur úr þeim úr íslensku hráefni undir vörumerkinu Hraundís.

Hún útskrifaðist sem ilmolíufræðingur frá Líffskólanum í Reykjavík árið 2007. „Ég fór í þetta nám af því að ég hef alltaf verið mikið náttúrubarn og mig langaði til að nýta náttúruna í eittvæði,“ segir hún og bætir við að hún hafi lítið vitað um þessar olfur áður. Í byrjun árs 2015 fór Hraundís til Arizona í Bandaríkjunum á námskeið til að læra að eima plöntur og hóf framleiðslu og sölu á eigin afurðum síðar sama ár.

Hraundís er jafnframt skógræðingur frá Landbúnaðarháskóla Íslands, sem hún segir gagnlegt þar sem hún hefur kunnáttu á trjám sem eru eitt aðalhráefnið og veit hvernig best er að umgangast skógin. Hún starfaði sem ráðgjafi hjá Skógræktinni um árabil, en hætti þar í vor til að einbeita sér alfaríð að ilmolíuframleiðslunni.

Hún sér fyrir sér að vörumerkið hennar geti vaxið á næstu árum. Núna er hún búin að byggja bílskúr við hliðina á húsi sem hún flutti í á Hvanneyri fyrir tveimur árum og er aðstaðan orðin betri en hún hefur verið hingað til. Að auki við að framleiða hreinar ilmkjarnaolíur býr hún til olíublöndur við óliskum kvíllum.

Veðrið skiptir höfuðmáli

Þegar kemur að því að safna hráefni fer Hraundís út í skógi og klippir greinar og safnar í stóra poka og snyrt skóginna þar með í leiðinni. Veðurskilyrðin dagana á undan skipta ekki síður máli en hvernig viðrar daginn sem plönturnar eru sóttar. „Maður hefur alveg lent í því að fara út í skógi og fylla dallinn, en svo fær maður bara sýnishorn af olíu í því veðrið er ekki rétt,“ segir Hraundís.

Hún vill ekki gefa upp hvaða aðstæður henti best til að afla hráefnis. Þar sem það fer svo mikil vinna í hverja eimingu sé kunnáttá á þessu eitt af því mikilvægasta til að ná sem mestum afköstum og skráir Hraundís allar viðeigandi upplýsingar niður. Hún tekur sem dæmi að þar sem unnið sé úr lofnarblómi, eða lavender, þurfi að bíða í viku með að klippa plöntuna eftir rigningu.

Eimað í gömlum mjólkurtanki

Þegar heim er komið setur hún greinarnar í kurlara áður en þær fara í eimunartank sem er gerður úr gömlum mjólkurtanki. Sérstakur raffal framleiðir gufu sem veitt er neðst í tankinn og á leið sinni upp tekur hún með sér hinar eftirsóttu



Hraundís Guðmundsdóttir, ilmolíufræðingur og skógræðingur á Hvanneyri. Hér gerir hún rússalerki klárt til eimingu, en úr sjötíu kílóum komu í kringum 280 millilitrar af ilmkjarnaolíu.



Íslenskt hráefni

Fjölmargar íslenskar plöntur geta gefið af sér ilmkjarnaolíur, sem eru hluti af varnarkerfi þeirra. Auk þess að ilma vel geta þær hjálpað fólk við ýmsum kvíllum.



Vatn skilið frá olíu

Gufan er látin þéttast í vatn og við endann á kælirörinu er skilja úr gleri. Olían flýtur ofan á og fer í lítið glas á meðan plöntuvatnini er safnað í fötu.



Hráefnið fær Hraundís úr íslenskum skógi. Bakgrunnur hennar úr skógræði hjálpar henni að vita hvaða greinar hún getur tekið án þess að valda trjánum skaða.

sameindir úr plöntunum. Efst á tankinum er tengi fyrir kælirör, þar sem gufan breytist í vatn sem lekur í gegnum sérstaka skilju. Ilmkjarnaolían er léttari en vatnið og er fleytt í lítið glas á meðan plöntuvatnið fer í stóra fötu.

Vanda þarf til verka við að stilla kælirörið við upphaf hvorrar eimingu þar sem olían er misjafnlega rokgjörn og getur gufað upp. Sjálf skiljan er úr blásnu gleri og bendir Hraundís á að hún sé eitt dýrasta stykkið í þessari framleiðslu.

Ilmkjarnaolía finnst ekki í öllum plöntum og er mikill munur milli tegunda. Vallhumall sé með mjög góða olíu en gefi af sér sáralitið og þyrfi Hraundís að selja hana fyrir háar upphæðir svo framleiðslan

borgaði sig. Sú íslenska planta sem gefur mest af olíu er síberíupinur, en gallinn er sá að þarf að fara alla leið á Hallormsstað til að ná í hráefni. Úr sjötíu kílóum af rússalerki sem voru eimuð þegar blaðamann bar að garði komu 280 millilitrar af olíu.

Ársframleiðslan nokkrir lítrar

Ársframleiðslan hjá Hraundís hefur hingað til verið í kringum tíu lítra af ilmkjarnaolíu á ári, en hún reiknar með að framleiðslan aukist eftir að hún byrði að gefa sig alla að þessu. Algengt lítraverð á ilmkjarnaolíu sé frá 200 til 800 þúsund krónum. Heildsölverðið á birkiolíu sé 1,5 milljónir án virðisaukaskatts fyrir hvern lítra.

„Það hefur alltaf selst allt hjá mér og ég hef ekki haft undan við að eima.“

„Það er eins og fólk haldi að maður fari með flöskurnar út í skógi og olían detti ofan í. Ég hef lent í því að fólk hefur kvarthað yfir því hvað þetta er dýrt, en svo kemur það og sér þetta hjá mér og þá skilur það að hverju þetta kostar svona.“

Plöntuvatnið er verðmæt aukaafurð sem Hraundís segir að sé mikið notað erlendis, en hún hafi ekki verið náð dugleg við að markaðsetja eða koma á framfari hingað til. Það innihaldi eitthvað til að verðmætu sameindunum sem eru í ilmkjarnaolunni og sé því með einhverja virkni. Olíkt hreinni ilmkjarnaolíu megi bera vatnið

beint á húðina og segist Hraundís alltaf nota birkivatn til að gera sápur fyrir sig og fjölskylduna. Ókosturinn við plöntuvatnið sé skert geymsluþol þess samanborið við olfurnar.

Hjálpa við ýmsum kvíllum

Ilmkjarnaolíur eru notaðar til að hjálpa við ýmsum kvíllum eins og kvefi og flensu, háum blöðprýstingi, eru góðar við vöðvabólgu, mikið notaðar í nudd og geta virkað róandi. Þá eru þær oft innihaldsefni í snyrtvörum, eins og sápu, sjampói og andlitskremum. Hraundís bendir á að talsverður munur geti verið á virkni ólíkra ilmkjarnaolía og eru sumar óhentugar við ákveðnar aðstæður.

Mikilvægt sé að ilmkjarnaolíur séu ekta til þess að fá virknina sem leitað er að, en Hraundís segir að þessar olfur séu hluti af varnarkerfi plantnanna. Um áttatið prósent af ilmkjarnaolíum á heimsmarkaði



Hraundís segist vera mikid náttúrubarn og lærdi hún ilmolíufræði til þess að geta nýtt náttúruna í sínum störfum.

séu ekki ekta, ýmist framleiddar á rannsóknarstofu eða verulega þynntar út. Ef þær fást á góðu verði sé hægt að ganga að því vísu að þær séu ekki ekta. Í hvert sinn sem hún selur sínar afurðir til sterri aðila þurfi hún að láta efnagreiningu frá vottaðri rannsóknarstofu fylgja. Hraundís setji sömu kröfur á þá aðila sem hún verslar við og skiptir þar orðstír miklu máli.

Virkaði betur en lyf

Vinsælasta varan hennar Hraundísar er Verkjaolfan sem samanstendur af einni ilmkjarnaolíu úr sitkagreni, jojobaolíu og möndluolíu sem eru burðarolíur. Sagan á bak við hana er sú að eiginmaður vinkonu hennar fékk þungt högg á hælinn án þess að brjóta bein og fékk verkjalyf sem virkuðu illa. Vinkonan hafði því samband við Hraundís og bað hana um að „sulla“ einhverju saman, sem hún gerði.

Tveimur dögum síðar hafði vinkonan aftur samband og þrýsti mjög á Hraundísi að hefja framleiðslu á þessari blöndu þar sem verkjaolfan virkaði mun betur en lyfin í þessu tilfelli. Til að nefna einhverjar af þeim vörum sem Hraundís hefur sett á markað má telja upp olíu við húðsveppum, aðra gegn magaóeirð í börnum og kvefpinna sem eru litlir stautar sem er hægt að bera að nefinu. Þar að auki selur hún hreinar ilmkjarnaolíur í litlum flöskum.

„Mér finnst svo gaman að sulla saman og búa til nýjar vörur. Ég myndi helst vilja vera í því alla daga,“ segir Hraundís og segist vera með fjölmargar uppskriftir í hausnum. „Stóri gallinn er samt sá að maður þarf líka að geta selt þær,“ bætir hún við og hlær. Markaðssetningin sé sú hlið fyrirtækjarekstursins sem henni finnist erfidust og því séu nokkrar vörur komnar í bið.

Mikilvægt sé að taka fram að olíurnar séu ekki lyf þó þær geti sannarlega hjálpað. Erlendis séu þær notaðar á spítölum og nefnir Hraundís að lofnarblóm sé sett undir koddann hjá fólk til að róa það og hjálpa með svefn.

Hræfni í ilmvötn og matvæli

Vörurnar hennar Hraundísar eru seldar í smásölu í Ljómalind í Borgarnesi, Argena á Laugavegi, Vorverki í Mosfellsbæ, Betra lífi í Kringlunni og Litlu bændabúðinni á Flúðum. Þá er hún einnig með vefverslun á hraundis.is. Þegar framleiðslan verður orðin meiri stefnir hún að því að koma vörunum sínum viðar.

Meðal stórra kaupenda af afurðunum hennar Hraundísar eru ilmframleiðandinn Fishersund, snyrtivöruframleiðandinn Taramar, sælgætisgerðin Kandís og súkkulaðverksmiðjan Útúrkú, ásamt því sem hún selur til nokkurra aðila erlendis. Blábjörg á Borgarfirði eystri notar olíu frá Hraundísí í heilsulind og kaupir ferðaþjónustan Móðir Jörð í Vallanesi sjampó og sápur með skógarilmí. Þá er stórt fyrirtæki með gosdrykk í þróun þar sem ilmkjarnaolíur úr rússalerki koma við soðar.

Í lok september liggur leið Hraundísar á ráðstefnu sem haldin er af alþjóðlegum samtökum ilmolíufræðinga í Nashville í Bandaríkjunum. Henni bauðst að taka þátt sér að kostnaðarlausu þar sem stjórn ráðstefnunnar söttist eftir að fá minni eimara sem gætu sýnt fram á sjálfbæra framleiðslu. Frá Bandaríkjunum liggur leið hennar beint til London á Englandi þar sem Hraundís hefur verið tilnefnd til verðlauna Global Women Inventors and Innovators Network, sem eru alþjóðleg samtök kvenna í nýsköpun.

krydd – sláturnvambir – nitritsalt – bjúgnagarn – kjötnet – grafblöndur – vacuum pokar – ofl.

Altt sem þarf fyrir heimavinnslu matvæla

í vefverslun Vilko



Flóra
SÍÐAN 1935
Villibráðar grafblanda
500 gr.
Rósepipar, Innhaldi basein
síðan 1935

190924043
36/3/M10/120
36/3/M10/120

Quality Assurance



prima
Rúlluplysukrydd
ahana, marjoram, ongifer, negull.
Nitrite salt
Best fyrir: 24.11.2023 Pyngd: 500g.



prima
Nitrite salt
Best fyrir: 24.11.2023 Pyngd: 500g.



Vilko
Vefverslun: vilko.is
Flóra prima

Löggilding, skoðun og ísetningar á ökuritum og hraðatakmörkum



Við erum með nýjustu og fullkomnustu tæki sem boðið er upp á frá VDO til að mæla og stilla allar gerðir af digital og analong ökuritum




Mælar á allar gerðir vagna



Vík verkstæði 

Einhella 6,221 Hafnarfirði



- Sérsmíði
- Pakpappi

- Loftræstikerfi
- Kæliraftar

STJÖRNUBLIKK
SMIÐJUVEGUR 2
200 KÓPAVOGUR



Góð velferð kúa er summa margra þátta



Fái kýr að velja sjálfar vilja þær burrt og mjúkt legusvæði eins og t.d. sand.

Mynd / Snorri Sigurðsson

Summa margra pátta

Góð velferð kúa er summa margra þáttá og þessir þættir geta auk þess verið harla breytilegir á milli kúa, þ.e. hvað skiptir viðkomandi kú mestu máli. Að því gefnu að legan sé kúnni einna mikilvægust, er þó ákveðinn rauður þráður í þessu sem hægt er að fylgja. Með því að staðla sem mest ytra umhverfi kúnna, og það hvernig bústjórninni er háttáð, má draga verulega úr breytileikanum á milli kúa og auka líkurnar á því að legug og hvíldarferli kúnna verði sem best. Á mynd 1 má sjá samantekt dr. Cook á því sem hann telur mikilvægustu áhrifafætti á velferð kúa. Þar kemur m.a. fram að mikilvægur þáttur varðandi velferð kúa er möguleikinn á göngu og hreyfingu, þá þarf fóðrun og aðgangur að vatni að vera í lagi. Umhverfi beirra þarf auk þess að vera gott og taka tillit til þarfa kúnna.

Breytileiki á milli kúa

Þegar horft er til einstakra kúa eru þarfir þeirra nokkuð ólfskar, þegar kemur að því að uppfylla þarfir þeirra hvað varðar legu- og hvíldaraferli. Þar skipta málí þættir eins og aldur, staða á mjaltaskeiði, afurðasemni, heilbrigði og/eða helti. Pannig hefur t.d. legutími tilhneigingu til að aukast með aldrinum og stöðu innan mjaltaskeiðsins og ef um heilsubreist er að ræða. Að sama skapi er afurðasemni með neikvætt samhengi við legutímann, þ.e. eftir því sem hann evkst minnkar hún.

Legutími er ekki allt

Helti eða fótamein kúa hefur einnig augljós áhrif á velferð kúa en áhrifin eru þó einnig tengd undirlagi legusvæðis kúnna og hönnun gangsvæða. Skýringin á því er að ef undirlagið er ekki rétt hannað geta kýr sem eru með heldi eða annað fótamein átt erfitt með að standa á fætur og/ eða leggjast niður auk þess að geta átt erfitt með gang. Almennt á það við um kýr í þessu ástandi að þegar þær loks leggjast niður, þá reyna þær að liggja lengur en ella og leguloturnar innan sólarhringsins eru því færri en lengri en annarra kúa. Kýr sem er svona ástatt með mælast oft með lengri legutíma innan sólarhrings en aðrar kýr en þar með er s.s. ekki sagt að þeirra velferð sé betri en hinna. Mæling á heildarlegutíma einum og sér er því ekki nógu góður ávitull á velferð kúa en viða um heim er legutími kúa einmitt notaður sem einhvers konar mælikvarði á góða velferð kúa, betta er með öðrum orðum sagt einfaldlega röng aðferð við að meta velferð.

Hönnun legusvæðis

Þegar horft er til annarra þátta þá
hafa margar rannsóknir sýnt fram á



Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík | Sími 517 5000 | stalogstansar.is

Vatnsdýnur gætu virkað, við fyrstu sýn, einkar heppilegar fyrir kýr en rannsóknir sýna að kýr í fjósum með svona dýnum eru oft með einhver fótamein.

Mynd / AgriExpo



Velferð kúa er summa margra þátta og hér sjást þeir sem er mikilvægastir samkvæmt yfirlitsgrein dr. Cook.

annan undirburð, þ.e. að halda eigi legusvæðinu þurru. Það hefur svo auk þess þau áhrif að líkurnar á því að bakteríur haldi sig þar eru minni en ella og hætta á umhverfissmiti sem veldur júgbólgu því einnig minni.

Kýrnar velja sand

Undanfarin ár hefur orðið mikil og ör breyting í fjósum víða um heim, þar sem sigtaður sandur er orðið notaður sem undirlag fyrir kýr og geldneyti. Þetta náttúrulega efni hentar einstaklega vel fyrir nautgripi enda sé því haldið þurru og mjúku er fátt betra fyrir nautgripi að liggja á enda gefur sandur vel eftir og lagar sig að líkamanum, rétt eins og fólk upplifir þegar það liggur í sandi á sólarströnd. Auk þess er sandurinn mjúkur og því einkar þægilegt fyrir nautgripi að standa á fætur, eða leggja sig, sé legusvæðið þakið þykum sandi. Sandur í legusvæðinu gerir því það að verkum að legulotur kúa verða nær því sem þær vilja helst sjálfar ef allt væri eins og best sé á kosið. Þess utan hafa rannsóknir sýnt að gripir sem eru með einhvvers konar heldi eða fótamein jafna sig fyrr þar sem sandur er í undirlaginu.

Vatnsdýnur ekki lausnin

Erlendis hefur notkun á vatnsfylltum dýnum í legubásum kúa vaxið nokkuð ásmegin en bæði bandarískar og kanadískar rannsóknir sýna þó að svona undirlag hentar í raun ekki vel fyrir kýr sem velja oft að liggja á svona básum í stuttum legulotum og auk þess er tíðni heltis í fjósum með svona bása hæri en gerist og gengur en skýringin er einfaldlega sú að þrátt fyrir að vatnsdýnur í legubásum geti gefið kúnúm ágætis legusvæði þá eru dýnurnar þunnar og þegar kýrnar standa á fætur, eða leggjast niður, þá þrýstir dýnan saman og verður í raun allt of hörð undir fótum kúa.

- Hvíldar- og leguatferli kúa:**
- Legutími
 - Fjöldi legulota
 - Lengd hverrar legulotu

Þær merjast því við þetta, þ.e. við síendirtekna hreyfiferla, og fá eymslí í fæturna.

Legutími og afurðasemi

Þrátt fyrir framansagt sýnir samantekt dr. Cook at það er ekkert öruggt samhengi á milli lengri legutíma og afurðasemi en skyringin á þessu felst í því að samhengið barna á milli er einnig mjög tengt kúnni sjálfrí, þ.e. stöðu á mjaltaskeiðinu, heilbrigði hennar, aldri o.s.frv. Með öðrum orðum þá er ekki hægt að gefa upp einhverja sérstaka tölum um legutíma kúa fyrir bændur að miða við. Aðstaðan og aðbúnaðurinn þarf einfaldlega að vera þannig að allar kýr eiga að geta legið samtímis á þægilegu undirlagi og svo er það undir hverri þeirra að ákveða hve oft og hve lengi hún vill liggja.

Bústjórn

Að síðustu þarf að nefna hér bústjórnina sjálfa enda er til lítils farið af stað ef allt sem hér að framan hefur verið sagt hefur verið gert og því fræðilega séð um fullkomna aðstöðu að ræða, en svo hindrar aðgengi að legusvæðinu nýtingu þess. Allt of oft, sérlíki erlendis, gerist það að bændur eru með of þétt á gripum sínum þ.e. hafa jafnvel fleiri gripi en legusvæði sem auðvitað er óheimilt. Einnig er alls ekki öruggt að þó svo að jafnmög legusvæði og gripir séu til staðar að þau nýtist sem slík. Stundum gerist það t.d. að lægra settir gripir þori hreinlega ekki að leggjast við hlíð hátt settra gripa. Fyrir vikið nýtist legusvæðið ekki nóg vel. Það er því góð þumal fingursregla að hafa dálitið aukarými í fjósum.

Heimildir: Cook. N.B., 2020. The impact of management and facilities on cow culling rates, J. Dairy Science og Strudsholm F., 2020: Lang produktiv levetid kræver sundre ældre malkekær, Magasin Kvæg.





SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

Verð 4.490.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ“

VARMADÆLUR

ÓÐÝRARI LEIÐ TIL HÚSHITUNAR



Hagkvæmar | Endingargóðar
Umhverfisvænar | Hljóðlátar

VARMADÆLUR HENTA SÉRSTAKLEGA VEL Á „KÖLDUM“ SVÆÐUM LANDSINS, ÞAR SEM EKKI ER HITAVEITA!

FUJITSU

FUJITSU varmadælurnar eru þekktar fyrir gæði og þeim fylgir 5 ára ábyrgð.

Mikið úrval af rafsuðu- og slípivörum



Létt og þægileg suðubvinga fyrir rör



Suðubvinga með flýtilosun fyrir horn



Suðubvinga með losan-legum armi



Öflugur suðusegull með rofa





GASTEC | VAGNHÖFÐA 9 | WWW.GASTEC.IS | SÍMI 5877000

GASTEC
SÍÐAN 2001
PEKKING & PJÓNUSTA

EXIDE rafgeymar

Með tilkomu sífellt flóknari og fjölbreyttari farartækja sem eru búin sérhæfðum rafbúnaði, hefur þörfin fyrir öfluga og trausta rafgeyma aukist.



Skannaðu QR kódann og finnud rétta rafgeyminn fyrir þitt farartæki

Fyrirtækjapjónusta Olís
Alvöru fólk með alvöru þekkingu og reynslu
Hafðu samband við sérfræðinga Olís
í síma 515 1100 eða pontun@olis.is

olis

Af árlegri ráðstefnu evrópskra búfjárvísindamanna

– Fyrsti hluti: Loftslagið

Árleg ráðstefna Evrópusamtaka búfjárvísindamanna (EAAP) var haldin í Flórens á Ítalíu 1. til 5. september síðastliðinn. Það er stór ráðstefna, um 2.000 manns mættu og 1.800 ágrip voru send inn frá visindamönnum til að kynna sem veggspjald eða fyrilestur.

Par sem ráðstefnan var með um 100 málstofur, og allt að því 14 í gangi í einu, náiði ég aðeins að sjá lítið hluta af erindunum en hér ætla ég að segja frá nokkrum á hugaverðum erindum á málstofum sem ég sótti. Kynbætur nautgripa og sauðfjár fá hér hlutfallslega mikið pláss í samræmi við fagsvið höfundar.



Jón Hjalti Eiríksson.



I skoðunarferð um nágrenni Flórens fór hluti ráðstefnugesta á sauðfjárbú sem geymir ræktunarkjarna Comisana- og Massese-mjólkurfjárkynjanna. Á búinu eru um 1.000 ær mjólkadár í mjaltagryfu með 46 mjaltataekjum.

byggði á fyrir tíma erfðamengjavals. I kjarnanum eru aðeins arfhreinar kindur með móttöðuarfgerð gagnvart riðuveiki, ARR/ARR, sem dreifir arfgerðinni svo út til framleiðenda með sölu gripa. A þessu búi, eins og við annars staðar, var búið að koma upp GreenFeed-bás til mælinga á metanlosun kindanna. Svipaður búnaður er í Hvanneryarfjósínu til mælinga á losun kúa og nokkur erindi á ráðstefnunni greindu einnig frá niðurstöðum slíksra mælinga.

Fóðurbreytingar virka til að draga úr losun nautgripa

A ráðstefnunni sjálfri var umfjöllun um metanlosun jóturdýra frá ymsum hliðum, einkum um áhrif fóðrunar gripanna, framleiðslukerfa, og möguleikum til kynbóta fyrir minni losun. Málstofa sem bar yfirskriftina „Samband á milli umhverfis- og skilvirkni eiginleika – þverfagleg nálgun“ hófst á boðserindi Peters Lund frá Árósháskóla, en rannsóknarhópur hans hefur skoðað losun mjólkurkúra við mismunandi fóðrun um nokkurt skeið. Ákveðin bætiefni í fóðri, svo sem 3-nitró-oxíprópanól, nítrat

og ákveðnar þörungategundir hafa sýnt sig hafa áhrif á metanlosun til minnkunar. Aftur á móti fylgja í einhverjum tilfellum neikvæð áhrif á át og mjólkurframleiðslu sem þarf að taka tillit til við innleiðingu. Samsetning fóðursins án sértakra aukaefna getur líka verið áhrifarisk, svo sem aukið fituinnihald eða hækkað kjarnfóðurhlutfall. Þar þarf þó að hafa í huga kolefnisspor af framleiðslu fóðursins til að tryggja að kerfið í heild dragi úr losun.

Kynbætur virka til að draga úr losun

Kynbætur fyrir minnkaðri metanlosun eru aðgerð sem miklar vonir eru bundnar við vegna þess að náist árangur með þeim haetti verður hann varanlegur. Það er orðið nokkuð ljóst að erfðabreytileiki er til staðar fyrir metanlosun frá jóturdýrum, það sýna margar rannsóknir viða um heim. Aftur á móti er fjöldi mælingar innan einstakra landa enn ekki mikill og viðast er langt í land að geta byrjað kerfisbundið val fyrir eiginleikanum. Á EAAP sagði Birgit Gredler-Grandl frá Wageningen-háskólanum



Sauðfjárræktin á Ítalíu er um margt ólík því sem við eignum að venjast hér á Íslandi. Hún er mest til mjólkurframleiðslu.

Myndir / jhe

í Hollandi frá fjölbjöldlegu samstarfi sem stefnir að því að takast á við áskoranir sem þessu fylgja, staðla meðferð gagna, sameina gagnasöfn og auka mælingar viða um heim. Í það minnsta í Kanada og á Spáni eru nú þegar birtar erfðamengjakynbóaspár fyrir losun frá mjólkurkúum, þó að þær byggi á frekar takmörkuðu gagnasafni og séu ekki tekna inn í heildareinkunnir enn.

Par sem farið er að safna upplýsingum um metanlosun einstakra gripa í stórum stíl eru helst notaðir svokallaðir þefarar (sniffers) sem mæla þéttini metans í kringum gripi, fyrir mjólkurkýr til dæmis í mjöltum í mjaltapjóni. Slískar mælingar gefa ekki beina mælingu eða tölu fyrir heildarlosun hvers grips en mælingar slíksra þefara hafa háa fylgni við mælingar úr nákvæmri búnaði. Úrvinnsla gagna sem fást úr slískum mælingum er þó enn í þróun,

til að mynda hvernig að hreinsa þau og hvernig að skilgreina eiginleikanum sem unnið er með úr slískum búnaði. Ester M. Teran frá INIA á Spáni og Coralia Manzanilla-Pech frá Wageningen komu báðar inn á þetta í sínum erindum þar sem þær báru saman mismunandi skilgreiningar á metaneiginleikanum frá slískum búnaði og sýndu erfðastuðla fyrir þá. Niðurstöður þeirra eru ekki afgerandi enn um hvaða skilgreining er best svo frekari rannsóknar er þörf þar.

Til viðbótar því hvernig að nota þefaragögn er einnig óútkljáð hvaða eiginleika á að miða við sem kynbótamarkmiðið í vali fyrir minni losun. Samkvæmt erindi Nicolas Gengler frá Belgíu er metanlosun á einingu framleiðslunnar (t.d. g CH₄/mjólkur) sjónarhornar sem fóðurfræðingar horfa gjarnan á en er óvinsælt meðal kynbótafræðinga vegna óheppilegra eiginleika slíksra hlutfallstalna í útreikningum. Frekar er horft til umframmetans, sem er munurinn á því metani sem mælist og því sem búast mætti við miðað við framleiðslu gripsins. Notkun magns losunar beint getur líka vel gengið sem eiginleiki í kynbótum þó að vissulega sé hann nátengdur framleiðslunni, t.d. þannig að kýr sem mjólkur meira losa yfirleitt meira. Samstætt heildareinkunn sem tekur tillit til erfðafylgni getur tekið á tengslunum á milli eiginleika þannig að útkoman verði minnkandi losun á framleidda einingu.

Víðtækara hugtak sem hefur mikil verið í deiglunni hjá búfjárvísindamönnum síðustu ár er þanpol gripa, resilience á ensku. Það er eiginleiki skepnanna til að breyta líkamsstarfsemi lítið við áföll svo sem sjúkdóma eða mikinn hita og/ eða vera fljót að jafna sig. Tæki sem mæla t.d. mjólkurmagn, líkamshita, hreyfivirkni eða át daglega eða oftar gefa upplýsingar sem hægt er að nota til að meta þanpol gripa við bæði pekkta stressvalda og áföll einstaklingsins af óþekktum orsökum.

Búfjárvísindamenn víða í Evrópu og um heim allan eru sem sagt að vinn að lausnum til að draga úr loftslagsáhrifum búfjárræktarinnar og til að hjálpa okkur mannkyninu að framleiða mat í okkur þrátt fyrir þær loftslagsbreytingar sem eru orðnar og óhávaemilega verða. Vonandi skilar það sér fljótlega í því að losun frá búfjárrækt minnkar verulega sem getur verið einn þáttur í að draga úr hnattrænni hlýnun og að búfjárvísindamenn til að skilað sinni þjónustu við mannkynið.

Höfundur er lektor við LbhÍ.

Lífraent hreinswirki!

NÚTÍMA ROTÞRÓ

- Fyrir sumarhús, heilsárhús, hótel o.fl.
- Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð
- 3ja þepa hreinsun - ekkert rafmagn
- Engar siturlagnir - fyrirferðarlítill
- Mögulegt að breyta í skólpheinsistöð síðar
- Þýsk gæði - CE merkt
- Stærðir 2-600 persónueiningar

HVAMMSHÓLAR

SIGURÐUR VÍGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

Í yfirlitserindi um kynbótamarkmið sem Birgit Fuerst-Waltl frá auðlinda og lífvísindaháskólanum í Vín var



Land og skogur

Framtíð stang- og skotveiða á Íslandi er samofin heilbrigði vistkerfa landsins.

Mynd /Jóhann Helgi Stefánsson & Elvar Órn Friðriksson

Veiðar, vernd og vistheimt

Heilbrigði vistkerfi eru nauðsynleg öllu lífi á jördinni. Með ágengni sinni hefur mannkynið skaðað og eyðilagt stóran hluta náttúrulegra vistkerfa hér á landi sem og á heimsvisu.

A fyrri oldum var þetta oftar en ekki spurning um lífsafkomu en á undanförmum áratugum hefur mannkynið reynt að betrumbæta náttúruna sem hefur stundum valdið gríðarlegum skaða.

Endurheimt glataðra búsvæða og vernd þeirra sem eru eftir ætti að vera forgangsmál allra sem vilja nýta landsins gæði. Ísland er um margt sérstætt land, hér er mikið um sjaldgæfar vistgerðir sem gerir þær til dæmis mikilvæg búsvæði viðkvæmra fuglategunda. Slíka sérstöðu þarf að vernda, enda er það vaxandi áhersla á alþjóðavettvangi að vinna með sérstöðu hvers svæðis, og nýta staðbundnar tegundir við endurheimt vistkerfa og búsvæða, til að vernda líffræðilega fjölbreytni á hverjum stað.

Í umræðu vill það oft verða að nýtingarsjónarmið eru sett til höfuðs verndunarsjónarmiðum. Það er villandi og í raun röng framsetning hlutanna. Veiðifólk er meðal þeirra sem hafa hvað mestu hagsmuni af óflugum vistkerfum og öröskuðum búsvæðum. Alþjóðlega er þróunin á þá leið að samtök veiðifólks eru farin að beita sér í síauknum mæli fyrir verndun og eflingu náttúrulegra vistkerfa. Sem dæmi má nefna Evrópusamtök skotveiðifólk (FACE), Ducks Unlimited í N-Ameríku, og Verndarsjóð villtra laxastofna (NASF) en höfuðstöðvar hans eru hér á landi.


Endurheimt votlendis með því

að hækka vatnsstöðuna og að beita aðgerðum til þess að endurheimta votlendisgróður, eykur vatnsgæði og minnkar yfirborðsrennslu sem aftur býr til heilbrigðari búsvæði fyrir tegundir eins og laxinn og silunga. Sömuleiðis gerir endurheimt votlendis heilmikið fyrir þær fjölmörgu tegundir vatnafugla sem eru vinsæl bráð skotveiðimanna, þar sem svæði til fæðuöflunar og dvalar stækka og fjölgar við endurheimt.

Endurheimt þurrleidivistkerfa með innlendum plöntum eins og birki og víði eykur einnig gæði nærliggjandi straum- og stöðuvatna. Ef um vel heppnaðar endurheimtaráðgerðir er að ræða eykst stöðugleiki svæðisins, sem dregur úr setmyndun í ám, en uppsöfnun sets getur skaðað búsvæði fiska. Endurheimt birkiskóga, birki- og víðikjarrs, mólendis, og graslendis bætir búsvæði fyrir eftirsóttar tegundir til veiða s.s. rjúpur, hreindýr og refi, þar sem aukning verður á svæðum með næga fæðu og skjóli.

Framtíð stang- og skotveiða á Íslandi er samofin heilbrigði vistkerfa landsins. Með því að taka þátt í vistheimt og búsvæðavernd, getur stang- og skotveiðifólk gegnt mikilvægu hlutverki í að vernda hina sérstæðu náttúru og líffjölbreytileika hér á landi. Verndun og nýting fer saman enda höfum við öll hagsmuni af sterkari og heilbrigðari íslenskri náttúru. Reynum að forðast mistök fortíðar, leyfum náttúrunni að stjórna ferðinni og hjálpu henni að hjálpa sér sjálfri.

Jóhann Helgi Stefánsson,
sérfræðingur hjá Landi og skógi.



MC 5M-200/1050XT

Mesti þrystingur 200 bör
Dælir 940 litrum á klukkustund
Þolir allt að 60°C vatnshita
5 klst. vinnslutími á dag
Góð aksturshjól

Verð áður: 434.356 kr. án vsk.

Tilboðsverð: 390.000 kr. án vsk.

Nilfisk háþrýstdælur

Áreiðanleiki, kraftur og ending – Nilfisk háþrýstdælur eru hannaðar fyrir krefjandi aðstæður í landbúnaði.

NILFISK

STÓR KAUP

Stórkauð ehf. | Skútuvogur 9 | 104 Reykjavík
Sími 515 1500 | storkaup@storkaup.is

...Gæði þegar að er gáð

Rafstilling

Rafstilling S: 581-4991 Netfang: Rafstilling@rafstilling.is
Reki S: 562-2950 Netfang: Reki@reki.is

Skemmuvegur 46, Kópavogur

CFMOTO fjórhjól fyrir leik og störf



CFMOTO 450
1.349.000,-



CFMOTO 625 Touring
1.599.000,-



CFMOTO 1000 Touring
2.390.000,-

Öll hjólin eru með beinni innspýtingu, rafmagnstýri, spili, dráttarkrók, handahlífum, háu og lágu drifi með læsingu. Vökvbremsum, álfelgum og eru tveggja manna götuskráð T3b. Verð er með Vsk.

Umboðsaðilar: Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki. Lyngás, Hellu. Bikevik, Reykjanesbæ, AB varahlutir, Egilsstöðum.

NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848
Nánari upplýsingar á nitro.is

Hæstu hross ársins

– Sýningarárið 2024 – seinni hluti

Afar breiður hópur frábærra hrossa kom til dóms í ár og hafa þau í heildina líklega aldrei verið öflugri en í ár. Hér fyrir neðan er umfjöllun um þrjú hæstu hrossin í hverjum flokki og efstu hross á Landsmóti.

Efstu fjögurra vetra hryssur

Alls voru sýndar



Þorvaldur Kristjánsson.

89 fjögurra vetra hryssur á árinu sem gerir rúmlega 8% sýndra hrossa. Þessi hópur hryssna á Landsmóti var með ólíkindum magnaður og

verðmætt að sjá hvað þær stóðu vel flestar við dóma vorsins og sumar blómstruðu á mótinu. Jafnar með þriðju hæstu einkunn ársins, eða 8,36 í aðaleinkunn, voru þær Hugsýn frá Ketilsstöðum og Hamingja frá Árbæ. Hamingja frá Árbæ var jafnframtíð eftir í sínum flokki á Landsmóti. Ræktandi er Vigdís Þórarinsdóttir en eigandi er G. Jóhannsson ehf. Hamingja er leirljós að lit undan Draupni frá Stuðlum, sem náði lágþörkum til heiðursverðlauna fyrir afkvæmi á árinu, og Gleði frá Árbæ. Hamingja er afar fríð og framfallegr, jafnvíg og skrefmikil alhliða hryssa með einstaklega gott hægt stökk en hún hlaut einkunnina 9,0 fyrir það. Hugsýn frá Ketilsstöðum er undan Álfakletti frá Syðri-Gegnishólum og Hugrókk frá Ketilsstöðum, ræktendur eru Bergur Jónsson og Olíl Amble og eigandi er Elfn Holst. Hugsýn er vel gerð hryssa; jafnvægisgöð og með sterka yfirlínu. Þá er hún gæðingur á gangi; einstaklega burðarmikil og bráðproska á tölti en hún hlaut 9,0 fyrir tölt og hægt tölt sem er óvanalegt af svo ungu hrossi. Með aðra hæstu einkunn ársins 8,37 var Gullbrá frá Grund II, undan Pensli frá Hvolsvelli, sem er að byrja að skila álitlegum hrossum til dóms, og Andvaradótturinni Grund frá Grund II. Ræktandi er Örn Stefánsson og hann er líka eigandi ásamt Ólöfu Stefánsdóttur. Gullbrá er falleg hryssa með 9,0 fyrir háls, herðar og bóga og samræmi; afar finleg og léttbyggð. Þá er hún einkunn ársins eða 8,38, voru þær Kría frá Árbæ og Dama frá Hjarðartúni. Dama er undan Ský frá Skálakoti og gæðingamóðurinni Dögg frá Breiðholti, ræktandi er Oskar Eyjólfsson en eigandi er Anja Egger-Meier. Dama er hreint ótrúlegt hross hvað byggingu og ganghæfni varðar; afar fríð á höfuð og glaesileg. Þá er hún mögnuð á tölti af svo ungu hrossi að vera, viljug og einörð en hún hlaut 9,5 fyrir tölt og samstarfsvílja. Þá hlaut hún 9,0 fyrir fegurð í reið enda geislars af henni undir knapa. Kría frá Árbæ er undan Spaða frá Stuðlum og Keilisdótturinni Keilu frá Árbæ. Ræktandi er Vigdís Þórarinsdóttir en eigandi er G. Jóhannsson ehf. Frá þeim árangur hjá Vigdís að rækta tvær af efstu fjögurra vetra hryssum ársins. Kría er vel gerð myndarhryssa með hátt settan háls, góða fótahæð og trausta fær. Þá er hún skrefmikil og skrokkmjúk, viljug og samstarfsfús og fer fallega í reið.

Efstu fjögurra vetra stóðhestar

Alls voru sýndar 81 hestur í fullnaðardóm, eða um 7% sýndra hrossa. Með þriðju hæstu einkunn ársins (8,55) var Hetja frá Ragnheiðarstöðum en hún er undan Þráni frá Flagbjarnarholti og Hendingu frá Úlfssstöðum, þeirri merkilegu ræktunarhryssu. Ræktandi er Helgi Jón Harðarson og hann er eigandi ásamt Bírgi Má Ragnarssyni. Hetja er stórfalleg



Arney frá Ytra-Álandi, eftir í flokki fimm vetra hryssna í ár. Knapi Agnar Þór Magnússon.

Myndir / Óðinn Órn Johannsson



Hrókur frá Skipaskaga, eftur fimm vetra stóðhesta. Knapi Árni Björn Pálsson.

Miðhrauni sem er byrjaður að skila góðum ganghrossum til dóms, og Hugnsdótturinni Hugrún frá Strönd. Njörður er traustlega gerður hestur en mætti vera með léttari frambyggingu. Þá er hann rifandi ganghestur með virkjamikið skref og góðan vilja en hann hlaut í einkunn 9,0 fyrir tölt og samstarfsvílja og 8,47 fyrir hæfileika. Með aðra hæstu einkunn ársins eða 8,48 var Dalvar frá Efsta-Seli en hann var eftur í sínum flokki á Landsmóti. Ræktendur eru Daniel Jónsson og Hilmar Sæmundsson og Daniel er eigandi ásamt Ásbirni Helga Árnasyni. Dalvar er undan Adrián frá Garðshorni á Pelamörk og Arionsdótturinni Lóu frá Efsta-Seli. Dalvar er afar fram- og fótahár og vel gerður hestur í byggingu. Þá er hann líka efnilegur á gangi, myktar og skrefahestur með þjálan vilja og trausta lund. Með hæstu einkunn ársins í þessum flokki, 8,57 var sá rauðskjótti Feykir frá Stóra-Vatnsskarði. Ræktandi er Benedikt G. Benediktsson en eigandi er Dominik Mueser ehf. Feykir er glaesilegur hestur með einkunnina 9,0 fyrir háls, herðar og bóga, bak og lend og samræmi. Þá er hann efnilegur á gangi; afar skrefmikill og rýmislegur og flugvakur en hann hlaut 9,0 fyrir skeið.

Efstu fimm vetra hryssur

Alls voru sýndar 192 fimm vetra hryssur á árinu og voru þær rúmlega 17% allra sýndra hrossa. Með þriðju hæstu einkunn ársins (8,55) var Hetja frá Ragnheiðarstöðum en hún er undan Þráni frá Flagbjarnarholti og Hendingu frá Úlfssstöðum, þeirri merkilegu ræktunarhryssu. Ræktandi er Helgi Jón Harðarson og hann er eigandi ásamt Bírgi Má Ragnarssyni. Hetja er stórfalleg

hryssa með 9,5 fyrir höfuð, bak og lend og samræmi og 9,0 fyrir háls, herðar og bóga. Þá er hún jafnvíg, hreingeng alhliða hryssa með fallegar hreyfingar. Með aðra hæstu einkunn ársins (8,67) var Nótá frá Sumarliðabæ 2, undan Spuna frá Vesturkoti og gæðingnum Flautu frá Einhamri 2, Stáladóttur. Ræktendur eru Birgir Már Ragnarsson og Silja Hrund Júlfusdóttir en eigandi er Svarthöfði-Hrossarækt ehf. Nótá er stórgæðingur með 8,88 fyrir hæfileika, hvorki meira né minna. Enda er hún jafnvíg á gangi, með mikil framgrip og fimi, háar og virkjamiklar hreyfingar og frábæren samstarfsvílja. Þá hlaut hæstu einkunn ársins í þessum flokki hryssan Arney frá Ytra-Álandi, undan Ský frá Skálakoti og Erlu frá Skák, Álfssdóttur. Ræktandi er Úlfhildur Íða Helgadóttir og hún er eigandi ásamt Ragnari Skúlasyni. Arney er hreint ótrúlegt hross og hefur skipað sér á þekk með helstu gæðingum sögnar og það einungis fimm vetra gömul. Hún hlaut í fyrra hæsta dóm sem fjögurra vetra hryssa hefur hlotið og mætti til dóms í vor og fór í 9,28 fyrir hæfileika sem er hæsta hæfileikaeinkunn ársins og 8,98 í aðaleinkunn. Þetta verður seint leikið eftir. Hún hlaut 9,5 fyrir tölt, brokk og fegurð í reið, einkunnina 10 fyrir samstarfsvílja og 9,0 fyrir skeið, enda óvanaleg hvað varðar jafnvægi, skrefstærð og teygu á gangi, gríðarlega orkumikil og þjál. Arney stóð eftir í sínum flokki á Landsmóti.

Efstu fimm vetra stóðhestar

Í fimm vetra flokki stóðhesta var sýndur 121 hestur og voru þeir 10% sýndra hrossa ársins. Með þriðju hæstu einkunn í þessum flokki (8,66) var Þórkýr frá Leirulæk,



Hamingja frá Árbæ, eftir í flokki fjögurra vetra hryssna á Landsmóti. Knapi Árni Björn Pálsson.



Húni frá Ragnheiðarstöðum, eftur sex vetra stóðhesta á Landsmóti. Knapi Helga Una Björnsdóttir.



Aþena frá Þjóðolfshaga 1 hlaut hæstu hæfileikaeinkunn á Landsmóti. Knapi Þorgeir Ólafsson.

undan Skýr frá Skálakoti og Þórdísí frá Leirulæk en sú er undan Ófeigi frá Þorlaksstöðum og Daladísi frá Leirulæk. Ræktandi og eigandi er Sigurbjörn Jóhann Garðarsson. Þórkýr er vel gerður hestur með 8,5 í einkunn fyrir háls, herðar og bóga og 9,0 fyrir bak og lend og samræmi. Þá er hann frábær gæðingur; afar skrefmikill, hágengur og orkumikill í framgöngu. Hann hlaut til dæmis 9,5 í einkunn fyrir tölt og 9,0 fyrir hægt tölt sem er afar vermætt, þá hlaut hann 9,0 fyrir brokk og fegurð í reið. Með aðra hæstu einkunn ársins (8,81) er Safir frá Laugardælum, undan Þráni frá Flagbjarnarholti og Skart frá Laugardælum, Ómsdóttur. Ræktandi er Malin Widar og eigendur eru Fákshólar ehf. og Anja Egger-Meier. Safir er afar heilsteyptur, léttleikandi og mjúkur ganghestur með mikla útgeislun. Hann er vel skapaður með sterka yfirlínu í hálsi og baki og sameinar styrk og finnleika í byggingu. Þá er hann gæðingur á gangi með 9,0 fyrir tölt og brokk og fegurð í reið og 9,0 fyrir greitt stökk; afar þjál og yfirveguð. Sunna frá Haukagili í Hvítársíðu er undan Sólon frá Skáney og Kötlu frá Steinnesi, Gammsdóttur. Ræktendur og eigendur eru Ágúst Þór Jónsson og Þóra Áslaug Magnúsdóttir. Sunna er fríð á höfuð, með hátt settan háls og frábæra yfirlínu í baki og lend enda með 9,5 fyrir þann eiginleika. Hún er ber sig vel í reið; reist og með aðsópsmiklar hreyfingar, með 9,0 fyrir bæði tölt og hægt tölt sem er verðmætt í ræktun. Með aðra hæstu einkunn ársins (8,54) var Nótá frá Ytri-Skóglum undan Draupni frá Stuðlum og Orradótturinni Gná frá Ytri-Skóglum. Ræktandi og eigandi er Ingimundur Vilhjálmsson. Nótá

Efstu sex vetra hryssur

Í sex vetra flokki hryssna voru sýndar 227 hryssur og voru þær 20% sýndra hrossa ársins. Jafnar með þriðju hæstu aðaleinkunn ársins, 8,53 voru þær Olga frá Lækjarmóti II og Sunna frá Haukagili í Hvítársíðu. Olga er undan Skýr frá Skálakoti og Hafðísi frá Lækjarmóti, Ómsdóttur. Ræktendur eru Ísólfur Líndal Pórisson og Mona Olsson en eigendur eru Anja Egger-Meier, Kronshof GbR og Mark Tillmann. Olga er afar fríð og vel gerð með 9,0 fyrir höfuð og alla eiginleika yfirlíunnar. Þá er Olga skrefmikil og hreingeng með 8,5 fyrir tölt, brokk og fegurð í reið og 9,0 fyrir greitt stökk; afar þjál og yfirveguð. Sunna frá Haukagili í Hvítársíðu er undan Sólon frá Skáney og Kötlu frá Steinnesi, Gammsdóttur. Ræktendur og eigendur eru Ágúst Þór Jónsson og Þóra Áslaug Magnúsdóttir. Sunna er fríð á höfuð, með hátt settan háls og frábæra yfirlínu í baki og lend enda með 9,5 fyrir þann eiginleika. Hún er ber sig vel í reið; reist og með aðsópsmiklar hreyfingar, með 9,0 fyrir bæði tölt og hægt tölt sem er verðmætt í ræktun. Með aðra hæstu einkunn ársins (8,54) var Nótá frá Ytri-Skóglum undan Draupni frá Stuðlum og Orradótturinni Gná frá Ytri-Skóglum. Ræktandi og eigandi er Ingimundur Vilhjálmsson. Nótá

er glæsileg hryssa með 9,0 fyrir háls, herðar og bóga og samræmi. Hún er hreingeng og mjúk á gangi og fer afar fallega í reið; með langa og hvelfda yfirlínu og virðuleg í framögöngu. Með hæstu einkunn ársins í þessum flokki (8,60) var Stikla frá Stóra-Ási, undan Álfakletti frá Syðri-Gegnishólum og Hendingu frá Stóra-Ási sem er undan Aðli frá Nýja-Bæ. Ræktandi og eigandi er Lara Kristín Gísladóttir. Stikla er falleg hryssa; skarpleit, finleg og léttbyggð. Þá er hún gædingur á gangi með 8,5 fyrir tölt og brokk og hlaut 9,5 fyrir skeið á Landsmóti, flugviljug og næm. Sú hryssa sem stóð efst á Landsmóti og var með fjórðu hæstu einkunn ársins (8,52) í þessum flokki er Hetja frá Hofi I í Öræfum. Hún er undan Álfakletti frá Syðri-Gegnishólum og Giftingu frá Hofi, Hágangsdóttur. Ræktandi er Þorlákur Órn Bergsson og eigendur eru Arnar Heimir Lárusson, Lárus Finnborgason og Fákshólar ehf. Hetja er falleg hryssa, léttbyggð og fótahá. Þá er hún jafnvíg á gangi, léttstíg og hreingeng alhliða hryssa, flugvökur með frábæran samstarfsvílja.

Efstu sex vетra stóðhestar

Í sex vетra flokki stóðhesta voru sýndir 102 hestar sem gera um 9% sýndra hrossa. Með þriðju hæstu einkunn ársins (8,71) var Hrafni frá Oddsstöðum I, undan Vita frá Kagaðarhóli og Eldingu frá Oddsstöðum I en hún er undan Kvisti frá Skagaströnd. Ræktandi er Sigurður Oddur Ragnarsson og hann er eigandi ásamt Jakobi Svavari Sigurðssyni. Hrafni er einstaklega fallega og vel gerður hestur; með sterka og burðarmikla yfirlínu, framhár og hluffallaréttur. Þá er hann frábær hvað ganghæfni snertir; með mikil fjáðurmagn og fótburð. Með aðra hæstu einkunn (8,72) í þessum flokki í ár var Húni frá Ragnheiðarstöðum, undan Álfakletti frá Syðri-Gegnishólum og Hendingu frá Úlfss töðum. Ræktandi er Helgi Jón Harðarson og eigendur eru Flemming Fast og Gitte Fast Lambertsen. Húni stóð jafnframt hestur í sínum flokki á Landsmóti í sumar. Húni er djásn að allri gerð; afar fríður og finlegur með frábæra frambyggingu og samræmi. Þá er hann afar léttstígur og mjúkur og það geislars af honum í reið enda með 9,5 fyrir tölt, brokk, samstarfsvílja og fegurð í reið. Með hæstu einkunn ársins (8,80) í sex vетra flokki stóðhesta var svo Grímar frá Púfum, undan Sóloni og Grýlu frá Púfum. Ræktandi og eigandi er Mette Mannseth. Grímar er reistur og jafnvaxinn hestur með frábæra ganghæfni, hann býr yfir miklu svifi og fjáðurmagni á brokki enda hlaut hann 9,5 fyrir það. Þá er hann afar fjölhæfur alhliða ganghestur og hlaut þá mögnuðu einkunn 10 fyrir fet og 9,01 fyrir hæfileika hvorki meira né minna.

Elsti flokkur hryssna

Í elsta flokki hryssna voru sýndar 268 hryssur og voru þær 23% allra sýndra hrossa. Þetta var magnaður hópur og efst hryssur á Landsmóti með ólíkendum sterkar. Með þriðju hæstu einkunn ársins (8,79) var stólpagripurinn Nóta frá Flugumýri II, undan Blysfara frá Neðra-Hálsi og Smellu frá Flugumýri, Keilisdóttur. Ræktendur eru Eyrún Anna Pálsdóttir og Páll Bjarki Pálsson og eigendur eru Eyrún Ýr Pálsdóttir og Martin Skovsende. Nóta er afar gerðarleg hryssa; reist með langan háls og frábært samræmi sem hún hlaut einkunnina 9,5 fyrir. Þá hefur hún myndarlega framögöngu

Höfundur er ráðunautur í hrossarækt.



Sérfræðingur skógarúttekta og loftslagsbókhalds

Land og skógr leitar að öflugu starfsfólk til að vinna að uppbyggingu og vernd gróðurauðlinda á Íslandi með landgræðslu, nýskógrækt og friðun skóga til að efla hagrænan, umhverfislegan og samfélagslegan ávinnung af sjálfbærri landnýtingu. Leitað er að sérfræðingi sem stjórnar teymi skógarúttekta og loftslagsbókhalds skóglendis.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Bókhald gróðurhúsalofttegunda vegna skógræktar, skóga, kjarrs og viðarafurða skógarhöggs.
- Skýrslugerð um skógrækt og skóga til FAO og Forest Europe.
- Landsúttekt á ræktuðum og náttúrulegum skógum.

Hæfniskröfur

- Meistarapróf í skógræði eða skyldum fögum með áherslu á flæði gróðurhúsalofttegunda í skógam.
- Þekking á sviði almennar skógræði með áherslu á greiningu og skráningu gróðurs og landgæða með tölfræðilegri úrvinnslu stórra gagnasafna.
- Þekking og reynsla af stjórnun og teymisvinnu sem og góð samskiptahæfni eru skilyrði.
- Gott vald á ensku og íslensku er æskilegt.

Þetta er fullt starf sem hentar öllum kynjum. Starfið er óstaðbundið.

Sótt er um starfið á Starfatorgi. Umsóknarfrestur er til 7. október 2024.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Brynjar Skúlason, sviðstjóri rannsókna og þróunar:

Brynjar.Skulason@landogskogur.is - s. 899 8755



VELTRON®

Bytingarkennd hitunaraðferð

Veltron infrarauður hitari er bytingakennd vara fyrir hraða tímabundna hitun.

Veltron DHOE-120 dísel knúinn far infrarauður hitari notar einungis 50W(sambærilegt við ljósaperu) og 2,3 lítra af eldsneyti á dag.

Hitarinn notast eingöngu við rafmagn við uppkveikju, brennara og tölvustýringu.

Margar stærðir til.



TRAUSTUR SAMSTARFSÁÐILI

Garðabæ | Akureyri | Selfossi
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

pú finnur Bændablaðið á www.bbl.is,
Facebook & Instagram



Annita Blix við jarðvegssýnatökum.



Mælisvæði á Heggstöðum.



Síritar fyrir jarðvegsþætti.

Fyrsta mat á losun á hláturgasi frá framræstu landi

Nýlega kom út grein í tímaritinu „Agriculture, Ecosystem & Environment“ um mælingar á losun á hláturgasi (N₂O) frá framræustum myrum hér á landi, en hláturgas er öflug gróðurhúsalofttegund og ein þriggja sem losnar frá framræustum myrum utan koldíoxíðs (CO₂) og metans (CH₄).

Titill greinarinnar er „Lítill losun hláturgass úr steinefnaríkum myrrjarðvegi á Íslandi“ (e: Low nitrous oxide fluxes from mineral affected peatland soils in Iceland). Höfundar greinarinnar eru þau: Jón Guðmundsson, Hlynur Óskarsson (Landbúnaðarháskóla Íslands), Elisabeth Jansen (Háskólanum á Hólum), Stefán Þór Kristinsson, Alexandra Kjeld og Eldar Máni Gíslason (EFLU). Um er að reða niðurstöður umfangsmikilla rannsóknna, stýrðum af sérfræðingum Landbúnaðarháskóla Íslands, sem fram fóru á um 4 ára tímabili á bæði óframræustum og framræustum myrum í Borgarfirði.

Megindiðurstaða mælinganna er sú að frá framræstu landi á mælisvæðunum er losun hláturgass umtalsvert minni en ráðgjafarnefnd loftslagssamningsins (IPCC) mælir með að nota ef ekki liggja fyrir mælingar sem sýna annað. Að mati höfunda getur skyring á lífíll losun – miðað við sambærilegt land á okkar



Jón Guðmundsson.



Vatns- og hitamælar í jarðvegi.



Unnið við uppsetningu og sýnatökum.

Myndir / Lbh

Greinin er mikilvægur liður í að koma á framfæri niðurstöðum rannsókna á losun gróðurhúsalofttegunda frá votlendi á Íslandi til þess að hægt verði að bæta mat á losun frá framræustum myrum sem og árangur endurheimtar.

Greinin er aðgengileg á netinu í gegnum hvar.is og á vef tímaritsins „Agriculture, Ecosystem & Environment“.


Taka skal fram að rannsóknin var staðbundin mæling á losun á hláturgasi. Það er síðan ákvörðun viðkomandi stofnana (Land og skógar og UST) hvort

niðurstöður rannsóknarinnar séu teknar inn í losunarþókhald fyrir allt landi.

Í dag er í bókhaldinu stuðst við innlendar bráðabirgðaniðurstöður, sem sýna minni losun en kemur fram í þessari grein. Verði niðurstöður þessarar rannsóknar ekki teknar upp í landsbókhaldið má búast við því að styðjast þurfi í bókhaldinu við stuðla IPCC, sem eru verulega hærrí en núverandi viðmið og niðurstöður þessarar rannsóknar.

Höfundur er lektor við fagdeild náttúru og skógar hjá Lbh.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

- Smíðað eftir máli**
- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VHURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Tún á Hesti sem var eitt af mælisvæðunum.



Mælisvæði á framræstu óræktuðu svæði á Heggstöðum.



Lífræni dagurinn 2024

Nú er lífræni dagurinn nýliðinn, en 21. september síðastliðinn var hann haldinn hátiðlegur í þriðja skipti á Íslandi.

Tilgangur hátiðarhaldanna er fyrst og fremst að vekja athygli á lífrænni ræktun og framleiðslu á Íslandi, fára lífræna framleiðendur nær neytendum og minna á mikilvægi lífrænnar hugsunar og hugsjónar. Í ár var einnig sérstaklega við hæfi að minna á stöðu lífræna geirans á Íslandi í samanburði við nágrannalönd okkar, þar sem stjórnvöld hafa nýlega birt aðgerðaáætlun til eflingar lífrænnar framleiðslu á Íslandi. Við erum því miður að mörgu leyti eftirbátar annarra landa þegar kemur að hlutfalli lífræns vottaðs landbúnaðarlands, fjölda framleiðenda og magni framleiðslu. Reynslu annarra landa hefur sýnt að stuðningur stjórnvalda í verki er mikilvægur þáttur til að hraða vexti greinarinnar og því áriðandi að birtingu áætlunarinnar verði fylgt eftir, markmið hennar fjármögnum og framkvæmd.

Efling lífrænnar matvælaframleiðslu er mikilvægur liður í því að tryggja framleiðslu hreinna matvæla í sátt við náttúru og neytendur og því í senn umhverfis- og lýðheilsumál. Hringrásarhugsun er allsráðandi og einmitt þess vegna er ég þess fullviss að svarið við mörgum vandamálum nútímans er að finna í lífrænni hugsjón. Í lífrænni framtíð búa heilbrigð vistkerfi, frjósamur jarðvegur, lífbreytileiki, hreint vatn og andrúmsloft.

Fjölbreytni er fljót að koma upp í hugann þegar litio er yfir lífræna íslenska framleiðslu. Á lífræna deginum í ár var haldinn viðburður á veitingastaðnum Á Bistró í Elliðaárdal. Gestir gátu keypt sér veitingar úr lífrænum



þráefnum, keypt vörur af lífrænum framleiðendum, hlýtt á fræðsluerindi og síðast en ekki síst átt samtal um lífræna ræktun og framleiðslu við hagsmunaaðila, áhugafolk og aðra hlutaðeigandi. Á staðnum var einnig uppstilling á afurðum sem sýndi ljósliðandi breidd lífrænt vottaðar íslenskrar framleiðslu, fjölbreytni hennar og hugvit og framtakssemi framleiðenda.

Þrjú lífræn býli voru með opíð hjá sér þennan dag og þar gafst gestum færir að kynna sér lífræna ræktun og framleiðslu frá fyrstu hendi og kaupa lífrænt vottaðar vörur á framleiðslustað. Þetta eru býlin Yrkja, sem staðsett er í Syðra-Holti í Svarfaðardal, Sólbakki garðyrkjustöð á Ósi í Hörgársveit og Móðir Jörð í Vallanesi á Fljótsdalshéraði. Viðburðir í tilefni dagsins voru því vel dreifðir um landið.

Skipulagning lífræna dagsins er í höndum verkefnistjóra hjá Lífrænu Íslandi, en verkefnið Lífrænt Ísland er liður í samstarfssamningi sem VOR, Bændasamtök Íslands og matvælaráðuneytið hafa gert með sér og hefur þann tilgang að auka lífræna framleiðslu á Íslandi. Á meðal aðgerða í áætlun stjórnvalda er einmítt að styðja við verkefnið Lífrænt Ísland, sjá til þess að því verði viðhaldið og að haldinn verði lífrænn dagur árlega.

Lífræni dagurinn er því í senn mikilvæg og skemmtileg hefð sem komin er til að vera.

Að lokum langar mig að þakka öllum sem tóku þátt í lífræna deginum 2024 með einum eða öðrum hætti og óska okkur öllum til hamingju, megi hann verða enn veglegri að ári.

Elínborg Erla Ásgeirs dóttir, formaður VOR – félags um lífræna ræktun og framleiðslu.

ÞARFTU AÐ PAKKA?

Vakúmpökkunarvélar í öllum stærðum og gerðum. Erum með lausnir fyrir alla. Stór fyrirtæki, minni fyrirtæki, veiðimenn, búskap og heimili. Vertu klár fyrir haustið!

PMT - Sími: 567 8888 - www.pmt.is



Allt til merkinga og pökkunar


PMT
PLAST, MIÐAR & TÆKI



Ekkert vatn
Hvorki rotþró né jarðvinna

Þegar náttúran kallar

516-2600   **vörukaup**



SnowEx®
VETRARBÚNAÐUR

Salt- og sanddreifarar.
Amerísk gæðatæki sem endast.

MHG
VERSЛUN

Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is

Pistill formanns

Tökum daginn snemma

Ég er baði fullur tilhlökkunar og bjartsýni gagnvart samninga- viðræðum við stjórnvöld um nýja búvörusamninga.

Þessi eftirvæting er kannski svoltíð snemma á ferðinni hjá mér þar sem rúm tvö ár eru eftir af nágildandi samningi. Það er hins vegar ekkert náttúrulögsmál, enda þótt það sé kannski svoltíð íslenskt, að draga það fram á elleftu stundu að setjast af alvöru að samningaborði. Þess vegna hef ég verið áfram um það í samtöllum mínum við matvælaráðherra að við tökum daginn snemma ef svo má segja, enda er heimild til þess að styttu nágildandi búvörusamninga um eitt ár og láta nýjan taka gildi frá ársþyrjun 2026.

Stærsta ástæða þess að ég vil flýta þessari fór eins og frekast er unnt er auðvitað sú að ég finn fyrir ríkum skilningi stjórnvalda á rekstraramhverfi landbúnaðarins og vilja þeirra til að rétta skútuna af. Þar fer núverandi matvælaráðherra í fylkingarbrjósti. Forveri hennar í því embætti sagði m.a. í viðtali við RÚV eftir ungþendafundinn í Kópavogi fyrir tæpu ári síðan: „Það er augljóst að fyrirkomulagið eins og það er núna, hvort sem það heita búvörusamningar eða hvað það nú er, að þetta fyrirkomulag er að leiða okkur ítrekað í vanda og sérstaklega í afkomuvanda sem gerir það að verkum að bændur eru ekki í sama efnahagslega veruleika og aðrir íbúar þessa samfélags og það gengur ekki.“

Ég hef enga trú á því að þessi jákvæða afstaða stjórnvalda sé bundin við núverandi ríkisstjórn eingöngu. Þvert á móti er ég sannfærður um að viðmælendur okkar í búvörusamningaviðræðunum, sem vonandi hefjast strax á vori komanda, verði allir af vilja gerðir til þess að renna styrkum stoðum undir íslenskan landbúnað til langrar framtíðar. Forsenda þess að svo geti orðið er auðvitað að tryggja lífsnauðsynlega nýliðun í öllum helstu búgreinum okkar.

Enda þótt tekist hafi með hálfgerðum bútasumi að þoka afkomu bænda í réttu átt síðustu misserin vantar enn þá mikil upp á viðunandi afkomu í fjölda búgreina. Það er stórr áskorun við gerð búvörusamninga að skapa stöðugleika og fyrirsjánleika í rekstraramhverfinu til lengri tíma en líka að tryggja ákvæðinn sveigjanleika sem m.a. þarf til að takast á við óvænta forsendubresti sem við bændur þekkjum því miður orðið of vel.

Á fyrirhuguðu stefnumóti stjórnar og ýmissa stjórnenda innan Bændasamtaka Íslands við bændur um land allt verða áherslurnar við endurskoðun búvörusamninga eflaust ráddar í þaula. Þessi löngu tímabæra fundarferð er á dagskrá í nóvember og er mikil tilhlökkunarefni fyrir okkur öll sem munum þá leggja land undir fót og vonandi einnig fyrir grásrót samtakanna sem þar mun gefa okkur það veganesti sem lagt verður upp með.

Það er ekkert pláss fyrir hálfkák eða vettlingatök þegar grunnur verður lagður að rekstraramhverfi landbúnaðarins til næstu ára. Horfa verður til niðurstaðna í afkomumælingum síðustu ára. Þær niðurstöður eru auðvitað grafarvalregar og augljóst að landbúnaðinum mun einfaldlega blæða út verði ekkert að gert. Afskoman er ógn víðar og nýr vágestur, orkuskortur, knýr einnig dýra um þessar mundir. Þegar ylrækt er annars vegar er orkuleysið lamandi í orðsins fyllstu merkingu og skapar einnig óvissu í fjölmörgum öðrum orkufrekum búgreinum.

Það verður í mörg horn að líta í viðræðunum við stjórnvöld. Áðalatriðið sem blasir við, þetta sem alls ekki er hægt að deila um, er að þegar grannt er skoðað sést að umfang íslensks landbúnaðar í samfélagini er að dragast saman með hverju árinu sem líður. Þegar lítið er til mikillar fólkstjórgunar í landinu og þeirra milljóna ferðamanna sem sækja okkur heim á hverju ári minnkar hlutdeild okkar bændanna á matvælamarkaði stöðugt. Við keppum ekki einungis við stöðugt vaxandi innflutning erlendra landbúnaðarafurða og annarra matvæla heldur breytt neyslumynstur og aukna fjölbreynti fæðuframboðs. Hvorugt er óeðlilegt og má ekki skoðast sem ógn við íslenskan landbúnað. Hvort tveggja þarf hins vegar að vera bæði bendum og þjóðinni hyvatning til dáða.

Hvatningin til bænda er fólgin í því að auka framleiðslu sína til þess að mæta betur eftirspurn á íslenskum markaði. Hvatningin til stjórnvalda fyrir hönd þjóðarinnar snýst um að auka samkeppnishæfni innanlandsframleiðslunnar með margþættum stuðningi í rekstraramhverfinu. Hann þarf að minnsta kosti að vera sambærilegur við það sem tíðkast í helstu viðmiðunarlöndum okkar og þá ekki síst á Norðurlöndunum. Öðruvísi mun íslenski landbúnaðurinn hanga áfram á horriminni og í því er engin framtíð.

Trausti Hjálmarsson,
formaður Bændasamtaka Íslands.



Trausti Hjálmarsson.



Það er ekkert í lögum okkar sem segir að almenningur eða t.d. matvælaframleiðendur hafi forgang í raforku eða fái raforku seldar á ákvæðnu verði til að halda niðri matvælaværði.

Mynd / ghp

Orkuskortur mun bíta fleiri en garðyrkjubændur

Raforkusamningum næstum allra garðyrkjustöðva sem eru í ylrækt var sagt upp í júní síðastliðnum en þeir hafa hálfárs uppsagnarákvæði.

Það þýðir að garðyrkjubændur þurfa að semja upp á nýtt fyrir áramót. Á meðan maður bíður óþreyjufullur eftir nýjum tilboðum frá orkusölum getur Axel Sæland.

maður ekki annað gert en að velta fyrir sér af hverju við erum í þessari stöðu.

Varað hefur verið við þessu í mörg ár, þ.e. að orkuskortur sé í aðsigi þar sem engar virkjanaframkvæmdir hafa verið undanfarin ár og verð á almennum markaði muni þrýstast upp þar sem eftirspurn er mikil. En það er meira þarna á bak við.

Vonarskarð að breyta leiknum

Hingað til hafa orkusölufyrirtæki getað samið beint við Landsvirkjun (LV) um kaup á orku til langs tíma, en nú hefur LV ákvæðið að fara inn í Vonarskarð með almenna orku. Vonarskarð er uppboðsmarkaður á raforku – sem þýðir að raforkan er selld hæstbjóðanda hverju sinni. Nú lífur út fyrir að engin ný orka komi inn á markaðinn næstu fjögur árin.

Því er ljóst að verð á orku á almennum markaði mun þrýstast upp. Stjórnvöld eru á leið með okkur almenninginn inn í villta vestrið í orkumálum.

Það er ekkert í lögum okkar sem segir að almenningur eða t.d. matvælaframleiðendur hafi forgang í raforku eða fái raforku seldar á ákvæðnu verði til að halda niðri matvælaværði.

„**Stjórnvöld** eru á leið með okkur almenninginn inn í villta vestrið í orkumálum ...

Raforkuverð mun hækka hratt

Orkusalar og ráðgjafar okkar garðyrkjubænda spá því að orka á almennum markaði muni hækka um rúmlega 1kr/kWh á ári þar til ný orka kemur inn á markaðinn. Spá þeirra miðast við þá þróun sem hefur verið á uppboði raforku hjá Vonarskarði og þeirrar eftirspurnar sem þeir finna fyrir. 1 kr/kWh á ári þýðir 8–10% hækkan árlega næstu árin. Það mun á engan hátt hjálpa til við að ná niður verðbólgu í landinu. Allir munu finna fyrir þessu.

Almenn orka kostar í dag 7,3–10 kr/kWh eftir því hvar orkan er keypt, garðyrkjubændur hafa hingað til getað samið við orkufyrirtækin með X afslátt af taxtanum vegna þess hve stórir viðskipavinir þeir eru og hagkvæmir, þar sem stóran hluta af árinu nota þeir vaxtarlysingu allt að 20 klst. á sólarhring. Fróðlegt verður að sjá hvaða verð við munum fá frá orkusölum og hvað þeir eru tilbúnir að gera langa samninga.

Arðgreiðslur Landsvirkjunar nýr skattur á almenning

Hvort að við garðyrkjubændur fáum/náum góðum samningum breytir þó ekki stöðu hins almenna borgara – sem má búast við verulegum hækjunum á raforku næstu árin. Orkuframleiðendur eru þeir sem hagnast lang mest

á þessu. Það er skrýtin staða að orkuframleiðendur í landinu hagnist mest á því að gera ekki neitt. Sem leiðir til þess að ríkisstjórnin hefur getað sett gríðarlegar arðsemiskröfur á LV sem er ekkert annað en skattur á okkur almenning. Fyrir árið 2020 var LV að greiða 1–2 milljarða kr. í arð til ríkisins, en árið 2020 voru það 10 milljarðar kr. og í ár voru það 30 milljarðar króna.

Grípa þarf inn í þessa þróun

Við erum með starfandi verðlagsnefnd á mjólk hér á Íslandi þar sem mjólk er ein af grunnstoðum okkar samfélags í fæðu- og matvælaöryggi þjóðarinnar. Þar er passað upp að frumframleiðandi fái greitt sanngjarnart verð fyrir sína framleiðslu og að mjólkinn sé á sanngjörnu verði til neytanda. En annað á að gilda um raforkuna. Hún skal seld hæstbjóðanda og frumframleiðandinn skal græða sem mest og almenningur skal greiða uppsett verð. Er þetta rétt leid?

Frönsk stjórnvöld ætla að koma hömlum á orkumarkað sinn þar sem þróunin hefur verið í þessa átt. Þar vilja þeir festa verð á orku í 70 euro/MWh eða 10,71 kr/kWh til almennings, það hreinlega gangi ekki upp að almenningur eigi að blaða fyrir orkuskort. Í hvaða krónutölu verða sársaukamörk okkar Íslendinga?

Ég hvet því stjórnvöld til að skoða þessi mál og þá þróun sem er að raungerast í orkumálum alvarlega. Það er ekki of oft sagt að matvælaframleiðsla er grunnstoð hverrar þjóðar og það er skylda ríkis að standa með henni og sjá til að hún hafi gott og skýrt umhverfi til að starfa í.

Höfundur er formaður deildar garðyrkjubænda hjá BÍ.



Lögfraðistofa Reykjavíkur



LÖGMANNSPJÓNUSTA
Vönduð og fagleg lögmanspjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli. Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnarsýsluréttur o.fl.
Yfir 30 ára reynslu af lögmansstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@iris • Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400

**Bændablaðið kemur næst út
10. október**

Skógrækt:

Hvað ber framtíðin í skauti sér?

Á meðan trú vaxa ræða skógarbændur framtíðina. „Það er víst lítið annað að gera, trú vaxa svo hægt,“ gæti einhver sagt. Það er þó yfirlitt alltaf þannig að skógarinn vex hvort sem við gefum honum gaum eða ekki.

Einn góðan veðurdag verður hann stór. Eða það væri kannski frekar að segja að veðrið skiptir ekki máli þegar hann verður stór, það er nefnilega alltaf gott veður í og við skógana.



Hlynur Gauti Sigurðsson.

Áður en við komum okkur að efninu, framtíðinni, er rétt að renna snöggt yfir fortíðina. Í upphafi skal endinn skoða. Þegar skógarbændur hófu sína rækt höfðu ríkisskógarnir ásamt skógum skógræktarfélaga verið lengi við lýði. Árangur þeirra er aðdáunarverður og reynsla þess starfs dýrmæt. Skógrækt í dag nýtur góðas af því. Í um hálfu öld höfum við komið upp mikilsvirtri skógarstofnun á Móglisá sem sér um rannsóknir og alls konar gagnasöfnun sem nýtist okkur í fortíð og framtíð. Rannsóknir þeirra og vitt tengslanet um allan heim hefur gefið okkur kost á góðum efnivindi til ræktunar. Okkar trú vaxa nú sem ekkert sé. Menntun er einnig grunnur góðrar ræktunar. Skógræktarfélag Íslands hefur gefið út margs konar fræðandi efni og yfir árin má finna ógrynni af forvitnilegu efni í ársritum þeirra. Menntastofnanir hafa sinnt skógaruppeldi á ýmsum stigum og í dag er ekki óalgengt að finna útikennslustofur í skógarjóðrum víða þar sem kennarar fræða nemendur um allt milli himins og jarðar, úti! Menntaskólinn á Egilsstöðum hélt meira að segja úti námsbraut í skógrækt seitn að síðustu öld. Í dag er slíkt nám á herðum Garðyrkjuskólans á Reykjunum (Fjölbrautaskóli Suðurlands) ásamt endurmenntun af ýmsum toga. Par ber hæst að nefna námsbrautirnar Grænni skógar sem skilað hefur bæði góðum vinaböndum milli skógarbända ekki síður en mikilvægi þekkingu. Loks kennir Landbúnaðarháskóli Íslands þeim sem vilja nema skóginn enn lengra og hefur námið á Hvanneyri meðal annars opnað dyr nemenda út fyrir mörk Íslands stranda.

Já, það er af nógum að taka. Fyrst um sinn snerist skógrækt um friðun birkis, svo að rækta erlendar gagnviðartegundir og loks nú yfir í að bjarga heiminum frá loftlagshörmungum framtíðarinnar. Allar götur hefur viðfangsefni

skógræktar vakið aðdáun almennings og þátttaka hans í skógrækt bæði óeigingjörn og uppbyggileg fyrir sál og líkama. Það var að undirlagi frumkvöðla í ungmannafélögum um land allt sem lögð voru drög að skógræktarfélögum með það að markmiði að efla ræktun lands og lýðs. Ríkið endurspeglar vilja fólksins í landinu og má sjá það á vel reknum skógum landsmanna. Gróðrarstöðvar urðu til fyrir vilja fólksins og það er augljóst að skógarinn er fyrst og fremst kominn til og orðinn til fyrir fólkid í landinu. Allir njóta góðas af trjánum. Það á ekki síður við um húsdýr, svo sem kindur, kýr og hesta. Í skóginum er oftar en ekki næg fæða í skógarbotnum, þökk sé skjóli ofan frá og samstöðu róta og sveppa þar undir.

”Allir njóta góðas af trjánum ...

Nú horfum við til framtíðar. Þegar ástríða og hugsjón ræður för má ná æði langt. Skógrækt er dæmi um það. Skógarbændur hafa tækifær til að gera land enn ákjósanlegra til búsetu og búsaðar en það mögulega var áður. Nytjar skógarins eru svo margar og fjölbreyttar að ekki verður reynt að gera því fyllilega skil hér. Rétt er þó að benda á að viðurinn er orðinn að eftirsóknarverðri vörum. Það er orðinn markaður fyrir íslenskt timbur. Einnig er kominn óvæntur stuðningur við skógrækt vegna breyttis hlutfalls efnainnihalds andrúmsloftsins, nefnilega loftslagsmál. Land til skógræktar er orðið eftirsótt til þess eins að binda kolefni, hvað mun það hafa í för með sér fyrir litla þjóð úti í ballarhafi? Er samstaða skógarbænda sem og annarra bænda aldrei eins brýn og nú um stundir? Er þjarmað að fæðuöryggi þjóðarinnar?

Skógarbændur munu ræða þessar hugrenningar ásamt fjölda annarra á komandi málþingi skógarbænda á Laugum í Sælingsdal þann 12. október næstkomandi. Að öðrum gestum ólöstuðum mun forstöðumaður Lands og skógar, Ágúst Sigurðsson, vera með okkur ásamt formanni Bí, Trausta Hjálmarssyni. Fram undan verða miklar bollaleggingar ... og talindum um bollaleggingar, þá verður vegleg árshátið um kvöldið 12. október.

Allir skógarbændur eru hvattir til að mæta og vera með. Þetta er upplagt tækifær til að vera með, á meðan við bíðum eftir að trú vaxi.

Höfundur er starfsmaður búgreinadeilda skógarbænda.



KYNNINGARFERÐ KLAK Icelandic Startups

Kynning á verkefnum KLAK: Gulleggið - stærsta frumkvöðlakeppni landsins og Startup Tourism viðskiptahraðall fyrir ferðapjónustu verkefni

REYKJAVÍK ESSO SAFNIÐ - SKÚTUVOGI 11	26. SEPT KL. 12:00-13:00
SELFOS BANKINN VINNUSTOFA	30. SEPT KL. 12:00-13:00
VÍK SUDUR VÍK	30. SEPT KL. 16:00-17:00
HÖFN BERJAYA HÖFN HOTEL	1. OKT KL. 16:00-17:00
EGILSSTAÐIR HÉRAD BERJAYA HOTEL	1. OKT KL. 16:00-17:00
AKUREYRI BERJAYA HÓTEL	2. OKT KL. 12:00-13:00
AKUREYRI STRIKID	2. OKT KL. 17:00-19:00
SAUÐÁRKRÓKUR GRÁNA	3. OKT KL. 12:00-13:00
VESTURLAND BREID - AKRANES	3. OKT KL. 17:00-18:00
REYKJANESBÆR SSS - SKÓGARBRAUT 945	8. OKT KL. 12:00-13:00



WWW.KLAK.IS



PVC GLUGGAR I HURDIR I RENNIHURDIR I SVALAHURDIR I SÓLSTOFUR I SVALALOKARNIR

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
FYRIR ÍSLENSKA VEÐRÁTTU

- Fyrir íslenskt veðurfar
- Fallegir gluggar
- Næturopnun
- Upplitast aldrei
- Hvaða stærð sem er
- Mismunandi útlit
- Margir litir
- Meira öryggi
- Meiri einangrun
- Betri ending
- Ryðfriar læsingar
- 10 ára ábyrgð á PVC

PGV
FRAMTÍÐARFORM EHF.
PLASTGLUGGAVERKSMIÐJA

BÆJARHRAUNI 24, 220 HAFNARFIRðI - SÝNINGARSALUR
ÆGISGATA 2A, 240 GRINDAVÍK - VERKSMÍÐJA
510-9700 | WWW.PGV.IS

deceuninck®

Hjálpum þér upp og höldum þér uppi!

Við sérhæfum okkur í fallvarnar- og öryggisbúnaði.

Veldu öruggar lausnir á frábæru verði!



Skoðaðu úrvalið til sölu og leigu á vpallar.is

VINNUPALLAR

Vinnupallar ehf. – Vagnhöfða 7 – s. 787 9933 – vpallar@vpallar.is – www.vpallar.is

Áhyggjur af samdrætti innan ESB

Þann 9. september 2024 kynnti Mario Draghi, fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu, skýrslu sína um framtíð evrópskrar samkeppnishæfni.

Skýrslan er unnin fyrir framkvæmdastjórn ESB og samanstandur af tveimur hlutum, A-hluta sem fjallar um samkeppnishæfni fyrir Evrópu og B-hluta þar sem finna má ítarlega greiningu og ráðleggingar.



Viðvörunarljós loga
Erna Bjarnadóttir.

Strax í inngangssorðum skýrslunnar er komið inn á áhyggjur sem uppi hafa verið allt frá síðustu aldamótum vegna þess að hægst hefur á hagvexti innan ESB. Hagvöxtur í Bandaríkjunum er mun meiri en í ESB sem skýrt fyrst og fremst af minni vexti í framleiðni. Evrópsk heimil hafa mátt borga brússann með því að dragast aftur úr Bandaríkjum í líffskjörum. Þannig hefur vöxtur í ráðstöfunartekjum á mann verið allt að tvöfaldur í Bandaríkjunum samanborið við ESB síðan árið 2000.

Pað sem af er þessari öld hefur fremur verið litið á hægari vöxt hagkerfisins sem eins konar „þrægindí“ fremur en alvarlega áminningu. Fjölgun kvenna á vinnumarkaði hefur aukið framboð á vinnuafli og þar með bætt vaxtarmöguleika. Útflyttendum tókst að auka markaðshlutdeild sína einkum í Asíu og reglur um alþjóðavíðskipti voru hagstæðar viðskiptalífi ESB.

En breyttar forsendur veikja nú undirstöðurnar. Fyrir það fyrsta er alþjóðavæðingin á undanhaldi og tímabil örs vaxtar í heimsvíðskiptum virðist vera liðið. Fyrirtæki innan ESB standa þannig bæði andspenis meiri samkeppni erlendis frá og minna aðgengi að erlendum mörkuðum. Þá hefur Evrópa misst sinn mikilvægasta orkugjafa, rússneska gasið. Á sama tíma hefur landfræðilegur stöðugleiki minnkað og það hvað ESB hefur verið öðrum háð (t.d. í orkumálum einnig hráefnum) hefur gert það varnarlaust.

Fjármagn og framleiðni

En stóra vandamálið sem bent er á í skýrslu Draghi er framleiðni: „Ef ESB myndi viðhalda meðaltali framleiðni aukningar frá 2015 myndi það aðeins nægja til að halda landsframleiðslu stöðugri til ársins 2050 – á sama tíma og ESB stendur frammi fyrir röð nýrra fjárfestingarþarfa sem verður að fjármagna með hagvexti umfram þetta.“



Hinn ítalski fyrrverandi forsætisráðherra og bankastjóri bendir á ýmis vandamál í kringum uppbyggingu ESB sem gætu hindrað tilraunir til að leysa efnahagsmálin. Mynd / Christian Lue

Evrópa missti að mestu af stafrænu bytingunni sem leidd var af internetinu og þar með framleiðniakningunni sem það leiddi til. Í skýrslunni er lögð áhersla á mikilvægi þess að löndin leggi saman krafta sína og fjármagn til að auka nýsköpun og tækniframfarir. Draghi skilgreinir sameiginlega fjármögnum og „stórfjárfestingar“ sem lykilatriði til að breyta evrópsku hagkerfi. Þá þurfi að veita meira fjármagni til þróunar á svíði gervigreindar.

ESB er að ganga inn í fyrsta tímabil í nýlegrí sögu sinni þar sem vöxtur verður ekki studdur af fjölgun íbúa. Fram til ársins 2040 er því spáð að vinnandi höndum muni fækka um sem nemur nærrí 2 milljónir starfsmanna á hverju ári. Því verður að treysta á framleiðniakningu til að knýja fram hagvöxt. Ef ESB myndi halda meðaltals framleiðniakningu eins og hún hefur þróast síðan 2015 myndi það aðeins nægja til að halda landsframleiðslu stöðugri til ársins 2050. Á sama tíma stendur ESB frammi fyrir röð nýrra fjárfestingarþarfa sem verður að fjármagna með hagvexti umfram þetta.

Brotnar birgðakeðjur

Annað vandamál sem þarf að leysa eru aðfangakeðjur og viðskipti. Í skýrslu Draghi kemur fram að vegna þess hve opíð hagkerfi Evrópu er og hve mjög ESB treystir á Kína til að afla mikilvægra málma, þá sé ESB enn

sérstaklega útsett fyrir áföllum í birgðakeðjunni og „landfræðilegum örðu“ eins og mjög hefur boríð á undanfarið. Kína er á samatíma að keppast við að taka yfir alla þætti framleiðslukeðjunnar, frá námagreftri, til úrvinnslu, framleiðslu og flutninga. Skýrslan leggur því til að leitast verði við að stytta aðfangakeðjur og þróa stefnu í framleiðsluðnaði til að draga úr áhrifum af þeirri vá sem af þessu steðjar að ESB.

Endalok tímabils?

Skýrsla Draghi bætist nú í hóp þeirra sem segja að tímabil fríverslunar sé á enda, og að viðskiptastefna ESB sé nú þegar að laga sig að þessum nýja veruleika þar sem hvers kyns viðskiptahöft, útflutningsbönn, tollar og niðurgreiðslur hafa aukist til mikilla muna í heiminum.

„Hið alþjóðlega viðskiptaregluverk sem byggir á marghlíða stofnunum er í dýjpri kreppu og enn er óvist hvort hægt sé að koma henni aftur á réttan kjöl.“ Draghi segir því að skýrar meginreglur séu nauðsynlegar til að forðast verndarstefnu en viðhalda samt opnu viðskiptakerfi. Í þeim tilvikum þar sem ESB er fórnarlamb erlendra ríkisstyrkja í atvinnugreinum, þar sem framleiðendur innan ESB hafa dregist mjög aftur úr, gæti verið betra að fjármagna meiri fjárfestingu á innri markaði ESB frekar en að beita refsiaðgerðum.

„ Af þessu má ljóst vera að ESB er í kreppu sem mun aðeins ágerast verði ekki gripið til áhrifamikilla aðgerða ...“

Veruleikinn bítur

Hinn ítalski fyrrverandi forsætisráðherra og bankastjóri bendir á ýmis vandamál í kringum uppbyggingu ESB sem gætu hindrað tilraunir til að leysa efnahagsmálin. Skortur á einbeitingu og samhæfingu milli aðildarríkja ásamt eyðslusemi eru allt atriði sem gætu komið í veg fyrir allar tilraunir til að efla efnahag ESB að hans mati. Jafnvel ein hugmynd, um „sameiginlegar lántökur“ ESB landa til að tryggja betri kjör, var skotin niður af fjármálaráðherra Þýskalands, Christian Lindner, aðeins nokkrum klukkustundum eftir að tilkynnt var um hana.

Lokaord

Framarlega í skýrslunni er bent á að ákvárdanotkuferli ESB hefur ekki breyst verulega síðan bandalagið var stækkað. Að meðaltali er það 19 mánaða ferli að koma lögum í gegnum ferlið og fá þau samþykkt. Af þessu má ljóst vera að ESB er í kreppu sem mun aðeins ágerast verði ekki gripið til áhrifamikilla aðgerða. Ísland, Noregur og Lichtenstein greiða nú þegar verulegar fjárhædir í Uppbyggingasjóð EES ríkjanna. Markmið sjóðsins er að draga úr félagslegum og efnahagslegum ójöfnuði innan Evrópska efnahagssvæðisins og efla tvíhlíða samstarf milli EFTA ríkjanna innan EES og fimmtán viðtökuríkja sjóðsins í Evrópu sem eru öll í Suður- og Austur-Evrópu. Ljóst er að fjárförf til uppbyggingar og fjármögnum lausna sem leida til aukinnar framleiðni innan ESB mun síst minnka á komandi árum.

Höfundur er hagfræðingur og verkefnastjóri hjá Mjólkursamsölnu.

BILAÐ SMURKERFI? VIÐ REDDUM ÞVÍ.

MIKIÐ ÚRVAL AF VARAHLUTUM Á LAGER PJÓNUSTUM ALLAR GERÐIR SMURKERFA

779 1886
skralli@skralli.is

SKRALLI

Horft til framtíðar

Síðastliðið ár hefur deild/félag hrossabænda verið í samtali við matvælaráðuneytið um málefni hrossaráktarinnar sem hefur m.a. leitt til gildistöku nýrrar reglugerðar nr. 1006/2024 um þróunarfé í hrossarákt.

Er nú auglýst í fyrsta sinn eftir umsóknum til styrktar hrossaráktar á Íslandi í gegnum umsóknarkerfið Afurð. Vonymst til þess að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera.



Samhliða þessum breytingum verður Stofnverndarsjóður lagður niður í lok árs en innheimta í Stofnverndarsjóð hefur verið í lausu lofti síðastliðin ár. Eftirstöðvar sjóðsins eru áætlaðar um 70 millj. kr. og erum við að gera ráð fyrir að þær fari mestmegnis í uppfærslu á Worldfeng og/eða önnur verkefni sem fagráð telur aðkallandi fyrir íslenska hrossarákt. Worldfengur er að sjálfsgöðu okkur mjög ofarlega í huga og í forgangi. Þess vegna er mikilvægt að verk- og kostnaðaráætlun liggi fyrir sem fyrst vegna uppfærslu á Worldfeng ásamt því að stjórn Worldfengs skili af sér niðurstöðum þarfagreiningar sem hún hefur unnið að síðustu ár. Einnig mun

stjórn deildar/félags hrossabænda fara yfir málefni Worldfengs hér innanlands og hvernig þeim verður best fyrir komið til framtíðar.

Það er fagnaðarefni að hrossaráktin er nú komin undir þróunarfé búgreina og munum við nýta næstu tvö ár til frekara samtals við matvælaráðuneytið um málefni íslenska hestssins. Frólegt verður að sjá hver eftirspurn og þörf fyrir þróunarfé í hrossarákt verður en afar mikilvægt er fyrir okkur að fá yfirsýn yfir það fyrir næstu samninga um þróunarfé, sem verða árið 2026. En það er alveg ljóst að mörg og bryn rannsóknarverkefni liggja fyrir íslenskri hrossarákt.

Ég tel því gríðarleg söknarfæri vera í kringum verkefni hestssins. Auka þarf skilvirkni og skýra línlur, tryggja til framtíðar að málefni íslenska hestssins séu á borðum þeirra sem eru kjörnir af greininni hverju sinni. Matvælaráðuneytinu vil ég þakka sérstaklega fyrir gott samstarf og hlakka til frekara samtals.

Ég hvet alla sem vinna að verkefnum sem auka þekkingu á hrossarákt, íslenska hrossastofnunum og stuðla að góðri velferð hestssins til að sækja um þróunarfé í gegnum afurd.is. Umsóknarfrestur er til 1. nóvember nk.

Höfundur er formaður fagráðs og deildar/félags hrossabænda.

Mikilvægi íslensks landbúnaðar fyrir samfélagið

Íslenskur landbúnaður hefur gegnt lykilhlutverki í þróun samfélagsins frá landnámi og gerir enn í dag.



Anton Guðmundsson.

Prátt fyrir að þjóðin sé lítil í alþjóðlegum samhengi, skiptir innlend matvælaframleiðsla miklu málí fyrir fæðuöryggi, efnahag og menningu landsins. Í ljósi vaxndu óvissu í heiminum varðandi matvælaöryggi, loftslagsmál og alþjóðlegar birgðakeðjur, er mikilvægi íslensks landbúnaðar meira en nokkru sinni fyrir.

Fæðuöryggi í ótryggum heimi

Einn mikilvægasti þátturinn í íslenskum landbúnaði er fæðuöryggi. Ísland, sem eyland, hefur alltaf þurfat að hugsa vel um sínar auðlindir. Þótt innflutningur hafi aukist verulega á undanförnum áratugum, eru innlend matvæli enn þá lykilþáttur í því að tryggja að þjóðin hafi aðgang að öruggum og hollum matvörum. Og þann þátt eignum við að efla.

Heimsfaraldurinn, stríðsátök og aðrar ófyrirsjánlegar aðstæður sýna okkur hversu mikilvægt það er að treysta ekki um of á innfluttar matvörur. Með því að styðja við innlenda matvælaframleiðslu tryggjum við að þjóðin sé ekki eins viðkvæm fyrir áföllum í alþjóðlegum matvælamörkuðum. Íslenskir bændur eru lykilaðilar í því ferli að viðhalda þessu fæðuöryggi.

Stuðningur við byggðir landsins

Íslenskur landbúnaður er ekki aðeins mikilvægur fyrir matvælaframleiðslu, heldur er hann líka burðarás margra sveitarfélaga. Búskapur veitir störf á landsbyggðinni og stuðlar að byggðafestu. Án öflugs landbúnaðar gæti margt af þessum samfélögum átt undir högg að sækja.

Störf í landbúnaði eru ekki aðeins bundin við akrana og fjósin – þau teygja sig einnig yfir í matvælavinnslu, dreifingu og sölu. Með öðrum orðum, þegar við kaupum íslenskar landbúnaðarvörur erum við ekki aðeins að styðja bændur, heldur líka fjölda annarra starfa sem treysta á þessa framleiðslu.

Í þessu samhengi eru íslenskir landbúnaðarframleiðendur lykilþáttur í þeirri sjálfbærni Stefnu sem Ísland hefur sett sér. Með því að auka innlenda framleiðslu minnkum við kolefnisspor sem fylgir innflutningi og getum jafnframt stutt við vistvænni matvælaframleiðslu.

Gæði íslenskra vara og menningararfur

Íslenskar landbúnaðarfurðir eru þekktar fyrir gæði sín. Þessi gæði byggja á hreinu lofti, óspilltu vatni og ströngum reglum um dýravelferð. Þessar vörur, hvort sem það eru mjólkurvörur, kjöt eða grænmeti, eru ekki aðeins mikilvægar fyrir neytendur hér á landi, heldur hafa þær einnig aukið samkeppnishæfni Íslands á alþjóðamarkaði. Íslenskar vörur njóta vaxandi vinsælda vegna upprunans og þeirrar tryggingar sem fylgir því að þær séu framleiddar við hrein og örugg skilyrði.

Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshitum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 220v til 380v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur.

Verð frá kr. 24.812.- til 281.292.-

Varmás
Markholt 2
Mosfellsbæ
simi 566 8144



**ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Á BÍLSKÚRS- OG ÍDNAÐARHURÐUM**

IS HURÐIR

www.ishurdir.is


564-0013 | 865-1237

Námsleyfasjóður grunnskóla-kennara og skólastjórnenda

Skólaárið 2025-2026

Ert þú félagi í:

- Félagi grunnskólakennara?
- Skólastjórafélagi Íslands?



Sjá nánar á samband.is

Hefur þú:

- Gegnt starfi í samtals 10 ár í kennslu, ráðgjöf eða stjórnun í grunnskóla og unnið þar samfellt síðastliðin fjögur ár?
- Þegið laun samkvæmt kjarasamningi milli Kl og Sambandsins?
- Áhuga á að ljúka 60 ECTS eininga háskólanámi í námsleyfi?

Þá getur þú:

- Sótt um í Námsleyfasjóði fyrir **10. október 2024**



Samband íslenskra sveitarfélaga

Dagur sauðkindarinnar í Rangárvallasýslu

Haustið 2007 setti stjórn félags sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu saman nefnd til að standa að gleðidegi til heiðurs sauðkindinni.

Nefndin tók þá þegar til starfa og var fyrsti gleðidagurinn haldinn í Reiðhöllinni Skeiðvangi á Hvolsvelli í október 2007 og hlaut hann nafnið „Dagur sauðkindarinnar í Rangárvallasýslu“. Mikill áhugi var á sýningunni og mætti fjöldi fólks með lömb til dóms og enn fleiri til að sjá það fallega fé sem þarna var leitt fram til sýningar. Dagurinn hefur verið haldinn á hverju hausti síðan þá og verður nú haldinn í átjánða sinn.

I byrjun var Einar G. Magnússon formaður nefndarinnar og stýrði deginum af mikilli elju þangað til Lovísa H. Ragnarsdóttir tók við stjórnartaumunum og lagði enn frekri metnað í að sinna deginum. Nú síðustu árin hefur Hulda Brynjólfssdóttir verið formaður og reynir af veikum mætti að feta í fótspor þeirra sem á undan voru.

Pessi hátfíðsdagur er orðinn nokkuð hefðbundinn. Reynt er að hafa hann í október þegar menn hafa látið dæma hjáðir sínar og áður en búið er að slátra öllu fé. Fyrstu árin var hann í Skeiðvangi en er nú haldinn til skiptis í reiðhöllunum við Hvolsvöll og við Hellu. Fjöldi fólks kemur á hátfíðina til að sjá fallegt fé. Eins eru margir bændur sem koma með fé til að láta meta og raða upp til verðlauna.

Verðlaunin eru líka vegleg. Ragnhildur Magnúsdóttir frá Gýgjarhólskoti skar sauðkindur út úr tré og voru þær verðlaunagripir fyrir efstu sætin. Til eru mörg listaverk eftir Ragnhildi og var heiður að fá gripi hennar sem verðlaunagripi. Ragnhildur lést árið 2016. Blessuð sé minning hennar.

Gunnhildur Jónsdóttir, myndlistarkona frá Berjanesi, hefur nú í nokkuð ár málað myndir af kindum átréplatta og fá sigurvegarar plattann til eignar.

Á degi sauðkindarinnar er keppt í flokki hyrndra hrúta og kollótrra hrúta, hyrndra gimbra og kollótrra gimbra og áhorfendur velja littegursta lamb sýningarinnar. Þá eru veittir farandgripir í nokkrum flokkum, en það er fyrir bestu fimm vetrar ársins á undan sýningarárinu, besta veturgamla hrút og ræktunarþársins og miðar það einnig við árið á undan sýningarárinu, enda liggja niðurstöður sama árs ekki fyrir þegar sýningin er haldin.

Lömbin eru stiguð og raðað eftir gæðum og hafa ýmist verið dómarar frá RML sem koma og sjá um að stiga eða fengir hafa verið fjárlöggið menn til að meta lömbin og raða þeim upp eftir gæðum að þeirra mati. Flykkist fólk í kringum lömbin til að heyra hvaða tölur þau hafa fengið og hver lendir í efstu sætum. Þegar búið er að raða hefur fólk fengið að ganga á röðina og finna sjálfrir hvernig átakið er að lömbunum og sannfærast um



Hulda Brynjólfssdóttir.



Létt yfir sauðfjárbændum.

Myndir / Aðsendar



Björk í Selssundi að kenna tóvinnu.

Myndir / Aðsendar

að dómarnir séu réttir. Pá hafa menn jafnvel falað lömbin til kaups áður en þau komast til baka úr röðuninni enda glæsilegir gripir þarna á ferð og mjög líklegir til kynbóta.

Í haust verður sýningin haldin í 18. sinn og fer hún þetta árið fram í reiðhöllinni á Rangárbökum við Hellu.

Dómarar frá RML munu byrja að stiga lömbin kl. 10 en svo verður þeim raðað eftir hádegis og byrjar það kl. 13. Í millitiðinni býður Slátturfélag Suðurlands gestum sýningar upp á kjötsúpu. Markaðsbord verða á staðnum og kostur gefinn á að fólk komi með vörur til að selja á staðnum. Þá verður happdrætti með veglegum vinningum.

Að sýningunni í haust verður hæsti hrútur með ARR genverðlaunaður sérstaklega og eins og oft áður fær eigandi lambsins með þykka bakvöðvann viðurkenningu. Einnig verður hægt að koma með lömb og bjóða til sölu innan hölfsins. Heimilt er að koma með 5 lömb í hvern flokk frá hverjum bæ.

Allar nánari upplýsingar má finna á Facebook á síðunni „Dagur sauðkindarinnar“.

Þá eru allir velkomnir á þennan dag hvort sem er til að sjá fé eða hitta skemmtilegt fólk og við hlökkum til að sjá ykkur sem flest.

Höfundur er núverandi formaður nefndarinnar sem sér um dag sauðkindarinnar í Rangárvallasýslu.



Öldungaráðið á skólabekk.

Myndir / Aðsendar

MS eða gamla MBF er risafyrirtæki á Selfossi

Öldungaráð Selfoss boðaði komu sína í MS-stöðina á Selfossi með fyrirsprungina á vörum: „Höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg?“

Forstöðumenn MS-stöðvarinnar buðu öldungaráðinu til morgunverðar og fræðslufundar um þróun hins gamla Mjólkurbús Flóamanna og hvað væri framundan. Öldungaráðið er skipað heldri mönnum sem drekka í Bókasafnini í Ráðhúsi Árborgar á morgnana.

Fyrirliði móttökunnar var Ágúst Þór Jónsson framleiðslustjóri, með honum voru Björn Baldursson, Ólafur Ragnarsson og Axel Sigurðsson.

Ágúst upplýsti að MS (Mjólkursamsalan) væri í eigu Auðhumlu samvinnufélags kúabænda sem ætti 80% í fyrirtækinu. Og KS (Kaupfélag Skagfirðinga) sem ætti 20%, hlut. Í dag er MS-stöðin ein af fjórum afurðastöðum MS. Fjöldi ársverka hjá MS á landsvísu eru 417 talsins. Fjöldi ársverka MS Á Selfossi er um 112, að auki 18 bílstjórar. Fólk af 20 þjóðernum starfar hjá MS allan ársins hrung.

Kúabændur eru um 476 talsins í dag og mjólk 26 þúsund kýr og framleida um 150 milljónir lítra af mjólk. Um 74 þús. lítrar fara í gegnum stöðina á Selfossi og þær frar um helmingur af allri mjólkurvinnum í landinu. Mjólkurbílar fara í á milli 75–80 þúsund heimsóknir árlega til að sækja mjólkina hrunginn í kringum landið.

Ágúst og þeir MS menn fóru yfir þá miklu byltingu sem orðið hefur í mjólkurvinnum frá 1990 til 2024. Árið 2004 fékk mjólkuriðnaðurinn heimild í búvorulögum til að hagræða í iðnaðinum með samvinnu við framleiðslu, sölu og dreifingu og birgðahalds mjólkurvara og einnig heimildir til sameiningar afurðastöðva. Þessar heimildir til samstarfs og sameiningar voru og eru undanskildar ákvæðum samkeppislagi. Þróunin er sú að frá 1990 hefur mjólkurbúum og dreifingarstöðum í landinu fækkað úr 18 í 6. Kúabúum hefur fækkað úr tvö þúsund búum í 476. Þessir 476 bændur framleida í betri fíosum meiri mjólk og kyrin hefur stóraukvið afurðagetu sína, sem þakka ber fóðri, ræktun og bættum aðbúnaði, sagði Ágúst. Mjólkurframleiðslan var árið 1990 um 117 milljónir lítra en er í dag um 151 milljón lítra. Fram kom að nú er kjötiðnaðurinn og sauðfjárbændur að fá sömu heimild og mjólkuriðnaðurinn og kúabændur fengu 2004.

Mikil bylting hefur fylgt Ísey skyrinu sem er alþjóðlegt nafn og heldur utan um, sölu-, dreifingar- og



Hilmar Björnsson og Guðni Ágústsson við ræðustólinn.

markaðsmál fyrir erlenda starfsemi MS en Ísey skyr er framleitt á Selfossi fyrir innanlandsmarkað og einnig flutt út til Sviss, Benelúx og Bretlands. Einnig er það framleitt m.a. í Danmörku auk fleiri landa og selt víða um heim.

Fyrir dyrum stendur að MS ráðist fljóttlega í byggingu á 1.200 fermetra viðbót við stöðina meðfram Austurveginum. Öldungaráðið naut gestrisni og bordaði nýhrært skyr með rjóma. Og á borðum var sýnishorn af fjölbreytti framleiðslunni sem nú er í MBF-húsinu. Björn Gíslason rakar rifjaði upp að þegar hann sem strákur vann hjá MBF árið 1961 voru framleiðslutegundirnar um sex talsins. En þeir MS-félagar sögðu að í dag væru framleiddar um 227 vörumer.


Öldungarnir spurðu svo margra spurninga. Páll Imsland, sem hefur helgað sig litum og litaþróun á íslenskum búfjárfstofnum, spurði: „Það er ljóst að fjölbreytileiki litanna í kúastofnunum er verulega að minnka, stofninn er að verða rauður og rauðskjöldóttur. Hverrig væri séð í ljósi þess að árlega yrði verðlaunuð þau bú eða bændur sem best sinna litafjölbreytileikanum sem í stofninum býr með fallegum farandbikari og umfjöllun?“

Hilmar Björnsson, trésmiður og áður framkvæmdastjóri í Selós, minnti á hlut sinn í að hanna ræðustól MS, en Sigga á Grund skar út listaverkið sem prýðir hann.

Undirritaður spurði, í ljósi þess að íslenskan er okkar mál á fernunum og hefur gert þar lukku, hvort mennta- og skólayfirvöld ættu ekki að semja við MS um að nota fernurnar til að efla og styrkja lestrarhæfni barna og unglunga.

Öldungaráðið pakkar morgunstund og magnaðar upplýsingar um landbúnaðinn og mjólkuriðnaðinn. Heim fóru karlarnir særli og vissu nú að MS-stöðin á Selfossi hefur dafnað í höndum móður sinnar, Mjólkurbús Flóamanna.

Höfundur er fyrrverandi landbúnaðarráðherra.



LEIGUVARA

HVERNIG VÆRI AÐ FARΑ FREKAR INN UM GLUGGAN?

Liftroller er lausn sem auðveldar allan flutning á byggingarefni á færibandi inn og út af verkstað. Þannig minnkar álagið á starfsfólk.

www.byko.is/leiga | leiga@byko.is | 515 4020

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Bændablaðið kemur næst út
10. október

Nýliðun er fjöregg landbúnaðarins

Umræðan um fæðuöryggi, þ.m.t. matvælaöryggi þar sem hreinleiki íslenskra landbúnaðarafurða nýtur sérstöðu, missir verulega marks ef ekki er gætt að uppbyggingu innan bændastéttarinnar.

Fæðuöryggið er hluti af þjóðaröryggi, ekki síst fyrir okkur á Íslandi, eyríki í Norður-Atlantshafi. Á eini nótum gætu öll sund lokast til skemmri eða lengri tíma, hvort sem væri vegna heimsfaraldurs, stríðsátaka, efnahagshruns, eldfjallaumbrota eða annars. Öflugur íslenskur landbúnaður er forsenda þess að við getum mætt slíkum áföllum og þar er nýliðun innan bændastéttarinnar lykilatriði.

Innan stéttarinnar kemur það væntanlega fáum á óvart að Ísland sé eftirbáttur í stuðningi við nýliðun sé horft til þeirra landa sem við berum okkur helst saman við. Á allra næstu árum þarf að auka innlenda matvælaframleiðslu um allt að 40% til þess að mæta aukinni fólkssjöfugun. Til að anna þeirri framleiðslu er nýliðun í landbúnaði langt frá því að vera nægjanleg.

Til að bregðast við vandanum er nauðsynlegt að byggja upp hvata fyrir endurnýjun innan bændastéttarinnar, t.a.m. með óbeinum fjárhagslegum stuðningi í formi skattalegra hvata. Þannig væri t.d. möguleiki að fresta greiðslu

erfðafjárskatts, eftir atvikum og að frekari skilyrðum uppfylltum fella hann niður, þegar arflátar bregða búi og næstu kynslóðir taka við. Hægt væri að skilyrða frestunina þannig að hinna nýi ábúandi bújarðarinnar greiddi ekki erfðafjárskatt svo fremi að hann héldi starfsemi búsins áfram. Enn fremur byrfti aðgengi að lánsfjármagni að vera auðveldara fyrir ungt fólk sem vill hefja búskap og starfandi bændur til frekari uppbyggingar og vaxtar á búum sínum. Bættar fjármögnumnarleiðir myndu ekki eingöngu leiða til hagræðingar og framleiðsluauknunar heldur einnig greiða leið fyrir kynslóðaskiptum þar sem nýir ábúendur tækju við vel uppbyggðum búum á traustum grunni. Þannig væri unnt að tryggja frekar áframhaldandi matvælaframleiðslu og þar með fæðuöryggi.

Kynslóðaskiptin hafa hins vegar verið auðvelduð með svökölldum kynslóðaskiptalánum Byggðastofnunar, þar sem allt að 90% lán eru veitt til kaupa á bújörðum. Nú undir lok júnímánaðar veitti Byggðastofnun fyrsta lánið til nýliðunar í landbúnaði í kjölfar nýs samkomulags við evrópska fjárfestingasjóðinn (EIF). Því ber vissulega að fagna en betur má eftir duga skal. Í þessu samhengi er vert að benda á að 13. september sl. var í fjórða skiptið lögð fyrir Alþingi þingsályktunartillaga um að farið yrði í heildraena endurskoðun á því hvernig haga megi aettliðaskiptum á bújörðum til framtíðar þannig að nýliðun verði sem allra mest.

Þannig verði ungum bændum gert auðveldara um vik að taka við búum eldri kynslóða án þess að þurfa að taka á sig óviðráðanlega skuldabyrði. Þá skal þess sérstaklega getið að markmið frumvarps þess er varð að lögum nr. 116/1943, um ættaróðal og erfðaabúð, var einmitt að draga úr þeirri skuldabyrði sem fylgdi því að ungrir bændur keyptu jarðir af foreldrum sínum eða erflingum enda gæti sú skuldabyrði valdið því að þeir gætu oft litlu áorkað til umbóta á jörðum sínum. Óþarfir er að taka fram að þessi lög eru löngu fallin úr gildi og einnig það ákvæði jarðalaga er við tók.

Hér stöndum við því rúnum áttatíu árum síðar frammi fyrir því sama, þ.e. aukinni skuldabyrði ungra bænda sem gerir þeim enn erfiðara um vik að stunda búskap og búrekurst. Vonandi er að þingsályktunartillagan hljóti brautargengi fyrir þinginu þannig að farið verði í heildarendurskoðun á laga- og regluverkinu með það að markmiði að auðvelda nýliðun, og þar með kynslóðaskipti, enda er meðalaldur bænda hér á landi hár og fer síst lækkandi. Rétt eins og Laxness komst að orði í Sjálfstæðu fólk, þá eru „baendurnir fjöregg þjóðarinnar og lífakkeri“. Því fer það einfaldlega ekki saman að vera með háleit markmið um íslenskan landbúnað, stefnu hans og framsýni, á meðan við tryggjum ekki tafarlaust heilbrigða nýliðun innan bændastéttarinnar.

Höfundur er framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands.



Margrét Ágústa Sigurðardóttir

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

MITSUBISHI ELECTRIC
Changes for the Better

Varmadælur Vörukaup ehf

516-2600 | vorukaup@vorukaup.is | **vörukaup**

Aktu á gæðum

MAXAM
AGRI-TRA 85

KLETTUR

REYKJAVÍK AKUREYRI 590 5100 klettur.is

LÚKAS slf.
ELDVARNIR REYKVARNIR

Brunaþéttigar - Eldvarnir - Eldvarnarmálun lukasedvarnir.com

KT: 510822-0130
Búðagerði 5, 108 Reykjavík
lukasedvarnir@gmail.com
tel:+354 760 2915

Límtré-Timbureiningar

STRÚKTÚR
Stálgind Yleininger PIR Steinull

Struktur ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |

Áhugaleikhús:

Ávaxtakarfan í Hveragerði

Eins og vani er á haustin eru áhugaleikhúsin komin á fullt og eitt þeirra, Leikfélag Hveragerðis, frumsýnir nú á dögum.

Þau tóku fyrir leikverkið Ávaxtakörfuna en það tekur á viðkvæmu efni, einelti og fordóumum. Ávaxtakarfan er þó lífleg og skemmtileg samkunda ávaxta sem búan saman í körfu eins og nafnið ber til kynna.

Sagan segir frá Mæju jarðarberi sem er lögð í einelti af hinum í körfunni af því hún er ekki ávöxtur heldur ber og því ætlað að þrífa og þjóna hinum. Immi ananas, voldugasti ávöxturinn, ætlað að

krýna sjálfan sig konung sem fer úrskelðis þegar Gedda gulrótt kemur í körfuna. Íbúar körfunnar gera sér smám saman grein fyrir því að útlit skiptir ekki máli heldur innrætið. Þetta er leikrit sem eldist vel og á erindi við alla, jafnt nú sem fyrir rúnum 20 árum er verkið var fyrst kynnt.

Leikstjórn er í höndum Gunnars Gunnsteinssonar, en hann leikstýrði Ávaxtakörfunni einnig í Óperunni árið 1998 og í Austurbæ 2005. Andrea Gylfadóttir sér um söngþjálfun.

Stefnt er að því að frumsýna laugardaginn 28. september. /sp



Drekinn á fyrstu myndinni fangaði þorpsbúann í miðjunni, en eftir eltingarleikinn er gott að fá sér hressingu.

Myndir / Einkaeign

Mikjálsmessa:

Ljósið sigrar myrkrið

Seint í september, um svipað leyti og heyskaparlok, fjárléitir og upphaf slárturtíðar, er Mikjálsmessa, sem einnig ber heitið engladagur, haldin hátíðleg.

Íslensku konungasögurnar segja frá erkienglinum Mikael undir lok tíundu aldar, þegar Ólafur Tryggvason konungur sendi þangbrand til Íslands til þess að boða kristna trú. Eða eins og má lesa í fyrsta tölublaði Almanaks Hins íslenska Þjóðvinafélags frá árinu 1884; „Á Íslandi var Mikjáll höfuðengill mjög svo tignaður í fornöld. Fyrsta messa, sem þangbrandur prestur hjelt á Íslandi, var á Mikjálsmessu, og þá sagði hann Halli á Síðu að Mikjáll væri af guði settir til þess að fara mótt sálum kristinna manna.

Mikjálsmessa, sem var numin úr lögum á Íslandi árið 1770, er þó haldin hátíðleg þann 29. september í Waldorfskólum víða um heim. Tengist hátiðin baráttu góðs og illa og byggist á baráttu og sigur erkiengilsins Mikjáls við Satan.



A milli þess að fela sig fyrir drekum er m.a. unnið við jurtalitun.



Hér blæs fundvís þorpsbúi króftuglega í lúðurinn.



Drekaleikarnir undirbúnir

Waldorfskólinn Soltúni er einn þeirra sem halda daginn hátíðlegan, en vikan sem Mikjálsmessa ber upp á verður lífsleiknivika undir nafninu Drekaleikarnir. Skólinn breytist í fjögurra daga útiskóla þar sem nemendur og kennarar halda daglega yfir í grenndarskóglum skólans í Öskjuhlíðinni. Þar fara yngri nemendur og kennarar í hlutverk þorpsbúa sem hefja vikuna að velja sér bærjarstæði, því fyrir höndum er að reisa þorp úr náttúrulegum efnivið umhverfisins. Peir eldri fá hlutverk dreka og reisa sínar drekadyngjur sveipaðir grænum skikkjum.

Kennararnir eru hver sínum bekk innan handar, sjá um að grisja efnin og kenna nemendum að nýta til húsagerðar og að auki er unnið við jurtalitun, vefnað og táglin. Einnig er kveiktur eldur á þar til gerðum hlóðum og bakað pinnabrauð, en eldað er og borðað úti þessa daga. Handverki er þannig gert hátt undir höfði og unnið í nokkrum smiðjum yfir vikuna.

Fangaðir í drekadyngju

Ekki líður á löngu þar til „þorpsbúar“ taka eftir verum í grænum skikkjum á sveimi. Og þá hefst leikurinn fyrir

Eftir Drekaleikana þyrrast allir saman, þorpsbúar, drekar og aðstandendur og fagna með áti og drykkju eins og sannar hetjur.

alvöru. Drekaleikarnir eru í raun eltingarleikur þar sem samvinna og hugrekki er í fyrirrúmi, en latir þorpsbúar hafa m.a. lent í því að vera fangaðir af dreka og lent í dyngju hans. Peir og aðrir sem hafa lent í þessum ófórum sitja svo fastir þar til aðrir þorpsbúar hætta sér nærrí og frelsa þá með því að nái í borda sem hanga í trjánum við drekadyngjurnar.

Jafnframt því að standa í baráttu við drekana leita þorpsbúar logandi ljósi að drekalúðri svokölluðum sem ber þá töfra að ef í hann er blásið verða drekarnir máttvana – þorpsbúar hafa yfirbugað þá og unnið þannig leikinn. Vanalegast fer það nú þannig að þorpsbúar fara með sigur enda er haldin hátið í þorpinu í vikulokin þar sem foreldrum og öðrum aðstandendum er boðið að fá sér (rauðrófu)sípu úr drekalyði með nýbökudum pinnabrauði.

Til viðbótar við að fagna Mikjálsmessunni taka Drekaleikarnir á þáttum á borð við félagsfærni, tillitssemi og hjálpssemi með hugrekki að leiðarljósi auk táknaðs sigurs hins gôða. Þetta er árviss viðburður sem allir hlakka til og útskrifaðir nemendur gleyma aldrei. /sp

Kínverskt veitingahús opnað á Flúðum



Hjónin Jing Xiang og Na Yang.

Mynd / Aðsend

Kínverskur veitingastaður mun bráðlega opna á Flúðum.

Fyrirtækið Xiang's ehf. hefur tekið á leigu húsnæði, sem áður hýsti Almar bakara, að Hrunamannavegi 3 á Flúðum í Hrunamannahreppi. Húsnæðið mun hýsa veitingastað kínversku hjónanna Jing Xiang og Na Yang, en þau hafa bæði starfað á Hótel Flúðum um langt árabil. Veitingastaður hjónanna mun bæta í fjölbjöðlega veitingaflóru Flúða en nú þegar er við sömu götu veitingastaðurinn Minilik, sem býður upp á eþíópískan mat. /mhh



CLT EININGAHÚS KROSSLÍMT TIMBUR

Byggingar úr CLT timbareiningum eru að ryðja sér rúms um allan heim og nú býður BYKO upp á þessa lausn. Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval af húsum hönnuð og teiknuð af Andersen & Sigurdsson arkitektum. Húsin fást öll í mismunandi stærðum og mögulegt er fyrir viðskiptavini að hafa áhrif á innra fyrirkomulag í samstarfi við arkitekt, til að mynda við stærð og fjöldu

Hafðu samband: serlausnir@byko.is

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Skírn í réttum

Skemmtilegur viðburður var í Reykjaréttum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi laugardaginn 14. september þegar ungbarn var skírt.

Það voru kúabændurnir á Reykjum, þau Bjarni Rúnarsson og Harpa Rut Sigurgeirs dóttir, sem mættu með nokkurra mánaða dóttur sína til skírnar. Fékk hún nafnið Úlfhildur Bára í höfuðið á Úlfari frænda sínum, sem kvaddi skyndilega síðasta vetur en seinna nafnið er í höfuðið á móðurömmunni. Sr. Óskar Hafstein Óskarsson í Hruna skírði Úlfhildi Báru.

Réttir eru hátiðardagur

„Það kom þannig til að dóttir fæddist í lok júní í miðjum heyskap og það er mikil að gera á sumrin og allir ættingjar og vinir á faraldfæti eins og gengur. Svo áður en við vissum af þá var farið að styttaast í réttir. Og réttir eru hér eins og víða mikill hátiðardagur og margmenni sem kemur hingað heim í réttarsúpu, svo við ákváðum bara að slá þessu saman. Séra Óskar var held ég manna spenntastur fyrir þessu fyrirkomulagi, enda mikill sauðfjárbondi sjálfur,“ segir Bjarni aðspurður um ákvörðunina um skírnina í réttunum.

„Við vorum nú satt að segja ekki bjartsýn dagana fyrir á að það yrði hægt að vera úti í réttum enda gul viðvörun og rigning í kortunum, en um morguninn var þetta sína veður svo við smöluðum gestunum út í réttir og skírðum hana undir blaktandi íslenskum fána, dásamlegum söng og kindajarmi. Svo fengu allir réttarsúpu til tilheyrandi heima í vélaskemmu sem við gerðum að veislusal og þetta heppnaðist allt saman eins og í sögu. Ég held að við gleymum þessum degi seitn og þetta verður líka skemmtileg frásögn fyrir dótturina að eiga þegar hún verður eldri,“ bætir Bjarni við.

Verður Úlfhildur sauðfjárbondi?

Þegar Bjarni er spurður hvort það segi sig ekki sjálft að Úlfhildur verði sauðfjárbondi var hann fljótur til svars.

„Hvort hún verði sauðfjárbondi í framtíðinni verður hún að ákveða sjálf. En það verður þá í einhverjum mótföróu við pabba sinn því ég hef ekki verið talsmaður þess að taka fé hér á þessum bæ þrátt fyrir mikla hvatningu úr ýmsum áttum,“ segir Bjarni hlæjandi og bætir strax við. „Annars erum við aðallega með kúabúskap, u.p.b. 60–65 kyr mjólkandi og nautakjötsframleiðslu sem hliðarbúgrein. Svo erum við í kornrækt og skógrækt og með nokkrar hænur og hesta fyrir heimilið.“ /mhh



Séra Óskar í Hruna að skíra Úlfhildi Báru. Bjarni heldur á henni undir skírn og Harpa Rut fylgist sael með.

Myndir / Aðsendar



Skírnin fór fram í fallegu og björtu veðri í Skeiðaréttum en réttirnar eru í túnfæti fjölskyldunnar, sem býr á Reykjum.



Eftir skírnina var gestum fjölskyldunnar boðið í dýrindis kjötsúpu, sem var vel við hæfi á réttardaginn.

RUMFOT.IS

**Gæða rúmföt
á góðu verði**

Nýbýlavegur 28 - Kópavogur - Sími 565-1025 - Email: rumfot@rumfot.is
Opíð 12-17.30 og 11-15.00 laugardaga.

**Sérsniðin þjónusta
að þínum þörfum**

ALLT
FASTEIGNASALA

Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is

Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

EINSTÖK UPPLIFUN



A red tractor is shown working in a field under a cloudy sky.

Umhverfis- og garðyrkjustjóri Rangárþings eystra



Rangárþing eystra óskar eftir að ráða jákvæðan og drífandi einstakling í starf umhverfis- og garðyrkjustjóra sveitarfélagsins.

Um fjölbreytt framtíðarstarf er að ræða sem krefst góðrar færni og útsjónarsemi við að viðhalda fögru umhverfi í sveitarfélagini.

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á fagurri ásýnd umhverfis í sveitarfélagini öllu með gróðri, stígagerð, lýsingu og ásýnd mannvirkja.
- Ábyrgð og forgangsröðun verkefna á opnum svæðum, leikvöllum og öðrum lendum sveitarfélagsins.
- Umsjón með verkefnum tengdum náttúru og uppbyggingu ferðamannastaða.
- Gerð áætlana og eftirfylgni framkvæmda.
- Aðkoma að stefnumótun umhverfismála og skipulagsmála sveitarfélagsins.
- Ábyrgð á vinnuskóla Rangárþings eystra, skipulagi, utanuhaldi og forgangsröðun verkefna.

Menntun, reynslu og hæfniskröfur:

- Skrúðgarðyrkjufræðingur og/eða önnur garðyrkjumenntun eða sambærileg menntun æskileg.
- Góð almenn tölvukunnáttu.
- Frumkvæði og sveigjanleiki.
- Jákvæðni í starfi og sjálfstæði í vinnubrögðum ásamt því að eiga auðvelt með að vinna í hópi.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af stjórnunarstörfum og stjórnsýslu.

Leitað er eftir öflugum og skapandi einstaklingi sem hefur áhuga á því að leggja sitt af mörkum við uppbyggingu öflugs og ört vaxandi samfélags, þar sem eru til staðar margar af fugurstu náttúruperlum landsins.

Umsóknarfrestur er til og með 15. október 2024. Umsókn skal send á netfangið: bygg@hvolsvöllur.is og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknir gilda í sex mánuði frá dagsetningu auglýsingar. Öll áhugasöm eru hvött til að sækja um starfið.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Nánari upplýsingar um starfið veita Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri (anton@hvolsvöllur.is) og Þóra Björg Ragnarsdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi (thorabjorg@hvolsvöllur.is) í síma: 488-4200.

MF 6S 135-200 HP

EINSTÖK VÉL TIL AFKASTA OG HAGRÆÐINGAR

ÓVIÐJAFNANLEG LIPURÐ

Leiðandi í sínum flokki hvað varðar snúningsradíus- aðeins 4,75 m

EINSTÖK UPPSKRIFT HVAÐ VARDAR AFL Á MÓTI ÞYNGD

Eyðslugrannur en eldsprækur 4,9 Ltr 4 strokka mótor og 500 kg léttari heildarþyngd

STYRKUR MED STÖÐULEIKA

Mikil burðar- og dráttargeta með 2,67m milli öxlá



MASSEY FERGUSON



Gagnheiði 35,
Selfossi
Sími 4800080
www.buvelar.is

Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



www.velaskolinn.is

Hannyrðir:

Vettlingar með norrænu mynstri

Vettlingar koma alltaf að góðum notum. Hvort sem er í leik eða starfi, alltaf er gott að hafa góða vettlinga að setja á hendurnar. Góð gjöf fyrir alla herramenn.

DROPS Design: Mynstur u-955

Stærðir: S/M (L/XL)

Ummál: Ca 21 (23) cm.

Lengd: ca 24 (24) cm með uppábroti á stroffi.

Garn: DROPS KARISMA (fæst í Handverkskúnst).

- 50 (50) g litur 01, rjómahvítur.

- 100 (100) g aðallitur nr. litur 55, ljósbrúnn eða litur nr. 73, bensín.

Prjónar: Sokkaprjónar nr. 3 eða sú stærð sem þarf til að fá 23 lykkjur x 32 umferðir = 10x10 cm.

Mynstur: Sjá mynsturteikningar A.1, A.2, A.3 og A.x. Veldu mynsturteikningu fyrir þína stærð. Mynsturteikning A.x sýnir hvar á að staðsetja þumalinn á hægri vettlingi. Mynsturteikning sýnir allar umferðir í mynstri séð frá réttu.

VETTLINGAR – STUTT ÚTSKÝRING Á STYKKI:





Stykkið er prjónað frá úlnlið og upp meðan aukið er út fyrir þumal. Þegar útaukning fyrir þumal hefur verið gerð til loka, setjið þessar lykkjur á þráð áður en höndin er prjónuð til loka. Í lokin er þumallinn prjónaður.

Vinstri vettlingur: Fitjið upp 48 (48) lykkjur á sokkaprjóna nr. 3 með aðallit, prjónið stroff hringinn (2 lykkjur slétt, 2 lykkjur brugðið) þar til stroffið mælist 12 cm. Prjónið 1 umferð slétt þar sem aukið er út 0 (4) lykkjur jafnt yfir = 48 (52) lykkjur. Prjónið mynsturteikningu A.1 – þegar prjónað hefur verið upp að svörtu rúðunum í mynsturteikningu, prjónið A.2 yfir þessar 3 lykkjur. Haldið áfram að prjóna eftir mynsturteikningu A.1 og A.2 (auknar eru út lykkjur í A.2). Eftir síðustu umferð í A.2, eru 11 lykkjur í A.2 – setjið þessar lykkjur á þráð. Í næstu umferð eru fitjaðar upp 3 lykkjur þar sem lykkjur voru settar á þráð = 48 (52) lykkjur í umferð. Prjónið síðan eftir A.1 yfir allar lykkjur. Þegar mynsturteikningin hefur verið prjónuð til loka eru 8 lykkjur eftir í umferð. Klippið frá, þraðið þráðinn í gegnum lykkjurnar og festið vel.

Pumall: Setjið 11 þumallykkjur frá þraði á sokkaprjóna nr. 3. Byrjið umferð með því að prjóna upp 9 lykkjur á bakhlið á þumli (takið upp 2 lykkjur í horri hlið, 5 lykkjur í 3 lykkjurnar sem fitjaðar voru upp) = 20 lykkjur.



DROPS DESIGN®
www.garnstudio.com



Mynstur

= litur natur

= grunnlitur

= á milli 2 lykkja er slegið 1 sinni
upp á prjóninn með grunnlit

= takið 1 lykkju með litnum natur af prjóni eins og prjóna eigi slétt, prjónið 1 lykkju slétt með litnum natur og óprjónuðu lykkjunni yfir prjónuðu lykkjuna

= prjónið 2 lykkjur slétt saman með litnum natur

= takið 1 lykkju með litnum natur óprjónaða eins og prjóna eigi hana slétt, prjónið 2 lykkjur slétt saman með litnum natur og steypið óprjónuðu lykkjunni yfir prjónuðu lykkjuna

Prjónakveðja,
stelpurnar í Handverkskúnst
www.garn.is

Fylgdu straumnum.

Eigum gott úrvall
nýlegra rafmagnsbíla
á frábæru verði.



Benni
Notaðir bílar

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.

Hyundai Kona Style 64kW
Verð frá 3.190.000 kr.



Meira úrvall á
notadir.benni.is



Bílabúð Benni
Krókháls 9
Reykjavík
590 2035

Bílabúð
Benni
Notaðir bílar

A.3

A.2

„fæ mér jörð og fer að búa“

Orðsins list kemur að þessu sinni frá Theodóru Thoroddsseni.

Hún fæddist árið 1863 að Kvennabrekku í Döllum. Foreldrar hennar voru Guðmundur Einarsson og Katrín Ólafsdóttir. Theodóra var yngst þriggja af fjórtán systkinum sem náðu fullorðinsalda. Hin tvö voru Ásthildur Jóhanna, síðar Thorsteinsson (móðir m.a. Guðmundar Thorsteinsson (Muggs)), og Ólafur Sívertsen.

Theodóra lauk prófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík. Árið 1884 giftist hún Skúla Thoroddssen, sýslumanni og alþingismanni. Þau bjuggu fyrst á Ísafirði en síðan í nokkur ár á Bessastöðum á Álfanesi, þar til þau fluttust til Reykjavíkur árið 1908, en þar átti Theodóra heima upp frá því. Þau eignuðust 13 börn á 22 árum.

Theodóra hafði jafnan mikinn áhuga á þjóðmálum og beitti sér í bókmennta- og menningarlífi. Hún var m.a. í Lestrarfélagi kvenna Reykjavíkur þar sem hún flutti verk sín. Þau birtust fyrst í Mánaðarritini í handriti.

Hún sinti ritstörfum alla tíð í hjáverkum og einkum eftir miðjan aldur. Þekktust er Theodóra fyrir þulur sínar, en þær birtust fyrst í Sumargjöfinni 1905 og svo í Skírni árið 1914 ásamt formála hennar og umfjöllun um þulur sem tegund skáldskapar.

Þulur komu út árið 1916 og í annarri útgáfu með viðbótum árið 1938. Sú útgáfa hefur verið endurþrentuð nokkrum sinnum.

Ritsafn Theodóru kom út árið 1960 í útgáfu Sigurðar Nordal. Þar kennir margra grasa. Má þar auk umfjöllunar um skáldkonuna nefna þulur hennar, kvæði og stökur, vísnabætti, endurminningar, frásagnir af mönnum og málefnum, drauma og dulspeki og nokkrar þyddar þjóðsögur.

Sigurður Nordal lætur að því liggja í Ritsafni að sjálf hefði hún getað orðið ein af merkstu brautryðjendum á svíði þjóðmála en þess í stað kosið að styðja eiginmann sinn



Theodóra Thoroddssen.

á þeim vettvangi. Sömuleiðis hafði hún burði til að verða mikilvirk skáldkona hefði gefist til þess svigrúm.

Theodóra lést árið 1954. /sá

.... Frú Hildur bjó sig í snatri, og svo lögðu þau af stað hjónin.

Fram að Fossi var hæg klukkutíma reið, en kaupmannshjónin voru víst fulla tvo tíma að komast þangað. Geir kaupmaður tók ekki í mál að fara nema fetið, og fannst sjálfsgat að fara oft af baki til að ofþjaka ekki skepnunum, og konan lét hann alveg einráðan um það.

Að Fossi bjó ungur bóndi, er Jón hét.... Geir kaupmaður lauk nái erindi sínu við Jón bónda.

Síðan gengu hvortveggju hjónin út á tún. Var bóndi laundrjúgur yfir nýbyggðri hlöðu, sléttum og girðingum, sem hann hafði unnið ábýlisjörðinni til bóta, og húsfreyja kallaði á kálfana sína, heimalningana og kjúklingana, til að sýna þá.

Annar litli snáðinn spurði hvort konan ætti ekki að fá að sjá hvolpinn hennar Snotru, og hinn vildi, að hún væi gráa kettlinginn hennar kisu.

Það var komið undir kvöld, er þau kaupmannshjónin héldu heimleiðis frá Fossi. Varð þeim

á leiðinni tíðrætt um, hve allt hefði verið myndarlegt þar,

hvað hjónin hefðu verið ánægjuleg og hvað þau hefðu

lítið hýrt hvort við öðru.

„Eg hætti þessu prangi og

fæ mér jörð og fer að búa,“ sagði Geir kaupmaður, „bað er eitthvað annað, að vera í næði í sveitinni, geta legið úti á túni og þurfa ekki að standa og tala við hvern mannhund sem kemur, eins og maður verður að gera í þessum kaupstaðarholum.“

„Pað kemur nú fyrir, að gesti ber að garði í sveitinni,“ sagði frú Hildur, „við höfum nú, til dæmis, tafið Fosshjónin frá verki í allan dag.“

„Eg myndi nú láta þig um að skemmta gestunum, kona góð.“

